

KANSLARI Í KLÍPU >30



Á TÓNLEIKUM MEÐ OMAM >26

Plús vikunnar

4ra stjörnu frí

Allt innifalið

Verð frá 69.990 kr.

plús

FERDIR

www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

23. maí 2015

120. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

STRÁKUR? INTERSEX? STELPA?

Tvö til þrjú intersex börn fæðast árlega á Íslandi og oft eru gerðar ónaðsynlegar aðgerðir á þeim í þeim tilgangi að „laga“ þau þannig að þau falli betur að hugmyndum samfélagsins um kyn. Móðir sem lét framkvæma slíka aðgerð á dóttur sinni þegar hún var ungbarn segist enn sjá eftir því í dag. > 22




NORDICPHOTOS/GETTY



STJÖRNUR Í SVEITINNI

Bændurnir í Bárðardal sáu um að leikstýra kindunum í kvikmyndinni Hrútum. > 28



Minning
HALDÓR
ÁSGRÍMSSON

> 32



PEKKJA STRESSIÐ

Reynsluboltar í Eurovision tjá sig um frammistöðu Maríu.

> 64



LYFJA
- Lífið heil


www.lyfja.is

Opið 8-24

Hvítasunnudag og annan í hvítasunnu
í Lyfju Lág múla og Smáratorgi



VEÐUR



Sunnan- og suðvestanstrekkingur og víða vætusamt í dag. Hljýjast norðaustanlands þar sem hiti getur náð 13 stigum. Hiti annars 5 til 10 stig.

SIÐU 46

GLEÐIFRÉTTIN

Ný búsetuúrræði

Brynja, hússjóður Öryrkjabandalagsins, ætlar að reyna að koma til móts við leigjendur sem eiga gæludýr og finna þeim ný búsetuúrræði. Leigjendur höfðu mótmælt ákvörðun hússjóðsins um að framfylgja reglum sínum um almennt bann við gæludýrahaldi í íbúðum hans. Íbúarnir sögðu bannið veða að heilsu þeirra og velferð.



FIMM Í FRÉTTUM: FRUMLEGUR MÁLARI OG PRAUTSEIGUR LÖGMAÐUR



Axel Valur Davíðsson, eða PErró, malar myndir með typpinu. „Ég held ég sé eini karlkyns listmálarastrippari á landinu,“ segir hann. Hann malar yfirleitt andlitsmyndir af verðandi brúði eða afmælisbarni. Axel mætir bæði í afmæli og í gæsanir þar sem hann malar mynd af gæsinni.



Tim Ward hefur verið ráðinn lögmaður í máli Breta og Hollendinga gegn Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. EFTA-dómstóllinn mun taka afstöðu til spurninga Breta og Hollendinga varðandi Icesave í máli sem höfðað er fyrir íslenskum dómstólum.



Margrét Einarsdóttir, lektor við laga-deild Háskólans í Reykjavík, starfar með stýrihópi um framkvæmd EES-samningsins sem forsætisráðuneytið skipaði í fyrra. Margrét segir stjórnvöld vera meðvituð um það hversu hægt Íslendingum gengur að innleiða löggjöf Evrópusambandsins. Ástæðurnar fyrir töfunum eru einkum fjórar en mjög ólíkar.



Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra hefði kosið að verkefnisstjórn rammaáætlunar fjallaði um virkjanir í Þjórsá. Hún er ekki tilbúin að lýsa yfir stuðningi við tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingar á „Ramm-anum“. Mikil og hörð átök hafa verið um málið á Alþingi í vikunni.

María Ólafsdóttir steig á sviðið í Vín á fimmtudagskvöld og flutti framlag Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Þrátt fyrir að hafa ekki komist í úrslitakeppnina, sem fram fer í kvöld, var María okkur Íslendingum til mikils sóma.



FYRSTI BÆRINN Lækjarkot er fyrsta húsið á svæðinu á eftir Dómkirkjunni.

Munu vinna í uppgreiftri við Lækjargötu fram á sumar: **Grafa upp leifar Lækjarkots**

BYGGÐAMÁL „Við byrjuðum uppgröft á mánudaginn og verðum hér í rúmar fjórar vikur,“ sagði Lísabet Guðmundsdóttir fornleifafræðingur, sem stýrir fornleifauppgreiftri við Lækjargötu um þessar mundir.

Framkvæmdir munu eiga sér stað á reitnum en þar á að rísa hótél. „Það var vitað að á staðnum var hús kallað Lækjarkot. Það var reist árið 1799 og var torfhús. Þetta var fyrsta býlið á staðnum fyrir utan dómkirkjuna,“ sagði Lísabet.

„Húsið var svo rífið árið 1887 og þá var reist þar timburhús sem var smíðja og geymsla.“

Lísabet segir uppgröftinn hafa gengið vel, þau hafi sloppið vel með veður en vonast til að sólin skíni á þau næstu vikurnar.



BJARNI BENEDIKTSSON Búast má við að Alþingi sitji lengur fram á sumarið en áætlað var þar sem fjármálaráðherra boðar frumvarp um afnám gjaldeyrishafta.

Bjartsýni á boðað frumvarp um höft

Gert er ráð fyrir að frumvarp um losun hafta verði birt í næstu viku. Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs fagnar því. Hann segir að langtímaáhrif verði tvímælaust jákvæð. Kjaradeilur gætu hins vegar haft áhrif til skamms tíma.

EFNAHAGSMÁL „Það er klárlega fagnaðarefni að menn séu búnir að tilkynna um að þetta frumvarp birtist í næstu viku,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, boðar að frumvarp um afnám hafta verði birt í næstu viku.

Frosti segist þökkalega bjartsýnn á frumvarpið.

„Stjórnvöld hafa talað fyrir því að horfa til heildarhagsmuna og vinna út frá því að allir sitji við sama borð, hverjir sem þeir eru,“ segir Frosti. Þetta eigi við um lífeyrissjóði, fyrirtæki, almenning, almenna fjárfesta og kröfuhafa. „Það teljum við vera rétta nálgun,“ bætir hann við.

Frosti segir Viðskiptaráð þó ekki geta spáð um útfærsluna á frumvarpinu frekar en aðra.

„En ég myndi að minnsta kosti segja að við vonuðumst til að það verði stór skref stigin í þessu og framvindan verði hröð. Að við séum ekki að horfa á áætlanir um afnám í of mörgum skrefum eða yfir of langt tímabil,“ segir Frosti.

Heilt yfir og að því gefnu að frumvarpið sé trúverðugt þá segir Frosti að gera megi ráð fyrir að viðbrögðin verði frekar jákvæð en neikvæð.

„Út frá langtímasjónarmiðum, þá myndi ég telja að viðbrögðin yrðu ótvírætt jákvæð að því gefnu að þetta sé trúverðug áætlun. Út frá skammtímasjónarmiðum þá er auðvitað ákveðin óvissa út frá því hvernig spilast úr á vinnumarkaði,“ segir hann. Að sögn Frosta er hagkerfið

Óvíst hve lengi þingið starfar



Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að á þessari stundu sé ekki hægt að segja hversu lengi fram á sumarið þingið mun starfa. Samkvæmt starfsáætlun var gert ráð fyrir að þingi myndi ljúka í lok næstu viku. Einar lýsti því aftur á móti yfir á þingfundi í gær að starfsáætlunin væri ekki lengur í gildi.

„Það er mín niðurstaða og forsætisnefnd var alveg sammála mér í því mati að það væri óraunhæft að við gætum staðist þessa starfsáætlun. Þingið þyrfti að ætla sér lengri tíma,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið.

Auk rammaáætlunar, sem nú er tekist á um á Alþingi, er allmikill fjöldi þingmála óafgreiddur. „Hins vegar er ljóst að boðað hefur verið frumvarp vegna gjaldeyrishaftanna og ég hef trú á því að það sé skilningur á því að það sé eitt af þeim málum sem þurfi að skapa rými fyrir í dagskránni,“ segir hann.

Einar segist vonast til þess að á næstu dögum skýrist málin þannig að hægt verði að búa til áætlun um þann tíma sem þingið mun starfa.

berskjaldaðra gagnvart óstöðugleika við afnám hafta. Þeim mun mikilvægara sé að sýna ábyrga hagstjórn.

„Það á við bæði um stjórnvöld, seðlabanka og aðila vinnumarkaðarins. En fórnarkostnaðurinn við það að halda þessum höftum áfram er miklu hærri en sá kostnaður sem fælist í mögulegum tímabundnum óstöðugleika.“

Aftur á móti býst Frosti ekki við hruni íslensku krónunnar við afnám.

„Nei, það þyrfti allavega að vera mjög ótrúverðugt frumvarp um afnám hafta og framtíðarframvindu til þess að það myndi valda hruni á gengi gjaldmiðilsins. Vegna þess að þegar við horfum á helstu hagstærðir

Einangrun vegna plássleysis: Kvinnafangelsi lokað í gær

FANGELSISMÁL Kvinnafangelsið er í niðurníðslu og húsið verður líklega rífið. Því hefur verið lokað, síðasti fanginn var fluttur þaðan út í gær í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og er í einangrun vegna plássleysis.

„Hún var að hringja í mig grátandi. Hún er í einangrun þar svo hún hitti ekki einhverja barnanióðing. Eigum við að ræða þetta?“ spyr Rósa Jónsdóttir, móðir ungu konunnar sem var flutt úr fangelsinu í gær í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. „Þeir vita ekki hvað þeir eiga að gera við hana,“ segir Rósa um svör frá Fangelsismálastofnun.

Forsetakosningar í Póllandi: Komorowski á sigur ekki vísan

PÓLLAND Bronislaw Komorowski forseti virðist ætla að tapa fyrir Andrzej Duda í seinni umferð forsetakosninga, sem haldnar verða á morgun.

Að minnsta kosti sýna skoðanakannanir að mjótt sé á muninum, sem einnig þýðir að stjórnarflokkur Komorowskis getur ekki reiknað með auðveldum sigri í þingkosningunum sem haldnar verða í haust.

Duda er frambjóðandi Laga og réttlætis, flokks tvíburanna Lechs og Jaroslaws Kaczynski, og var um tíma forseti en Jaroslaw forsætisráðherra.

Mallorca

Sólarprís fyrir börnin

Frítt flug fyrir fyrsta barn!*

50% afsláttur fyrir annað og þriðja barn*

Þökkum fráþærar viðtökur og framlengjum tilboðið um nokkra daga.

Sjá nánar á vita.is *2ja - 11 ára

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

Fórnarkostnaðurinn við það að halda þessum höftum áfram er miklu hærri en sá kostnaður sem fælist í mögulegum tímabundnum óstöðugleika.

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

og kringumstæður í hagkerfinu þá eru allar forsendur til að létta höftum,“ segir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

jonhakon@frettabladid.is

SPRENGI VIKA

21. – 25. maí í
Húsasmiðjunni
og Blómavali

Á hvítasunnudag er Blómaval opið í Skútuvogi frá 11 – 19



20% afsláttur af
Broil King, Outback
og Beef Eater grillum
og grillvörum

Broil King

OUTBACK

Beef Eater

20% afsláttur af
Author reiðhjólum



Electrolux

Gámasala á
Electrolux þvottavélum

Verð frá 56.900 kr.

20% afsláttur af
öllum sumarblómum



Á hvítasunnudag er Blómaval opið í Skútuvogi frá 11 – 19

Opnunartímar í Húsasmiðjunni og Blómavali á öðrum í hvítasunu:

Skútuvogi 10 – 18 (Blómaval lokar 19) | Grafarholti 10 – 18 | Hafnarfirði 12 – 17 | Akureyri 11 – 15 | Selfossi 11 – 15 | Reykjanesbæ 11 – 15

18.05.2015 → 24.05.2015

5 AF 7 MÖRKUM HEFUR GYLFI PÓR SIGURÐSSON, leikmaður Swansea, skorað á móti 6 efstu liðum ensku úrvalsdeildarinnar.

7.500 RAFMAGNSBÍLAR verða á götum Akureyrar þegar markmiði um kolefnishlutlausan bæ verður náð.

STJÓRNARFRUMVÖRP eru óafgreidd á yfirstandandi þingi en **42** hafa verið samþykkt. **7.200 skjöl** **BIÐU PINGLÝSINGAR** hjá sýslumanninum í Reykjavík; meirihluti þeirra tengist fasteignaviðskiptum.

1.700 tonn af langreyðarkjöti í lestum skipsins Winter Bay í Hafnarfjarðarhöfn vöktu deilur um hvalveiðar.

6.000 sýni höfðu verið fryst í kælskápum Landspítala í vikunni vegna verkfalls BHM. **310 tonn** af eldisporski var slátrað í fyrra en **1.800** tonn var slátrað þegar mest var 2009.



ÓSÁTT Aldís Hafsteinsdóttir er bæjarstjóri í Hveragerði.

Ítrekun frá Hveragerði:

Húsmæðraorlof er tímaskekkja

SVEITARSTJÓRNIR Orlofsnefnd húsmæðra hefur sent Hveragerðisbæ reikning upp á tæplega 246 þúsund krónur sem á að vera framlag bæjarins til húsmæðraorlofs á þessu ári. Bæjarráðið fagnaði ekki reikningnum.

„Bæjarráð ítrekar fyrri bókunir sínar vegna þessa máls og lýsir enn og aftur furðu sinni á þeirri tregðu löggjafarvaldsins að afnema lög um húsmæðraorlof sem að flestra mati eru fullkomlega úr takti við nútímann og ekki síður á skjön við gildandi lög um jafnrétti kynjanna,“ segir í bókun.

Safna fyrir geðsvið spítalans:

Þúsund hjóla hringveginn

SAMFÉLAGSMÁL Um þúsund manns hafa skráð sig til leiks í WOW Cyclothon sem fer fram dagana 23. til 26. júní. Það er metþátttaka. Markmið leikanna er að hjóla til styrktar Batamiðstöð á geðsviði Landspítalans á Kleppi.

Þátttakendur hjóla hringinn í kringum Ísland, um Hvalfjörð og yfir Öxi á 72 klukkustundum.

Í fyrra söfnuðust 15 milljónir króna til tækjakaupa fyrir bæklunarskurðeild Landspítalans.

Fötlun íbúa skiptir ekki máli

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, reiddist vegna umræðna á fundi í Seljahverfi um íbúðakjarnann að Rangárseli 16-20. Nágrannar hafa áhyggjur og spyrja hvort þeir verði öruggir.

SAMFÉLAG „Íbúar höfðu fengið upplýsingar fyrir fund þeirra að í íbúðakjarnanum að Rangárseli 16-20 yrði ekki athvarf fyrir fíkniefnaneytendur. Þær upplýsingar var ég búin að veita í gegnum vef íbúanna. Þeir fengu jafnframt upplýsingar um það á fundinum að fíkniefnaneytendur væru ekki markhópurinn.“

Þetta segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sem sat fund íbúa í Seljahverfi í Seljakirkju í vikunni ásamt fleiri borgarfulltrúum. Íbúarnir boðuðu til fundarins til þess að ræða hvers eðlis starfsemin yrði á vegum yfirvalda í kjarnanum. „Ég kom þangað til að hlusta en ákvað að taka slaginn til að tryggja rétt fólks til heimilis í samfélagi við aðra. Þarna eru fimm íbúðir sem ætlaðar eru fólki sem þarf talsverða þjónustu. Þrátt fyrir upplýsingar sem íbúar höfðu fengið voru þeir búnir að álykta að þarna yrði fólk með ógnandi hegðun og í fíkniefnaneyslu. Það var fyrirfram búið að mótmæla veru þessa fólks. Starfsmaður kjarnans hafði á orði að það væri aldrei hægt að koma í veg fyrir að fólk neytti fíkniefna, hvorki þarna né annars staðar,“ segir Björk sem reiddist á fundinum.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kveðst í færslu á Facebook ekki taka undir með þeim sem gagnrýnt hafi fundarhaldið enda mikilvægt fyrir borgarfulltrúa að fá að heyra sjónarmið íbúa milliliðalaust í svo viðkvæmu máli. Hann bendir á eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks á fundi borgarráðs:

„Um árábil hefur verið rekin íbúðakjarni fyrir fatlað fólk að Rangárseli 16-20 í góðri sátt við íbúa hverfisins. Nú standa yfir breytingar á fyrirkomulagi í húsinu



ÍBÚÐAKJARNI Veittar voru upplýsingar fyrir fund íbúa í Seljahverfi um að ekki yrði athvarf fyrir fíkniefnaneytendur í Rangárseli 16-20.

og er meðal annars gert ráð fyrir breytingum á íbúahópi þess. Óskað er eftir upplýsingum um þessar breytingar og hvort þær áhyggjur íbúa hverfisins sem fram komu á opnum íbúafundi í Seljakirkju 20. maí síðastliðinn, hvort þarna verði íbúar sem með einhverjum hætti geti talist ógn við umhverfi sitt, eigi við rök að styðjast.“

Björk segist aldrei hafa mótmælt fundinum. Fólk eigi auðvitað rétt á að fá upplýsingar og sjálfsagt sé að halda fund.

„Ég mótmælti hins vegar að kirkjan skyldi notuð í þessum tilgangi þegar svo virtist vera sem gefnar upplýsingar skiptu ekki máli, heldur að tala niður íbúana. Það skiptir ekki máli hvaða fötlun eða veikindi hrjá fólk þarna frekar en annars staðar. Ef svo er getum við farið að gefa út sjúkdómsgreiningar eftir heimilisföngum fólks,“ segir Björk.



KJARTAN MAGNÚSSON



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Haft hefur verið eftir nágrönnum að heimsóknir lögreglu að íbúðakjarnanum hafi verið tíðar. Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri segir slíkt undantekningatilvik. „Ég hef heimildir fyrir því að útköll þarna séu ekki fleiri en í öðrum hverfum í Reykjavík.“

Í bréfi frá velferðarsviði til yfirmanns á lögreglustöðinni í Kópavogi, sem einnig sinnir Breiðholti, er nefndur mögulegur fíkniefnavandi íbúa, að því er DV greinir frá. „Bréfið var sent til upplýsinga um hver aðkoman að húsinu væri,“ segir Stefán.

Um mögulegan fíkniefnavanda segir hann: „Það er enginn íbúi sem er þarna núna í þeirri stöðu. Markhópurinn er ekki fíkniefnaneytendur.“

ib@frettabladid.is

Lögregla lokaði íslenska sýningarskálanum á Feneyjatvíæringnum í gær:

Listin ýtir alltaf á ákveðin mörk

MENNING „Við höfum verið í svona fram og til baka samtali við yfirvöld í Feneyjum sem endaði með þessari afdrifaríku ákvörðun,“ segir Björg Stefánsdóttir, forstöðukona Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Lögreglan í Feneyjum lokaði Fyrstu moskunn, framlagi Íslands til Feneyjatvíæringins í ár. Slökkviliðsmenn voru kallaðir á vettvang til að vísa gestum úr byggingunni.

Björg segir að aðgerð borgaryfirvalda í Feneyjum vekir ýmsar spurningar um hvað sé hluti af listaverkinu og hvar mörk listarinnar liggja.

„Þetta er spurning um ritskoðun. Hver er það sem ákveður hvað myndlist er?“ spyr Björg.

„Ég tengi þetta við borgarstjórnarkosningarnar sem eru á næstunni. Þarna eru pólitísk öfl að reyna að nýta sér listina til að ná sér í atkvæði,“ segir Unnar Örn Auðarson myndlistarmaður.

„Listin ýtir auðvitað alltaf á ákveðin mörk, sama hvort það er pólitísk eða smekkur fólks. Rök borgaryfirvalda fyrir lokuninni eru að þarna sé ekki á ferðinni list,“ segir Unnar en erfitt er að meta hvað sé list og hvað ekki.



MOSKAN Er sögð pólitískt bitbein í Feneyjum.

MYND/SNORRI ÁSMUNDSSON

„Þetta er auðvitað framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum og verk eftir Christoph Buchel og getur því ekki verið neitt annað en list, sama hvernig viðkomandi öfl reyna að sannfæra fólk um að þetta sé eitthvað annað.“

Unnar segir að yfirstjórn Feneyjatvíæringins verði nú að bregðast við þessu en um ekkert nema ritskoðun sé að ræða.

COMBI-CAMP

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



Nýi besti vinur þinn?

> **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.**

Mest seldi smábíll Evrópu
Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum
3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar
Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar
Einstaklega rúmt farangursrymi (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð
Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna • Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel
ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn • Ofnæmisprófuð efni í innréttingu • Fáanlegur sjálfskiptur
5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

BHM fær peninga frá SFR: Alvarleg staða krefst samstöðu

STÉTTARFÉLÖG „Sú alvarlega staða sem komin er upp á vinnu- markaði kallar á ríka samstöðu stéttarfélaganna og bandalaga,“ segir SFR – stéttarfélag í almannatölvunum sem í gær gaf BHM 15 milljónir króna.

„Ríkisvaldið og Samtök atvinnulífsins hafa sýnt af sér fádæma getuleysi í að koma fram með trúverðugum hætti í yfirstandandi kjaraviðræðum. Í þessari stöðu þarf launafólk að standa saman,“ segir SFR. -gar

Formaður samninganefndar Bandalags háskólamanna segir að staðan sé betri eftir gærdaginn:

Vilji til að halda verkfallsaðgerðum áfram

KJARAMÁL „Ég tel að við séum betur sett eftir daginn,“ sagði Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, eftir fund samninganefndarinnar og fulltrúa ríkisins í gær.

„Við erum að vinna í málinu en hvort það dugur, það kemur svo í ljós.“

Ríkið lagði fram drög að tilboði í gær sem BHM mun skoða og er svara að vænta á fundi samninganefndarinnar og ríkisins hjá ríkissáttarsemjara í dag.

BHM hélt um 500 manna baráttufund í Rúgbrauðsgerðinni í gær þar sem farið var yfir stöðu mála.

„Verkfall hefur staðið yfir í rúmar sex vikur,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

„Það er erfitt að vera í verkfalli og við viljum sýna og sanna fyrir okkur sjálfum auðvitað og öllum öðrum að það er mikil samstaða í hópnum,“ sagði hún. „Hér er fullt út úr dyrum,



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR



PÁLL HALLDÓRSSON

góður andi og mikill vilji til að halda aðgerðum áfram eins lengi og þörf krefur. Þetta getur

tekið langan tíma en það er líka hægt að leysa þetta hratt og örugglega ef það er vilji til þess báðum megin við borðið.“

Viðmælendur fréttastofu á fundinum voru afar svartsýnir á ástandið en margir félagsmenn eru orðnir langþreyttir á ástandinu.

Sum þeirra íhuga uppsögn vegna of lágra launa og mikils álags í vinnu ef ekki næst að semja um viðunandi launakjör.

- lvp / srs



VERND Hjálmar notist ekki bara á hjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gætu náð miklum sparnaði: Leyfa fækkun dreifingardaga

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur lagt fram drög að reglugerðarbreytingu sem heimilar póstdreifingaraðilum að fækka póstdreifingardögum.

Samkvæmt könnun Póst- og fjar-skiptastofnunar taldi meirihluti notenda pósthjónustu ekki þörf á fimm daga pósthjónustu auk þess sem fjöldi bréfasendinga hefur dregist mikið saman á undanförunum árum. Talið er að fækkun dreifingardaga gæti lækkað kostnað um 200 milljónir króna. - srs



TJÖRNES Bakki við Húsavík þar sem kísilmálmverksmiðja PCC á að rísa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Breyta lögreglusamþykkt: Hjálmar á höfði 15 ára og yngri

KÓPAVOGUR „Börn yngri en fimmtán, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum og þess háttar skulu almennt nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað,“ segir í ákvæði lögreglusamþykktar Kópavogs, sem bæjarráð samþykkti að breyta. -jhr



JOHN KERRY Setur hafið á oddinn. MYND/NORÐURLÓÐARÁÐIÐ

Ræddu málefni norðurslóða: Vilja leiða með Bandaríkjunum

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, áttu fund í Washington á fimmtudag og ræddu samskipti þjóðanna, varnar- og öryggismál og málefni norðurslóða.

Gunnar Bragi sagði Íslendinga vilja vera ásamt Bandaríkjamönnum í fararbroddi í vinnu Norðurskautsráðsins um málefni hafsins. Bandaríkin tóku við formennsku í ráðinu í apríl. Áhersla þeirra á hafið vekur spurningar um hvalveiðar Íslendinga. Áréttaði Gunnar Bragi á fundinum að skiptar skoðanir ríkjanna vörpuðu ekki skugga á annað samstarf þeirra. - kbg

Akureyri leggst gegn nýju umhverfismati

Landvernd hefur sent bréf til Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir nýju umhverfismati á raflínunum Landsnets til Bakka. Akureyrarkaupstaður telur tillöguna skaða Norðurþing og koma allt of seint fram. Þar þurfi að hefja uppbyggingu.

ORKUMÁL Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar segir kröfu Landverndar um nýtt umhverfismat fyrir raflínur Landsnets frá Peistareykjum við Kröflu að Bakka á Húsavík til þess fallna að valda samfélaginu í Norðurþingi skaða.

Guðmundur Ingi Guðbrands-son, framkvæmdastjóri Landverndar, segir öruggt að kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka þurfi 58 megavött af raforku. Það sé um tífalt minni raforkuþörf en þegar álvershugmyndir voru uppi á svæðinu.

„Það er í raun sérkennilegt að saka okkur um að gera eitthvað rangt í þessum efnunum. Sveitarfélögin hefðu átt að sjá sóma sinn og hag í því að sækja um nýtt umhverfismat á sínum tíma þegar vitað var að álver myndi ekki rísa á svæðinu,“ segir Guðmundur. „Ég

vísa því alfarið ábyrgðinni yfir á sveitarfélögin.“

Bæjarstjórn Akureyrar segir Landvernd koma allt of seint með málið nú þegar framkvæmdir séu við það að hefjast við fyrsta áfanga verksmiðju PCC. Það umhverfismat sem liggur nú fyrir er frá árinu 2010 og miðast við mun stærri framkvæmdir en nú er stefnt að í fyrsta áfanga.

„Hafa ber einnig í huga að uppbygging raflínunnar er mikilvægur liður í að styrkja flutningskerfi raforku á Norðausturlandi. Krafa Landverndar um nýtt umhverfismat er því til þess fallin að valda samfélaginu í Norðurþingi og nágrenna- byggðum skaða,“ segir í bókun sem var samþykkt með tíu atkvæðum í bæjarstjórn. Fulltrúi VG sat hjá.

Logi Már Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Akur-



GUÐMUNDUR INGI GUÐBRANDSSON



LOGI MÁR EINARSSON

eyrar, segir það skipta miklu máli að uppbygging geti hafist í Norðurþingi.

„Sterk nágrennasveitarfélög skipta Akureyri miklu máli og þar er Norðurþing ekki undanskilið. Atvinnuuppbygging á Bakka hefur jákvæð áhrif á byggðapróun á öllu svæðinu og þess vegna vildum við láta í okkur heyra,“ segir Logi Már Einarsson. sveinn@frettabladid.is



Nicorette® QuickMist munnholsúðinn

virkar á 60 sek.

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhrarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.



2 pakkningastærðir:
1 stk. og 2 stk.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkóhól, innan við 100 mg af etanólí/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Skammtar: Hættu skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem aldrei hafa reykt. Varnaband: Reykingafólk með nýlegt hjartaþrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), ávarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmsjúgu eða ósakiáða, eru með skerta lífrar- eða nyrnastarfsemi, sykursyki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, kromfíklæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirtæð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. Aðgát í návist barna: Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir líflum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðganga og brjóstgjöf: Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fosturs og hefur áhrif á ondunarhræfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstmjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/NIC2014-12-Q-1

**TAX
FREE
DAGAR**

ENN BETRA VERÐ!

**ÖLL REIÐHJÓL OG HJÓLAAUKAHLUTIR
ÁN VIRÐISAUKASKATTS* DAGANA 21.-25. MAÍ**

*Ný sending
af hjólum!*

28"
**CRONUS
CITY BIKE LADY**
vnr. 917504
~~49.900~~
40.239



SPIDERMAN
16"
Spiderman
vnr. 887985
~~29.900~~
24.111



FROZEN
14"
Frozen
vnr. 932101
~~26.900~~
21.692
16"
vnr. 932102
~~29.900~~
24.111

*Flottir hjálmur
í fullorðs- og
barnastærðum*



*slöngur á góðu verði
879kr*



SIXSIXONE
Hjálmur
6.999

**FRÍ
HEIMSENDING**

**FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI**

**VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS**

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Allt vörurvalið er fáanlegt í Smáralind og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu.
** Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá víðurkendum fagaðila.

Glaesilegar
útskriftar-
gjafir fyrir
dömur



ASA HÁLSMEN
19.300 kr.

ASA LOKKAR
7.800 kr.



Daniel Wellington
29.800 kr.



MICHAEL KORS
43.700 kr.



MICHAEL KORS
57.500 kr.



ARNE JACOBSEN
64.900 kr.

Kíktu á úrvalið
í vefversluninni
á michelsen.is



Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is



1

FLÓTTAMENN Í INDÓNESÍU Flóttamenn frá Búrma þvo sér í bráðabirgðabúðum í Bayeunþorpi í Aceh-héraði í Indónesíu. Flóttafólkið er af ættflokki Rohingya-múslima, sem sæta ofsóknum í Búrma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



2

SPRENGJUÁRÁS Í SÁÐI-ARABÍU Í bænum Katif við strönd Persaflóa, þar sem íbúarnir eru flestir sjá-múslimar, virðir þessi maður fyrir sér skemmdirnar í mosku, sem varð fyrir sprengjuárás í gær. Sjálfsvígðsárarmaður sprengdi sig í loft upp meðan föstudagsbænir stóðu yfir. Að minnsta kosti fjórir létust. NORDICPHOTOS/AFP

ÁSTAND
HEIMSINS



Gæðakerrur fyrir öll tækifæri
- mikið úrval aukahluta

Frá
169.000,-
m/vsk

Garð- og tómskundakerrur

Kerrur með frábæra akstursegginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmöggleika kerrunnar.



Frá
1.025.000,-
m/vsk



Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

- Allar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
 - Verkfærakassa á dráttarbeislinu
 - Rúma tvö samhliða Euro-bretti
 - Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur

Frá
1.350.000,-
m/vsk



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070 - info@toyota.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00



3

FLUTNINGAR Í PALESTÍNU Notuð heimilistæki eru þarna flutt á frekar líttilli bifreið á Gasasvæðinu.

NORDICPHOTOS/AFP



4

PURRKUR Á INDLANDI Hitinn á Indlandi er víða yfir 40 gráður þessa dagana, með tilheyrandi þurrkum og vatnsskort. Maður á ferð notar regnhlíf til að skýla sér fyrir brennheiti sólinni.

NORDICPHOTOS/AFP



HYUNDAI

#hjóladaður



Hjóladaður Hyundai í dag!

Mættu með fólkið þitt kl. 12 í Kaupþún – beint á móti IKEA

Taktu fjölskylduna með eða skemmtilegan vin á hjóladað Hyundai sem skipulagður er í samstarfi við Hjólreiðafélagið Bjart.

Hjóladaður verður í tveimur flokkum, A flokki karla og kvenna og almennum fjölskylduflokki. Vegleg verðlaun eru fyrir 1,2 og þriðja sæti í A flokki kvenna og karla og allir þátttakendur fá þátttökuviðurkenningu.

Ekkert þátttökugjald og skráning er á netsíðunni www.hjolamot.is en einnig er hægt að skrá sig við komuna til Hyundai kl. 12 í dag – beint á móti IKEA

Grillveisla

Hyundai býður öllum þátttakendum og gestum í grillveislu að keppnin lokinni.



Hjóladaður Hyundai 2014



Stemningin var góð hjá stelpunum



Rásliðan að verða klár



Gestir mættu á öllum aldri



Það fór engin svangur heim



Sigurvegarar 2014

Nýi bíllinn er Hyundai

Hyundai – Kaupþúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



HYUNDAI

Glaesilegar
útskriftar-
gjafir fyrir
herra



TISSOT
63.300 kr.



ARMANI
38.400 kr.



BÖRKUR
24.400 kr.



SKAGEN
38.700 kr.



Daniel Wellington
29.800 kr.

Kíktu á úrvalið
í vefversluninni
á michelsen.is

MICHELSEN
URSMÍÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is

Jákvæð teikn eru á lofti

Eitt stærsta viðfangsefni mannkyns næstu áratugina verður baráttan við fylgifiska loftslagsbreytinga. Vitundarvakning stjórnvalda, borgaryfirvalda, fyrirtækja og fjárfesta um allan heim lofar góðu um að vandamálið sé viðráðanlegt eftir allt saman. Það gerir einnig undirbúningsvinna fyrir loftslagsráðstefnuna í París í desember.

Svarar
Hávarðsson

svavar@frettabladid.is



Það eru að verða breytingar sem gefa tilefni til bjartsýni í glímunni við loftslagsbreytingar af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda. Vitundarvakning er að eiga sér stað á meðal stjórnvalda í þróunarrikjum sem eru í lykilstöðu í baráttunni gegn þessari miklu vö, eins meðal borgaryfirvalda, fyrirtækja og langtímajárfesta.

Þetta kom fram í máli Halldórs Þorgeirssonar, forstöðumanns á loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, á fundi Landsvirkjunar um framtíðaráhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir gegn þeim í gær. Halldór starfar í hringiðu heimsviðburða við stefnumörkun og samningagerð vegna nýs loftslagssamnings sem verður undirritaður í París síðar á þessu ári.

„Á fundi sem þessum þá er erfitt að finna jafnvægi á milli böl-sýni og svartsýni. Það er auðvelt að skrifa erindi og segja frá öllu sem ætti að vera að gerast, en er ekki að gerast. Það er mikil alvara á ferðum en jafnframt ljóst að böl-sýni leiðir ekki til aðgerða – hún er lamandi og vil ég því nýta minn tíma til að segja frá jákvæðum breytingum sem eru að eiga sér stað. Vil ég með því reyna að vekja með ykkur von og bjartsýni um að takast megi á við þetta vandamál eins og mörg önnur,“ sagði Halldór í upphafi máls síns.

Fjögur dæmi af mörgum

Af mörgum tiltók Halldór fjögur dæmi máli sínu til stuðnings. Þvert á almannaróm sagði hann að verð á sólar- og vindorku hefði lækkað það mikið að raunhæft væri að breyta orkukerfum heimsins. Lengi hefði þessu verið öfugt farið og grænir orkugjafir ekki verið samkeppnishæfir við þá hefðbundnari byggða á brennslu jarðefnaeldsneytis.

Mikilvægt, segir Halldór, er framlag og frumkvæði borga og landshlutastjórna, enda skiptir borgarskipulag og þróun þéttbýlis miklu um framtíðarlausn og -afleiðingar veufarsbreytinga. Framfarðarsveitin hvað þetta varðar er skipuð borgarstjórum og leiðtogum á sveitarstjórnarstigi, og nefndi hann Michael Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóra New York, sem dæmi. Hann hefur helgað loftslagsmálum krafta sína og er tengiliður borgaryfirvalda um allan heim á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Frá upphafi hefur verið deilt um ábyrgð loftslagsvandans á milli þróunarrikja og iðnríkja – og hvaða skyldur hvíli á herðum einstakra ríkja í ljósi sögunnar. Losunarsagan skiptir þar mestu en þær lofttegundir sem um ræðir eru til staðar löngu eftir losun þeirra – sem verður rakið til iðnríkja þegar horft er til baka. „Framlag“ þróunarrikjanna verður þó orðið jafnt strax þegar nýr samningur tekur gildi árið 2020.

„Hér hefur líka orðið hugarfarsbreyting. Mikilvægasta dæmið um þetta er Kína. Það skiptir miklu máli hvaða ákvarðanir þar eru teknar en kínversk stjórnvöld hafa sett mikla vinnu í það að gera grundvallarbreytingar á orkuframleiðslu sinni og stefnumörkun til framtíðar. Þeir telja að í þessu felist viðskiptatækifæri og stefnubreyting þeirra hefur þegar haft áhrif á verð á sólar- og vindorku,“ sagði Halldór sem nefndi jafnframt Sáði-Arabíu í þessu samhengi.

Sáðar hafa frá upphafi unnið gegn samþykkt loftslagssam-



MAÐUR OG NÁTTÚRA Aukin tíðni náttúruhamfara, manntjón vegna þeirra og fjárhagslegt tjón, verður staðreynd næstu áratugina – því verður ekki bægt frá þó stór skref verði tekin í loftslagsmálum í núinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Slæmu fréttirnar eru þær að ef við höldum áfram að ganga á þetta svigrúm með sama hraða og í dag, þá höfum aðeins þrjá áratugi til stefnu. Góðu fréttirnar eru að ef bestu tækni og skynsamlegri stjórnun er beitt þá er hægt að mæta öllum þörfum jarðarbúa sem enn er eftir.

ings Sameinuðu þjóðanna og verið virkir í því að grafa undan samstöðu ríkja um samninginn. „Þeir hafa breytt um stefnu og setja stóran hluta af sínu fjármagni til að fjárfesta í endurnýjanlegri orku. Þeir eru núna í forystu hvað þetta varðar og við fjárfestingar í rannsóknum,“ sagði Halldór og bætti við að vitundarvakningin næði einnig til langtímajárfesta sem hafa mikið að segja um þróun loftslagsmála þegar til framtíðar er litið. Stofnfjárfestar, eins og lífeyrissjóðir, svo dæmi sé tekið, eru mun jákvæðari í dag gagnvart grænum fjárfestingum eins og endurnýjanlegum orkugjöfum.

París

Þessi jákvæðu teikn sem eru á lofti setti Halldór í samhengi við samþykkt nýs loftslagssamnings, og hver verði hugsanleg birtingarmynd þeirra á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember næstkomandi. Fundirnir eru haldnir árlega og eru þeir stærstu sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir.

Niðurstaða loftslagssamfundanna hingað til hefur byggst á vinnu á fundarstað. Þessu er verið að breyta og hefur vinna við samninginn, sem verður kláraður í París, staðið í rúm þrjú ár. Frakkar hafa lagt mikla áherslu á að einstök álitamál hafi verið leidd til lykta áður en fulltrúar einstakra landa hittast í desember – sem hefur tekist, sagði Halldór, en forseti ráðstefnunnar er Laurent Fabius, utanríkisráðgjafi Frakklands, sem hefur ásamt forseta Frakklands, Francois Hollande, barist fyrir því að þjóðarleiðtogar stuðli að því að niðurstaða fundarinnar verði það leiðarstef til framtíðar sem lagt er upp með.

Eitt það markverðasta við

samninginn í París, og helsta breytingin, er að hverju ríki verður það í sjálfsvald sett hvaða skuldbindingar það gengst undir og til hvaða aðgerða það treystir sér til að grípa. Til áreftingar mun nýtt samkomulag koma í stað Kýótó-bókunarinnar við loftslagssamninginn sem hefur verið í gildi frá 1997, og gildir til 2020. Eins og þekkt er er fjöldi ríkja sem ekki gekkst undir bókunina, eins og mörg þróunarríki, en einnig Bandaríkin. Öll ríki munu hins vegar falla undir samninginn sem gerður verður í París, þó aðeins ein grundvallarbreyting sé tíunduð. Allir, stórir sem smáir, munu því sitja við sama borð.

Tímanna tákn

„Það er ákveðið tímanna tákn að eftir að Evrópusambandið tilkynnti hvað ríki þess hygðust gera í samdrætti á losun þá ákváðu Kína og Bandaríkin að lýsa því yfir sameiginlega hvernig ríkin ætluðu að draga úr losun. Það undirstrikar mikilvægi þess að stóru ríkin gangi á undan og ryðji brautina,“ sagði Halldór en í samkomulagi Kína og Bandaríkjanna er einnig tekið fram að sérstaða ríkja skuli virt.

Þegar hafa 38 ríki, af um 200, lagt fram áætlanir sínar um loftslagsaðgerðir fyrir fundinn í París, það er um aðgerðir frá 2020 til 2030. Tekist er á um hver lagaleg staða þessara áætlana er og hvaða alþjóðlegu skuldbindingar ríki er að gangast undir þegar kemur að sjálfum samningnum. Laus þessa verður hvað erfiðast að finna á lokaspættinum, að mati Halldórs.

1/3 eftir

Markmið loftslagssamningsins er að koma í veg fyrir alvarlega röskun á veðrakerfum af manna-

→ Breytingar á Íslandi verða öfgakenndar

Halldór Björnsson, veður- og haffræðingur hjá Veðurstofu Íslands, tók saman í erindi sínu á fundinum hvaða áhrif loftslagsbreytingar gætu haft á Ísland.

- Jöklar munu hopa enn frekar, og eftir öld eða tvær munu aðeins finnast hér fjallajöklar.
- Afrennsli jökuláa mun því breytast mikið og tækifæri til raforkuvinnslu aukast um 20% um tíma, ef raforkukerfi verða hönnuð til þess að nýta það vatn sem til fellur.
- Landið mun grænka með hlýnun; skógarmörk færast ofar og sjálfsprottnir skógar verða algengari.
- Afrakstur ræktarlands verður meiri.
- Samsetning flökkustofna fugla og fiska mun breytast hér á landi; fuglar leita til landsins á meðan aðrir víkja sem kjósa kaldara loftslag. Gengd síldar, loðnu og makríls eru þekkt dæmi og breytingar halda áfram.
- Hækkun sjávarborðs og landrís af völdum bráðnunar jökla eru stærðir sem verða staðreynd en erfitt að ráða í hvað munu þýða.

völdum. Samstaða hefur náðst um það að setja efri mörk hlýnunar við tvær gráður frá upphafi iðnbyltingar og er það hugsað sem þak á ásættanlega losun. Vísindamenn hafa í fyrsta skipti tekið það saman hvaða svigrúm mannkyn hefur til frekari losunar gróðurhúsalofttegunda.

„Við eigum raunverulega 1/3 eftir. Það er hægt að horfa á þetta á tvennan hátt. Slæmu fréttirnar eru þær að ef við höldum áfram að ganga á þetta svigrúm með sama hraða og í dag, þá höfum aðeins þrjá áratugi til stefnu. Góðu fréttirnar eru að ef bestu tækni og skynsamlegri stjórnun er beitt þá er hægt að mæta öllum þörfum jarðarbúa sem enn er eftir. Þá er spurningin hvora leiðina við förum sem mannkyn,“ sagði Halldór.

Golf R-Line lofar góðu.



Við setjum í sólargírinn og bjóðum nokkra vel útbúna Golf R-Line á frábæru sumarverði. Komdu í reynsluakstur í **HEKLU í dag milli kl. 12 og 16** og taktu á mótí sumrinu í nýjum þéttbúnum Golf R-Line. Við tökum hlýlega á mótí þér.

Staðalbúnaður í R-Line 1.4 TSI sjálfskiptum

- 17" Dijon felgur
- R-Line útlit
- Skyggðar rúður
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Sportinnrétting
- Panoramic sóllúga

Verð frá 4.030.000 kr.
Verð á mánuði frá aðeins 49.000 kr.*

*Miðast við 25% útborgun og lán í 84 mánuði.



HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Golf á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skytt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



Das Auto.



Börn fá þjónustu við hæfi: Ráðuneyti eflir forystuhlutverk

VELFERÐ Ríkisendurskoðun telur að velferðarráðuneytið þurfi að efla forystu- og yfirstjórnarhlutverk sitt á sviði barnaverndarmála, segir í skýrslu sem birt var í gær.

Ríkisendurskoðun telur einnig að tryggja verði að tilteknir hópar barna, sem glíma við alvarlegan og fjölþættan vanda, fái þjónustu við hæfi. Þá þurfi að mæta þörf einstakra barnaverndarnefnda fyrir aðstoð við úrlausn mála.

-shá

Bláa blokkin er með forskot á rauðu blokkina í skoðanakönnunum fyrir dönsku þingkosningarnar:

Boðar líklega til kosninga í næstu viku

DANMÖRK Samkvæmt heimildarmönnum úr danska forsætisráðuneytinu er talið afar líklegt að Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, boði til þingkosninga í næstu viku.

Kosningar í Danmörku eru yfirleitt haldnar þremur vikum eftir að forsætisráðherra boðar til þeirra. Ef Thorning-Schmidt boðar til kosninga í næstu viku þýðir það að kosningarnar verða haldnar 16. júní. En kosningar þarf að halda í Danmörku í síðasta lagi 14. september.

Rauð blokk vinstriflokkanna mælist minni en blá blokk hægrimanna í skoðanakönnunum undanfarið en talið er að hún boði til kosninga á

þessum tímapunkti vegna mikils persónufylgis upp á síðkastið. Þá mælist Jafnaðarmannaflokkur Helle Thorning-Schmidt stærstur með um 24 prósent fylgi en Venstre, frjálslyndi flokkur Lars Løkke Rasmussen, með um 22 prósent í skoðanakönnunum. Gengi Venstre er nokkuð slakara en í síðustu kosningum þrátt fyrir setu í stjórnarandstöðu en það skýrist af velgengni Danska þjóðarflokksins sem sækir í sig veðrið á hægrivæng stjórnmalanna.

Jafnaðarmenn hafa náð að verja fylgi sitt frá því í síðustu kosningum en margir vilja þakka það nýrri innflytjendastefnu flokksins sem þykir strangari í garð innflytjenda en áður. -sfs



VINSÆL Helle Thorning-Schmidt mælist vinsælasta forsætisráðherraefnið í Danmörku. AFP/NORDICPHOTOS

PARADÍSAREYJAN

SRI LANKA

3. - 16. NÓVEMBER

Hrífandi náttúra, einstök menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýraleg upplifun í einstöku umhverfi. Við kynnumst framandi og heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Verð kr. 549.900.-

Innifalið í verði: Hálf fæði, flug, hótél, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir.



Trans - Atlantic
588-8900
Transatlantic.is



Á KJÖRSTAÐ Systir Lareto Ryan stingur atkvæðaseðli sínum í kjörkassa í Drumcondra í norðanverðri Dublin. NORDICPHOTOS/AFP

Írar kusu um hjónabönd

Flest bendir til þess að Írar hafi í gær samþykkt að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra. Talning hefst þó ekki fyrr en í dag og úrslit ekki ljós fyrr en síðdegis.

ÍRLAND Þjóðaratkvæðagreiðslan á Írlandi í gær sýndi ótvírætt að verulegar breytingar hafa orðið á írsku samfélagi á síðustu árum. Enn er ekki útséð um það hvort hjónabönd samkynhneigðra hafi verið samþykkt, en ekki er langt síðan umræðan ein hefði þótt fráleitt.

Írland er þarna ekki eitt á báti, því frá aldamótum hefur hröð þróun orðið í þessum málum. Hvert landið á fætur öðru hefur lögleitt hjónabönd samkynhneigðra, þannig að nú eru þau orðin 20 talsins. Írland verður þá 21. ríkið, verði úrslitin í samræmi við skoðanakannanir.

Talning atkvæða hefst ekki fyrr en í dag og úrslit verða ekki ljós fyrr en síðdegis. Kosningabáttakan var sögð óvenju góð víðast hvar á Írlandi.

➔ **Kosningabáttakan var meiri en þekkt hefur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi frá árinu 1937.**

Umræðan í aðdraganda kosninganna hefur sýnt að áhrif kaþólsku kirkjunnar hafa dvínað mjög þar í landi undanfarin ár, og er það ekki síst rakið til hneykslismála sem tengjast barnaníðingum innan kirkjunnar og tilraunum yfirmanna hennar til að þagga niður alla umræðu um þau.

Auk þess að kjósa um hjónabönd samkynhneigðra greiddu Írar í gær atkvæði um það hvort lækka eigi lágmarksaldur forsetaframþjóðenda úr 35 árum í 21 ár.

gudsteinn@frettabladid.is

LÖGLEIÐING HJÓNABANDS SAMKYNHNEIGÐRA

Frá aldamótum hafa 20 lönd heimilað samkynhneigðum að ganga í hjónaband.

ÁR	2001	2003		
	Holland	Belgía		
2005	2006	2009	2010	2012
Kanada	Suður-Afríka	Noregur	Argentína	Danmörk
Spánn		Svíþjóð	Ísland	Portúgal
2013	2014	2015		
Bandaríkin	Lúxemborg	Finnland		
alríkislög, ekki öll ríkin	Brasilía	Slóvenía		
	Bretland			
	Frakkland			
	Nýja-Sjáland			
	Úrúgvæ			

ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL
BYLGJAN



Þjóðhagsspá 2015-2017

Völt er veraldar blíðan

Morgunverðarfundur í Hörpu

Greining Íslandsbanka gefur út nýja Þjóðhagsspá fyrir árin 2015-2017. Af því tilefni bjóðum við til morgunverðarfundar 26. maí kl. 8.30-10.00 í Norðurljósasal Hörpu.

Fundarstjóri verður Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri Markaða.

Fundurinn er öllum opinn og boðið verður upp á léttan morgunverð.

Fundurinn verður sýndur í beinni útsendingu á islandsbanki.is og á visir.is

Skráning fer fram á islandsbanki.is/morgunverdarfundur

Dagskrá:

Allt kann sá sem hófið kann

Ingólfur Bender, forstöðumaður
Greiningar Íslandsbanka

Í erindinu verður m.a. fjallað um horfur varðandi hagvöxt, verðbólgu, vexti, laun, atvinnuleysi, íbúðaverð, framleiðni og fleiri þætti er varða efnahagslega umgjörð heimila, fyrirtækja og fjármálamarkaðarins.

Svipult er sævar logn

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur
hjá Greiningu Íslandsbanka

Í erindinu verður m.a. fjallað um horfur varðandi gengisþróun krónunnar gagnvart helstu myntum og helstu áhrifaþætti þ.m.t. áhrif fjármagnshafta og losun þeirra, gjaldeyrisstrauma, innlenda og erlenda vexti og viðskiptakjör.

Sjaldan er bið til batnaðar

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
Almenna lífeyrissjóðsins

Í erindinu verður m.a. fjallað um fjárfestingarumhverfi fagfjárfesta hér á landi og hvaða tækifæri og ógnanir felast í væntanlegri þróun fjármálamarkaðarins og efnahagsumhverfis hans á næstu árum.

Umræður og fyrirspurnir



Ósomaljóð eftir Þorvald Þorsteinsson
– í flutningi Megasar & Skúla Sverrissonar
@ Gamla Bíó – 26. maí, KL. 20:00 – KR. 4.900



Shantala Shivalingappa – Klassískur dans & tónlist frá Indlandi
@ Borgarleikhúsið – 2. júní, KL. 20:00 – KR. 4.500



MagnusMaria – Ópera um rétt kyn
@ Þjóðleikhúsið – 3. júní, KL. 20:00 – KR. 5.900



SAGA – Þegar myndir tala
@ Listasafn Íslands – 23. maí til 6. september



Nº29
2015

Reykjavík
Arts Festival

TVG–Zimsen

Stoltur máttarstólpi

Listahátíðar

Guerrilla Girls – Fyrirlestur
@ Bíó Paradís – 4. júní, KL. 17:00– KR. 3.500

Miðasala og dagskrá á
www.listahatid.is

13. maí — 7. júní

Stofnaðilar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Máttarstólpi

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

Bakhjarlar

:REITIR

ISLENSK
ERFDAGREIÐING

BRIM
SEAFOOD

Larusson Design Studio



Solid Hologram – Frá Beethoven til Þuríðar Jónsdóttur:
Nicola Lolli & Domenico Codispoti
@ Harpa, Norðurljós – 29. maí, KL. 20:00– KR. 3.900

Feneyjatværingurinn, trúin og tjáningarfrelsið:

Gífuryrði um geggjað fólk

Harkaleg viðbrögð yfirvalda í Feneyjum vegna framlags Íslands til Feneyjatværingarsins sæta furðu. Verk svissneska listamannsins Cristophs Buchel, moskan í kirkjunni, virkar sárasaklaust úr fjarlægð. Fátt er meira í deiglunni en yrkisefnið, illvíg sambúð trúarbragða. Vita mátti að einhverjir heimamenn myndu móðgast þegar snert er á þeirra eigin helgidómi. En að lögregla skyldi loka moskunni er ótrúlegt. Orð eins og tepruskapur koma í hugann. Hvers virði er Feneyjatværingurinn ef engan má móðga?

Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is



Úlfúð vegna verksins hefur kryddað tilveruna hér heima á köldu vori. Umræðan minnir á að fyrir hálfri öld logaði íslenskur listheimur í illeilum vegna sýninga listhóps Sambands ungra myndlistarmanna, SÚM. Orðbragðið núna er kurteisishjal í samanburðinum. Gífuryrði um geggjað fólk, sem gerði listina að skrípaleik, gáfu tóninn. Lærðir og leikir felldu tilfinningaþrungna sleggjúðma.

Sumir Súmararnir eru núna ráðsettir og dáðir listamenn. Verk þeirra eru sýnd á finustu söfnum um lönd og álfur. Fáir ef nokkrir af þeirra kynslóð hafa borð hróður Íslands víðar en hinir úthrópuðu. Sjónarmið dyggustu stuðningsmanna Súmaranna á sínum tíma hafa staðist tímans tönn. Gífuryrði vandlætaranna eru beinlínis hlægileg í ljósi afreka þeirra. Sagan mun dæma verk Buchels og það sem nú gerist í Feneyjum.

Gera mátti ráð fyrir því að deilur veki að senda Buchel sem fulltrúa Íslands á Feneyjatværinginn. Hann hefur iðkað list sína í kyrrþey á Seyðisfirði. Sagt er að verk hans séu þekktari en hann sjálfur. Atburðir gærdagsins munu verða til þess að deilurnar blossa upp að nýju. Vont er ef deilurnar snúast um þjóðerni. En samtal um innihald og tjáningarfrelsi getur verið meinhollt. Það kemur í ljós þegar rykið sest.

Margir íslenskir listamenn telja sig réttilega eiga erindi til Feneyja. Það er mikið tækifæri fyrir réttan listamann. Á ferðinni er hagsmunamál myndlistarmanna, sem hollt er að ræða. Katrín Sigurðardóttir og Ragnar Kjartansson, tveir síðustu fulltrúar Íslands í Feneyjum, eru að vinna mikla sigra í útlöndum. Þátt tværingarsins í velgengninni er erfitt að meta. En það sem gerst hefur á vegferð Katrínar og Ragnars vitnar um ótvírætt erindi beggja. Það vitnar líka um yfirvegað val Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fáar menningarþjóðir setja það skilyrði að styrkir til lista renni til innfæddra heimamanna. Bræðurnir Kristján og Sigurður Guðmundssynir eru þekktastir Súmara ásamt Hreini Friðfinnssyni. Allir þrír hafa búið í Hollandi um lengri eða skemmri tíma. Ferill þremmenninganna komst á flug á áttunda áratugnum með stuðningi Hollendinga, sem sáu hvað í þeim bjó. Líklega hefur stuðningurinn létt þeim róðurinn á listabrautinni – og um leið auðgað listina í Hollandi, en líklega meira á Íslandi.

Fáeinir forkólfar í menningarumræðu herna heima hafa tekið undir vandlætingu undanfarinna daga og notað niðrandi orð eins og nesjamennsku og útnárahugsun um valið á Buchel, af því hann er útlendur og snertir á helgidómi heittrúaðra. Það er móðgelsi að eigin vali.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



KOMDU MEÐ Í ÞJÓRSÁRVER!

Magnaðar gönguleiðir um Kerlingarfjöll og Þjórsárver

halendisferdir.is / info@halendisferdir.is / s: 6914212

GUNNAR



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Dýralíf

Ég held að ein helsta ástæðan fyrir óþarfa erfiðleikum sé yfirleitt sú að fólk vanmetur eða misskilur aðstæður og eðli hluta. Fólk geri sér gjarnan væntingar um eitthvað, sem það byggir oft á tilfinningalegu og huglægu mati. Fólk gerir þá gjarnan kröfur sem það verður svo fyrir vonbrigðum með þegar hlutir bregðast væntingum þess. Þetta getur átt við örlög okkar og vænt-



Augljósustu dæmin eru af siðferðislegum toga. Af hverju frem-

ingar til lífsins en þó sérstaklega við annað fólk. Við viljum að fólk geri hluti á ákveðinn hátt og þegar það gerir það ekki þá verðum við oft hissa og svekkt.

ur fólk glæpi? Af hverju er það eigingjarn? Af hverju beitir það ofbeldi? Af hverju lýgur það? Ýktasta dæmið er fíkn. Við botnum ekkert í henni. Hvað veldur? Læknar kalla hana sjúkdóm og flestir eru sammála um það. En samt er engin lækning til nema einhvers konar „andleg vakning“ sem margir læknar mæla með sem meðferð. Engin lyf virðast virka á fíkn.

Hundalíf

Ég hef átt marga hunda um ævina. Yfirleitt fékk ég mér hund í einhverju augnabliksæði og fljótfærni. Ég fékk marga hunda í gegnum smáauglýsingar. Það voru yfirleitt hundar sem einhver þurfti að losna við einhverja hluta vegna. Eftir að hundurinn var kominn inn á mitt heimili fór mig fljótt að gruna að ástæða þess að fyrri eigandi vildi losna við hann hafi fyrst og fremst verið hegðun hundsins. Þessir hundar voru yfirleitt persónuleikatrufaðir eða eitthvað uppeldislega skaðaðir eða jafnvel hreinlega lausir við allt uppeldi. Þeir báru takmarkaða virðingu fyrir mér og virtust helst halda að ég væri þjónustuaðili fyrir þá. Þeir gegndu engu og gerðu bara það sem þeim sýndist. Ég man sér-

staklega eftir einum. Sá var írskur setter. Hann var rúmlega árs-gamall þegar ég fékk hann. Ég skírði hann Bob Dylan. Í stað þess að ganga tignarlega við hlið mér djöflaðist Bob í ólinni sinni, beit í hana og togaðist á við mig í sífellu. Og það skipti engu máli hvað ég sagði. Hann notaði hvert tækifæri til að stinga af út um hurðina og hlaupa eitthvað út í buskann og gegndi engum köllum eða skipunum. Marga daga rólta ég einn um Grafarvoginn kallandi: Bob! Bob! En hann kom aldrei.

Seinna þegar ég fór svo loks á hundanámskeið komst ég að því að þetta var allt saman mér að kenna. Hundarnir mínir voru ekki eigingjarnir og siðblindir brjálæðingar. Það var ekkert að þeim.

Apalíf

Hundar eru bara dýr. Við erum öðruvísi. Eða hvað? Er fólk ekki líka dýr? Kannski erum við skyldari hundum en við viljum viðurkenna. Við erum alin upp við það að aðgreina okkur frá öðrum dýrum. Margir vilja meina að við séum gerð af dýrlegum grunni en með guðlega eiginleika, að við séum dýr með sál. En kannski er þetta ekki rétt. Kannski höfum við enga sál. Kannski er hugmyndin um sálina aðeins á misskilningi byggð. Margir vísindamenn vilja meina að við séum ekkert frábrugðin öðrum dýrum nema hvað varðar gáfnafar.

Við erum náskyld öpum. Sjimpansar, górrillur og órangútanar eru til dæmis svo skyldir okkur að rætt er um að veita þeim réttindi í líkingu við Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Og er það nokkuð galið? Mun fólk framtíðarinnar hrista hausinn yfir framkomu okkar við mann-apanu eins og við hristum hausinn yfir þrælalaldi fortíðar? Það má með ákveðnum rökum halda því fram að við séum í rauninni bara apategund. Og kannski er margt sem við gerum alls ekki byggt á neinni útpældri hugmyndafræði heldur eðlishvöt. Manneskjan er

ekki eitt og svo öll dýrin eitthvað annað heldur erum við öll af sama meidi. Við erum manndýr. Og um leið og við áttum okkur á því þá breytast væntingarnar til annars fólks. Við hættum að svekkja okkur í sífellu yfir hegðun annarra og gleðjumst frekar yfir því þegar fólk hagar sér almennilega. Komum fram við annað fólk af þolinmæði og umburðarlyndi. Fyrirgefum öðrum, þeir vita ekki alltaf hvað þeir gera, því þeir eru bara apar í fótum. Eins og við sjálf. Ég held til dæmis að ég hafi lært meira af hundinum mínum en hann af mér.

NÓA



Sumarið verður
Grænt!

PIPARMYNTU
BRAGÐ

TAKMARKAÐ
MAGN



Tími aðgerða er runninn upp

Kynjafnrétti er stórmál sem snertir lífsgæði allra, kvenna og karla. Aftur og aftur hefur verið sýnt fram á að með jafnrétti og bættri stöðu kvenna er hægt að auka hagvöxt og bæta samkeppnisstöðu ríkja. Því var ánægjulegt að í vikunni voru tíma- mótaupplýsingar kynntar um launamun kynjanna og um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði sem unnar voru að frumkvæði aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þær staðfesta að áratuga barátta fyrir launajöfnuði er að skila árangri en minna jafnframt á að enn er fullt tilefni til að vinna áfram að launajafnrétti á vinnumarkaði og auknum aðgangi kvenna að samfélagslegum valda- stöðum.

JAFNRÉTTI



Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðgjafi

Launarannsóknin nær til áraanna 2008-2013 og er sú fyrsta hér á landi sem nær til vinnumarkaðarins í heild. Í henni kemur í ljós að kynbundinn launamunur mælist um 7,6%. Jafnframt sýna gögnin að óleiðréttur launamunur á reglulegum launum mældist um 17% árið 2014. Hann hefur minnkað jafnt og þétt síðastliðin ár og mælist meiri hjá eldri aldurshópum en þeim yngri. Af því má álykta að góð menntun yngri kynslóða kvenna hafi jákvæð áhrif og að líklegt sé að launamunurinn í heild muni halda áfram að minnka. Samanburður við þrjár nýlegar, norrænar rannsóknir um launamun kynjanna sýnir að hann er svipaður hér og annars staðar á

Norðurlöndunum, litlu meiri en í Svíþjóð en minni en í Danmörku og Noregi.

Úreltar hugmyndir

Rannsóknaskýrslan um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði staðfestir að jafnrétti kynjanna, eða öllu heldur skorturinn á því, hefur margvíslegar birtingarmyndir og margir samverkandi og flóknir þættir hafa áhrif á laun og stöðu kvenna og karla. Báðar rannsóknirnar staðfesta að kynferði einstaklinga hefur áhrif á laun og launamyndun. Að stór hluti launamunarinnar sé innbyggður í hugarfar okkar og væntingar sem byggir á úreltum hugmyndum um að eðlilegt sé að karlar hafi hærri laun en konur þar sem þeir séu líklegri til að vera fyrirvinnur heimilisins. Þessi viðhorf eru ekki í samræmi við veruleika dagsins í dag og þau þarf að uppræta.

Staðalímyndir, verkaskipting á heimilum, fæðingarorlof, samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, ólíkir starfsþróunarmöguleikar og aðgangi að valda- og áhrifastöðum hafa mótandi áhrif á vinnumarkaðinn sem einkennist af kynjaskiptingu starfa. Afleiðingarnar birtast í launamun sem undantekningarlaust er konum í óhag og byggir á vanmáti á virði starfa þeirra. Þessi kynjaskipting dregur úr sveigjanleika á vinnumarkaði og stendur í vegi fyrir að mannaúdur samfélagsins sé nýttur til fulls.

Á liðnum árum hefur verið ráðist í ýmis átaksverkefni til að jafna kynjahlutaföll í hinum ýmsu starfsgreinum. Átaksverkefni ein og sér duga ekki til, heldur þarf stefnumótun, framtíðarsýn og markvissar aðgerðir sem byggja á langtímaáætlunum til að brjóta upp kynskiptan vinnumarkað. Gerð

→ **Báðar rannsóknirnar staðfesta að kynferði einstaklinga hefur áhrif á laun og launamyndun. Að stór hluti launamunarinnar sé innbyggður í hugarfar okkar og væntingar sem byggir á úreltum hugmyndum...**

slíkrar langtímaáætlunar er verkefni aðgerðahóps um launajafnrétti en hann mun á næsta ári skila mér tillögum um stefnumótun um leiðir og aðgerðir til að brjóta upp kynbundinn vinnumarkað og auðvelda körlum og konum samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs. Mikilvægt er að stefnumótun í málaflokknum sé heildstæð, byggir á þekkingu og tryggi framfarir á öllum þeim sviðum sem hér hafa verið nefnd.

Helíum, ekki bara gott partí

Helíumfylltar blöðrur hafa löngum glatt bæði börn og fullorðna við ýms tilefni s.s. á 17. júní og til skreytinga í veislum. Sú stundarskemmtun sem blöðurnar veita getur þó dregið dilk á eftir sér, nokkuð sem við höfundar þessarar greinar, viljum benda á.

Helíum er sennilega þekktast sem partíblöðrugast og óvíst að allir átti sig á mikilvægi gassins til annarra nota. Nú í seinni tíð hefur borið á helíumskorti. Almennur hefur helst orðið var við þann skort þegar falast er eftir helíum í blöðrum.

En það eru aðrir og veigameiri þættir sem munu breytast þegar helíumskortur verður viðvarandi. Helíum er léttara en andrúmsloft og er það létt að þyngdarafli jarðar heldur því ekki svo það kemst út úr lofthjúpi jarðar. Helíum er ekki framleitt heldur finnst það með jarðgasi þar sem jarðvegur er nægilega þéttur. Fá svæði hafa helíum í vinnanlegu magni og eru um 75% af vinnslu alls helíums í Bandaríkjunum. Suðumark helíums er nálægt alkali (-269 °C) og er efnid í fljóttandi formi besta kælifni heims.

Aðalnotkun helíums í heiminum er sem kælivökvi á segulómunnar-tæki (MRI-skanna) á sjúkrahúsum en einnig er það notað sem kælmiðill við framleiðslu hálfleiðara og í kjarnaofnum svo dæmi séu tekin. Enn er ekki vitað hvernig skipta eigi efninu út fyrir aðra kælmiðla. Önnur notkun helíums er t.d. í loftbelgi til mælinga svo sem við háloftaveðurmælingar, við framleiðslu á ljósleiðara, á rann-

UMHVERFISMÁL



Ásdís Ólafsdóttir líffræðingur



Snjólaug Ólafsdóttir umhverfis-verkfræðingur

→ **Helíum er þrjátandi auðlind sem er okkur nauðsynleg til framleiðslu á vörum og þjónustu sem við viljum alls ekki vera án, t.d. innan heilbrigðisgeirans.**

sóknarstofum, í eldsneytistönkum geimflauga og í innöndunargasi t.d. í súrefnistönkum kafara. Helíum er því notað í margvíslegum tilgangi til að styðja við lífsmáta okkar og afleiðingar af skorti efnisins munu valda verulegum vandræðum. Af ofangreindu má sjá að vert er að velja rétta notkun á helíumauðlindinni.

Eru þær þess virði?

Annar ókostur blaðranna leiðir af því ef við sleppum þeim eða missum þær frá okkur. Blöðrur eru flestar búnar til úr latexblöndu eða úr þunnri pólýesterfilu (BOPET) sem er m.a. nýtt í iðnaði t.d. við framleiðslu loka á jógúrt dósir og í geimbúningum NASA. Allt plast í hafinu getur ógnað lífverum á tvo vegu, þ.e. líkamlegar hættur þegar lífverur flækjast í plastinu og kafna, og svo efnafræðileg hættur þegar lífuppsöfnun á plastögnum verður inni í líkama lífvera sem gerist t.d. með öndun neðansjárvar eða með fæðu (fluglar, fiskar og sjávarspendýr).

Þegar sjávarlífverur taka inn í sig plast eiga þær í erfiðleikum með að losa sig við það og margar hverjar deyja kvalafullum dauðdaga. Þegar helíumfylltar blöðrur sleppa eða er sleppt lausum þá enda þær flestar lífdaga sína í hafinu. Þótt blöðrur í hafinu séu ekki uppistaðan í plastmengun hafsins eru þær eitt af þeim plastefnum sem við getum auðveldlega komið í veg fyrir að berist þangað.

Helíum er þrjátandi auðlind sem er okkur nauðsynleg til framleiðslu á vörum og þjónustu sem við viljum alls ekki vera án, t.d. innan heilbrigðisgeirans. Að spara helíum er því eitthvað sem við ættum öll að kappkosta. Plast er umhverfisspillir sem veldur miklum skaða í umhverfinu. Afleiðingarnar af því að nota helíumfylltar blöðrur verða að vera okkur öllum kunnar, eru þær þess virði?

Beggja vegna borðsins?

Miklar kröfur eru gerðar til lífeyrissjóðanna í landinu. Það er eðlilegt. Við eigum að gera miklar kröfur til þeirra. Það er líka eðlilegt að skoða hvaða kröfur við eigum að gera til þeirra og hvaða kröfur við eigum ekki, getum ekki og megum ekki gera til þeirra.

Í lögum um lífeyrissjóði er hlutverk þeirra skilgreint: Að taka við iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau og greiða sjóðfélögum út lífeyri að lokinni starfsævi. Annað er ekki hlutverk lífeyrissjóðanna. Í lögum um lífeyrissjóðina eru ströng ákvæði um hvernig þeir mega og geta fjárfest til að ávaxta fé sjóðfélaganna. Þar eru líka ströng ákvæði um hvernig eftirliti skuli háttáð með starfsemi þeirra.

Íslensku lífeyrissjóðunum hefur tekist vel að ávaxta fé sjóðfélaganna þegar á heildina er lítið. Sem dæmi má nefna að Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur á undanförunum 20 árum skilað að meðaltali 4,7% raunávöxtun á ári.

Vinna samkvæmt ströngum reglum

Af sjálfu leiðir að margvísleg önnur lög í landinu eiga líka við, þegar kemur að starfi lífeyrissjóða, að gefnu tilefni vil ég hér nefna sérstaklega hlutafélagalög. Tilefnið er, að í þeirri samfélagsólu sem verið hefur á Íslandi undanfarnar vikur og mánuði hefur nokkrum sinnum borið við að sú krafa hefur verið sett fram að lífeyrissjóðirnir gerist beinir þátttakendur í rekstri þeirra fyrirtækja, sem þeir hafa fjárfest í og móti launastefnu þeirra, ákvarði

FJÁRMÁL



Ásta Rut Jónasdóttir formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

jafnvel laun starfsmanna fyrirtækjanna allt frá þeim lægst launuðu til forstjórnanna.

Þetta eiga víst fulltrúar stéttarfélaganna í stjórn lífeyrissjóðanna að gera. Í þessari kröfu felst að gert er ráð fyrir að stéttarfélagin skipi fulltrúa í stjórnir allra lífeyrissjóðanna og ráði þar allri stefnumótun og ákvarðanatöku. Í úttekt Viðskiptablaðs Morgunblaðsins 23. apríl kemur m.a. fram að stéttarfélagin eiga ekki fulltrúa nema í minnihluta sjóðanna, 28 stjórnarmenn af 119 alls í 19 stærstu sjóðunum. Þegar af þessari ástæðu einni saman er ljóst að þessi krafa er óraunhæf.

Þá er mikilvægt að skoða hvers konar umhverfi við værum í, ef lífeyrissjóðirnir gætu ákvarðað launakjör starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem þeir fjárfesta í. Látum liggja á milli hluta að stéttarfélag og Samtök atvinnulífsins fara með samningsumboð í kjarasamningum. Það væri andstætt starfsreglum, góðum stjórnarháttum og beinlínis ólöglegt ef hluthafi gæti hlutast til um daglegan rekstur fyrirtækis. Hluta-félagalög kveða skýrt á um að stjórnarmenn hlutafélaga séu ábyrgir gerða sinna, sjálfstæðir og með öllu er óheimilt að skipa þeim fyrir verkum, enda er skylda hvers og eins stjórnarmanns að gæta hagsmuna allra hluthafa, ekki bara sumra. Lífeyrissjóður verzlunarmanna (og flestir aðrir lífeyrissjóðir) kemur hins vegar áherslum sínum og stefnu á framfæri við stjórnir hlutafélaga með því að kynna þeim bréflaga hlut-

→ **Engar forsendur eru til að gera þá kröfu til stéttarféлага að þau ákveði launakjör í landinu í krafti fulltrúa sinna í stjórnnum...**

hafastefnu sjóðsins, sem jafnframt er aðgengileg á vef sjóðsins.

Misskilningur álitsgjafa

Þá er líka vert að vekja athygli á að í þessari umræðu er oftast gert mun meira úr mögulegum áhrifum lífeyrissjóðanna en raunin gæti verið. Það er gert með því að setla sjóðunum að eiga mun meira í íslensku atvinnulífi en raunin er. Menn birta því gjarnan eingöngu upplýsingar um samanlagða eignarhluti þeirra í skráðum fyrirtækjum, en sleppa öllu öðru. Þá er horft fram hjá mörgum staðreyndum.

Hin fyrsta er að sjóðirnir starfa sjálfstætt, enda væri það í hróp-legri andstöðu við samkeppnislög, ef þeir ættu samstarf um hlutfjár- eign sína.

Í öðru lagi er horft fram hjá því, hve mikill meirihluti atvinnulífsins – og þar með starfsfólks á vinnumarkaði – er utan áhrifa eignarhalds lífeyrissjóðanna. Þar má nefna nær allan sjávarútveginn, allan iðnað í landinu, alla stóriðju, nær alla orkuframleiðslu, verslun aðra en stóru matvöruheðjurnar, fjölmiðla svo það helsta sé nefnt.

Engar forsendur eru til að gera þá kröfu til stéttarféлага að þau ákveði launakjör í landinu í krafti fulltrúa sinna í stjórnnum lífeyrissjóða. Það gengi engan veginn upp og væri hrein fásinna enda væri það andstætt starfsreglum, góðum stjórnarháttum og beinlínis ólög- mætt.

Biblían er spennandi bók

Það er alltaf spennandi tilfinning að byrja á nýrri bók. Tilfinningin jafnast á við að nýr heimur sé að opnast með áður óþekktu fólki og umhverfi sem við höfum aldrei séð fyrr. Við byrjum á byrjuninni og smám saman kynnumst við lífi persónanna þar til síðasta blaðsíðan er lesin. Þannig er ferill bóklesturs okkar í langflestum tilfellum. Þannig er því þó ekki farið um sjálfa bók bókanna, Biblíuna, en í ár er elsta félag landsins Hið íslenska Biblíufélag 200 ára gamalt.

Biblían skiptist í tvo meginhluta, Gamla testamentið þar sem eru 39 bækur og Nýja testamentið þar sem eru 27 bækur. Þetta er heilt bókasafn.

Bækur Biblíunnar eru skrifaðar á löngum tíma af mörgu fólki, væntanlega bæði konum og körlum, sem miðla okkur hvernig fólk upplifir handleiðslu Guðs í lífinu.

TRÚMÁL



Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup á Hólum

Bækur Gamla testamentisins hafa ólík bókmenntaform. Þar eru fjölskyldusögur, ljóð og spádómar. Nýja testamentið segir frá lífi, starfi, dauða og upprisu Jesú og hvernig fyrsta kristna fólk fóð fór að því að feta sig í lífinu eftir að hin nýja trú fór að breiðast út. Í því eru líka sendibréf til fyrstu safnaðanna þar sem inn- taki trúarinnar er lýst.

Í guðspjöllunum er frásaga af Jesú þar sem hann birtist lærisveinum sínum upprisinn á uppstigningardag. Þá kallaði hann vini sína til sín og fóð þeim mikilvægt hlutverk, að fara út um allan heim, skíra fólk og kenna því allt það sem hann hafði kennt þeim. Þessu boði fylgdi loford um að hann skyldi vera með þeim allt til enda veraldarinnar. Þetta var fólk sem tók hlutverk sitt alvarlega, fór út um allan heim og sagði fólk frá, síðan sagði næsta kynslóð börnum

→ **Við sem þekkjum boðskap Jesú berum mikla ábyrgð á því að koma boðskapnum áfram.**

sínum frá og þannig hefur boðskapur Jesú um kærleikann borist frá einni kynslóð til annarrar allt til dagsins í dag.

Orð Biblíunnar eru mismikilvæg. Allra mikilvægustu orðin eru orð Jesú. Davíðssálmarnir í Gamla testamentinu eru líka mjög mikilvægir af því að þeir voru bænabók Jesú og hann vitnar oft í þá.

Við sem þekkjum boðskap Jesú berum mikla ábyrgð á því að koma boðskapnum áfram. Grundvöllur þekkingar okkar á Guði er í Biblíunni. Þess vegna er svo mikilvægt að við lesum í henni og þá þarf ekki að byrja á fyrstu blaðsíðu. Þegar við byrjum að lesa Biblíuna, er best að kynna sér hvert rit fyrir sig, skoða hvers eðlis ritið er og frá hvað tíma. Svo getum við lesið það sem okkur finnst mest spennandi.




Betri ávöxtun fyrir skammtímasparnað

Stefnir – Lausafjár sjóður fjárfestir aðallega í innlánnum fjármálafyrirtækja. Í krafti stærðar sinnar nýtur sjóðurinn betri vaxta á innlánnum en bjóðast almenningi. Sjóðurinn hentar sérlega vel fyrir skammtímasparnað.

Þú getur skráð þig í reglulegan sparnað í **Stefni – Lausafjár sjóði** fyrir aðeins 5.000 kr. á mánuði. Skráning og allar upplýsingar á arionbanki.is/sjodir eða í síma 444 7000.

Stefnir – Lausafjár sjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en í verðbréfasjóðum. Meiri áhætta er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskrifteinum hans, má finna í útböðslýsingu hans sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka hf. Arion banki er söluaðili sjóða Stefnis hf.

Árleg nafnávöxtun



Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Arion banka sem er vörsluaðili sjóðsins. Ávöxtunartölur miðast við 30.04.2015.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Fyrir hverja?

- Þá sem vilja spara í stuttan tíma
- Þá sem vilja hærri vexti
- Þá sem vilja geta leyst út sparnaðinn sinn með stuttum fyrirvara
- Hentar bæði einstaklingum og fyrirtækjum

HELGIN

Sigríður Soffía Nielsdóttir, danshöfundur

Heimildarmyndahátíð og slökun

„Ég og Ísold Freyja, dóttir mín, erum að spá í að skella okkur á Skjaldborg á Patreksfirði. Þar er pabbi hennar nefnilega staddur og er að skjóta ref. Annars ætla ég að safna kröftum fyrir lokasýningarnar á Svörtum fjöðrum 30. og 31. maí.“



Arnór Dan Arnarson, söngvari Agent Fresco

Fagnar útgáfu myndbands

„Um helgina ætla ég að fagna útgáfu myndbandsins okkar Agent Fresco við lagið See Hell. Þar fyrir utan mun ég njóta þess að vera með fjölskyldunni sem er í heimsókn frá Danmörku.“



Kári Steinn Karlsson, hlaupari

Sefur út og býður heim

„Ég ætla að funda vegna Smáþjóðaleikanna og í kvöld býð ég nokkrum góðum heim í Eurovision-partí. Á morgun ætla ég að leyfa mér að sofa út og svo hleyp ég örugglega eitthvað.“



Huguína Halldórsdóttir, almannatengill

Spa, ganga og Innstidalur

„Ég ætla að hefja helgina á hlaupaæfingu og svo beint í fótbolta með þremur frænku-tryllum. Síðan verður farið í Innstidal að ganga og kíkt á heitu laugina þar. Og svo má ekki gleyma Eurovision.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á SÝNINGUNA JAÐARLIST í Tjarnarsal Ráðhússins þar sem óhefðbundnir listamenn sýna verk sín, þar á meðal Lalli Johns. Sýningin Jaðarlist var opnuð í Tjarnarsal Ráðhússins í vikunni og verður opin til og með 25. maí. Þar sýna óhefðbundnir listamenn, sem koma úr ýmsum áttum.



Á NÝTT LAG MEÐ HERRA HNETUSMJÖRI, Hvítur bolur gullkeðja.

OG PRÓFAÐU SYKURLAUSAR UPPSKRIFTIR

Nönnu Rögnvaldar-dóttur í nýrri bók hennar Sætmeti án sykurs.



ÚTSKRIFTARSÝNING Verkið Mæja's Theory er eitt af átta útskriftarverkum sviðshöfundabrautar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Góð tilfinning að útskrifast

Það verður nóg um að vera um helgina þegar átta útskriftarnemar af sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands hefja sýningar á verkum sínum. Verkin eru fjölbreytt og verða sýningar víðsvegar um borgina.

Gyða Lóa Ólafsdóttir

gydaloo@frettabladid.is

Um helgina hefjast sýningar á verkum átta útskriftarnemenda af sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands í Reykjavík. Nemendurnir eru að útskrifast með BA-gráðu frá sviðslistadeild Listaháskóla Íslands eftir þriggja ára nám.

„Tilfinningin er mjög góð, ég finn að við erum komin á þann stað, eða allavega ég er tilbúin að útskrifast eftir þrjú ár í námi,“ segir Mariann Hansen, ein útskriftarnemanna, en verk hennar ber nafnið Mæja's Theory og segir hún það hina einu sönnu sýningu um gular baunir og glat að innsæi.

Verkin eru fjölbreytt, allt frá

sviðsetningu á internetinu til leiklesturs og leikstjórnarverkefna.

Útskriftarnemarnir eru þau Emelía Antonsdóttir Crivello, Eva Halldóra Guðmundsdóttir, Gígja Hólmgeirsdóttir, Guðmundur Felixson, Mariann Hansen, Viktoría Blöndal, Þorvaldur Sigurbjörn Helgason og Þórdís Nadia Semichat.

Hvað? Útskriftarverk sviðshöfundabrautar

Hvar? Víðsvegar um Reykjavík Frekari upplýsingar á Lhi.is

Hvenær? Vikuna 22. til 29. maí

Ókeypis er á allar sýningarnar en panta þarf miða í gegnum netfangið midisvidslist@lhi.is.

Litríkt vinkonusalat úr öllum fæðuflokkum

Eva Laufey gefur uppskrift að bráðhollu kjúklingasalati með litríkum ávöxtum, grænmeti og hnetum.

Eva Laufey Kjaran eldaði svo-kallað vinkonusalat í þætti sínum, Matargleði Evu, sem er á dagskrá á Stöð 2.

Hún kallar salatið vinkonusalat af því að það er oft á boðstólum þegar hún á von á vinkonum í mat.

Það er óhætt að segja að salatið sé afar fjölbreytt og hráefnið úr nær öllum fæðuflokkum. Kjúklingur, grænmeti, ávextir, hnetur, ostur og kúskús. Bragðgott og hollt.

Kjúklingasalat

700 grömm kjúklingakjöt, helst bringur
1 skammtur satay-sósa
200 grömm kúskús
Spínat, einn poki
1 askja kirsuberjatómatar
2 lárperur
1 mangó
Kasjúhnetur, ristaðar
150 g fetaostur

Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið á pönnu. Hellið satay-

sósunni yfir og látið malla þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.

Sjóðið kúskús eftir leiðbeiningum á pakka. Skerið kirsuberjatómata og lárperur í sneiðar og mangó í litla bita.

Setjið spínat í botninn á fati. Dreifið kúskúsina yfir og setjið kjúklinginn yfir kúskús. Stráðið kirsuberjatómötum, lárperum, mangói og fetaosti, ásamt smá af olíunni, yfir. Dreifið að lokum ristudum kasjúhnetum yfir.



LITRÍKT OG SUMARLEGT Kjúklingasalatið er stútfullt af næringu og ótrúlega bragðgott.



Á ANYWHERE BUT HERE með klassaleikkonunni Susan Sarandon klukkan 19.40 á Stöð 2 í kvöld.

WWW.NISSAN.IS



Innovation
that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL

STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL
AFHENDINGAR STRAX



TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.490.000 kr.

Eyðsla 5,1 l / 100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls simabúnaður Bluetooth
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,3 l / 100 km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080


BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



HVAÐ ER AÐ VERA INTERSEX?

LÍKAMLEG EINKENNI

Að einhverju leyti frábrugðin því sem almennt er talið skilgreina kvenkyn eða karlkyn. Um er að ræða líkamleg frávík á kynfærum, frávík frá öðrum líkamlegum kyneinkennum, frávík í hormónaframleiðslu og/eða litningafrávík.



2-3 INTERSEX BÖRN fæðast á Íslandi á ári.

4 AÐGERÐIR hafa verið framkvæmdar til kynleiðréttingar á intersex börnum síðustu 10 ár.

AÐGERÐIR Á INTERSEX BÖRNUM

Aðgerðirnar felast í því að kynfærum er breytt og/eða kynkirtlar fjarlægðir í þeim tilgangi að breyta líkama barns þannig að hann sé betur í samræmi við almennt viðurkenndar hugmyndir samfélagsins um karlkyn eða kvenkyn.

Aðgerðir geta leitt til ófrjósemi og haft áhrif á hormónaframleiðslu. Þá er ávallt hættu á að „rangt kyn“ sé valið fyrir barn sem fer í slíka aðgerð. Þ.e. ekki í samræmi við kyngervið sem barn samsamar sig með seinna meir.



SÉR EFTIR ÁKVÖRDUNINNI ALLA ÆVI Kristínu Maríu var ráðlagt af læknum að gera aðgerð á dóttur sinni, henni fannst hún ekki hafa val. Í dag ættu foreldrar að vera upplýstari en þrátt fyrir það eru enn framkvæmdar svipaðar aðgerðir á intersex börnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við vorum einar í heiminum

Dæmi eru um að skurðaðgerðir séu gerðar á intersex börnum í þeim tilgangi að „laga“ þau þannig að þau falli betur að hugmyndum samfélagsins um kyn. Aðgerðirnar eru ónauðsynlegar og geta haft neikvæð áhrif á heilsu barnanna.

Kristín María Björnsdóttir lét framkvæma slíka aðgerð á dóttur sinni þegar hún var ungbarn. Hún sér eftir því alla ævi.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Kristín María Björnsdóttir fæddi sitt fyrsta barn, fallega stúlku, árið 1982. Hún var mánaðargömul þegar hún þurfti að fara í aðgerð vegna kviðslits. Í kjölfarið sagði læknir Kristínu Maríu að hún væri með litningagalla og kyn hennar órætt.

„Sem var auðvitað ekki rétt þar sem þetta er ekki galli á litningum. Á þessum tíma var ekki byrjað að nota hugtakið intersex. Upphaflega var mér ekki sagt neitt, læknarnir lokuðu bara á mig og vissu ekkert hvað þeir áttu að segja. Við lentum í svolitlum vandræðum með skurðinn og þurftum að koma með hana til frekari meðferðar, þá minnst þeir á að eitthvað gæti verið að en vildu ekki segja mér nákvæmlega hvað. Þeir sögðu mér aðeins að um væri að ræða galla í litningum og að ég þyrfti að bíða eftir sérfræðingi sem væri á leið heim úr námi erlendis.“

Það var ekkert val

Kristín María segist hafa verið skelfingu lostin á meðan hún beið eftir sérfræðingnum til að líta á dóttur sína. Hún vann í mörg ár með fötludum og vissi að galli í litningum gat skert lífsgæði dóttur hennar

umtalsvert. Tveir mánuðir liðu þar til sérfræðingurinn kom til landsins, gaf henni nánari upplýsingar og ákvað læknameðferð sem fól í sér aðgerð.

„Læknirinn segir mér að dóttir mín sé með litningagalla og kyn hennar órætt. Hún þurfi að fara í aðgerð þar sem kynkirtlarnir verði fjarlægðir. Hann mælti með því að ljúka þessu af sem fyrst, helst fyrir tveggja ára aldur svo hún muni ekki eftir því. Í minningunni þá var ekkert val. Það þurfti að gera þetta. Ef að þessi kynkirtlar væru látin vera gæti myndast krabbamein í þeim. Ég vildi ekki taka þá áhættu. Þær upplýsingar voru byggðar á rannsóknnum á drengjum þar sem eistun höfðu ekki gengið niður og aukin hættu varð á krabbameini. Í þá daga heimfærðu læknar þessar rannsóknar á intersex börn, en í dag er það ekki gert. Þetta var því rangt.“

Þegar dóttir Kristínu Maríu kviðslitnar aftur þriggja mánaða gömul er ákveðið að fjarlægja kynkirtlana. „Læknirinn sagði mér að fyrst það væri verið að opna hana væri best að ljúka því af að fjarlægja kynkirtlana. Mér var sagt að kynkirtlarnir gerðu ekkert gagn, dóttir mín myndi fara í hormónameðferðir seinna sem myndu aðstoða hana í að ná þroska.“

Átti að halda aðgerðinni leyndri

Kristínu Maríu var ráðlagt að segja ekkert við dóttur sína. Halda aðgerðinni leyndri fyrir henni og

öðrum þar til tími var kominn til að hefja hormónameðferð.

„Hún var í eftirliti og við fórum til sama sérfræðingsins á hverju ári en hún vissi í raun ekki nákvæmlega af hverju. Hún var um það bil þrettán ára þegar hormónameðferðin hófst. Læknirinn vildi hefja hana fyrr en það var ekki hægt. Ég var ekki búin að segja dóttur minni neitt, búin að fara með þetta eins og mannsmorð og þurfti að segja henni þetta þegar ég taldi hana tilbúna. Mér fannst erfitt að finna mér tímamark til að setjast niður með henni og ræða þetta og dró þetta eins lengi og hægt var.“

Þótt Kristín María hafi ekki sagt dóttur sinni sannleikann fyrr en á þessum tímamarki vegna ráðlegginga lækna þá hafði hún sáð fræjum alla barnæsku hennar.

„Það var skelfilegt þegar loksins kom að því að setjast niður. Það var mjög erfitt. Ég hafði þó undirbúið hana, sáð litlum fræjum yfir langan tíma og ræddi við hana um að það væri mjög eðlilegt að allar konur gætu ekki átt börn. Það var alltaf í umræðunni og að þá væri hægt að ættleiða. Læknirinn hafði ráðlagt mér að láta hana svolitíð ráða. Byrja á að segja henni ákveðna hluti og síðan leyfa henni að spurja. Fyrst kom spurningin, af hverju get ég ekki átt börn? Þá þurfti ég að segja henni að hún hefði fæðst án legs og það hafi þurft að skera hana upp. Svona var farið að sannleikanum í skrefum. Síðan á ákveðnum tímamarki kom spurningin um litn-

ingana. Hún er með xy-litninga og fékk að vita það. Þetta var ofboðslega erfitt, henni fannst réttilega að það hefði verið logið að henni alla ævi. Hennar sjálfsmynd varð mjög brotin.“

Leit á sig sem frík

Á þessum tíma var engin ráðgjöf í boði og lítil vitund um intersex. Kristín María þekkti enga sem áttu intersex börn og internetið ekki til staðar. „Við vorum einar í heiminum fannst mér stundum. Það hafði komið fram að það væru einhverjir fleiri í heiminum eins og hún en mér fannst þá ólíklegt að hún myndi hitta einhvern með svipaða reynslu.“

Annað átti eftir að koma á daginn. Á meðan dóttir hennar gekk í gegnum mikla vanlíðan eignaðist hún litla frænku með intersex eiginleika. „Hún leit á sig sem frík og við-undur og eftir að litla frænka hennar fæddist hvessti ég mig við hana. Ég sagði við hana að ef hún liti á sig sem frík þá væri litla frænka hennar frík líka. Hún varð mjög reið við mig, hvernig vogaði ég mér að kalla Bríeti, sem var fullkomin að hennar dómi, frík? Ég svaraði henni með því að ef hún liti á sig á þann hátt þá hlyti það sama að gilda um Bríeti.“

Stundum þarf maður að vera vondur til að vera góður býst ég við. Ég reyndi mikið að byggja upp sjálfsmyndina, minna hana á að hún væri sterk og flott en fæðing litlu frænku hennar breytti líka miklu

„Ég átti ekki rétt á því að taka þessa ákvörðun fyrir dóttur mína. Ég tók hana miðað við þær upplýsingar sem mér voru veittar.“

um sjálfsmyndina. Bríet er orðin nítján ára gömul í dag. Fjölskyldan lærði af reynslunni, engu var haldið leyndu fyrir Bríeti og tíu ára gömul hélt hún erindi í bekknum sínum um hvað það er að vera intersex.“

Erfitt að horfast í augu við

Kristínu Maríu er mjög annt um að foreldrar, sem eignast barn sem er intersex, viti að það eru fleiri sem standa í þessum sporum. Að þeir fái stuðning frá sálfræðingi, jafningjafræðslu og meira en nákvæmar læknisfræðilegar upplýsingar. Fyrst og fremst vill hún að foreldrar viti að þeir hafi ekki rétt til að taka ákvörðun um að gera aðgerð sem þessa á börnum sínum.

„Ég átti ekki rétt á því að taka þessa ákvörðun fyrir dóttur mína. Ég tók hana miðað við þær upplýsingar sem mér voru veittar. Þær voru rangar. Það er erfitt fyrir mig að horfast í augu við að hafa gert þetta, en það var enginn annar valkostur þá. Foreldrar í dag geta staðið rétt að málum. Það er hræðilegt að vita að þessar aðgerðir eru enn gerðar á Íslandi og víða um heim.“

VORÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

EPSON SKJÁVARPAR
MEÐ ALLT AÐ

LG SJÓNVRÖP
MEÐ ALLT AÐ

100000 KR. AFSL.
LOKADAGAR

300.000 KR. AFSL.

48" LED SJÓNVARP

48" LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 119.990

FULLT VERÐ 239.990

TILBOÐ 99.990

TILBOÐ 229.990

TOSHIBA AFSL. 20.000

 **LG** AFSL. 70.000

42" LED SNJALLSJÓNVARP

48" 4K UHD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 119.990

FULLT VERÐ 274.990

TILBOÐ 94.990

TILBOÐ 169.990

 **LG** AFSL. 25.000

Panasonic AFSL. 105.000

LOKADAGAR - LOKADAGAR

LOKADAGAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
YAMAHA - HARMAN KARDON

YAMAHA KENWOOD PHILIPS Nikon Panasonic
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



UMBODSMAÐUR BARNNA GEGN AÐGERÐUM Á INTERSEX BÖRNUM

Nýverið gaf umboðsmaður barna út álit um aðgerðir á intersex börnum. Í álitinu segir meðal annars að ónaðsynleg og óafturkræf inngrip í líkama ungbarna samræmist ekki réttindum þeirra. Réttara væri að intersex börn gætu sjálf tekið ákvörðun um skurðaðgerð og/eða hormónameðferð þegar þau hafa mótað eigin kynvitund og hafa náð þeim aldri og þroska sem þarf til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun.

Þá minnir umboðsmaður barna á að til þess að foreldrar geti tekið upplýstar ákvarðanir um málefni barna sinna er mikilvægt að tryggja að þeir hafi aðgang að upplýsingum um heilsufar þeirra sem og málefni intersex fólks almennt. Jafnframt er mikilvægt að veita þeim stuðning við hæfi, til dæmis sálfræðiaðstoð og aðstoð annarra fagaðila.

Aðalinntak álits umboðsmanns barna er áminning til foreldra

barna með ódæmigerð kyneinkenni og annarra sem taka ákvarðanir fyrir þessi börn um að það verði að virða rétt þeirra til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Á þetta við um allar ákvarðanir sem varða þessi börn með einum eða öðrum hætti, til dæmis þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og skólagöngu.

Umboðsmaður vísar í barnasáttmálann og segir óafturkræf og ónaðsynleg inngrip í líkama ungra intersex barna geta stefnt líkamlegum og andlegum þroska þeirra í hættu og auk þess haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd og kynvitund þeirra seinna meir. „Er því ljóst að slíkar aðgerðir geta ekki talist í samræmi við hagsmuni og réttindi barna. Má í því sambandi benda á að formaður Barnaréttarnefndar



UMBODSMAÐUR BARNNA í álitinu kemur fram að réttast væri að intersex börn tækju sjálf ákvörðun um aðgerð.

Sameinuðu þjóðanna tjáði sig nýlega um að aðgerðir á ungum intersex börnum gætu stefnt líkamlegum heilindum þeirra í hættu.“

NIÐURBROT CASTER SEMENYA

Caster Semenya er fyrrverandi heimsmeistari í 800 m hlaupi kvenna.

Hún var skylduð til að gangast undir kynjapróf eftir að hún vann gull á HM í frjálsum árið 2009.

Það tók ellefu mánuði að fá niðurstöðu en á endanum var úrskurðað að hún mætti keppa í kvennaflokki. Caster er intersex og málið varð að miklu fjölmiðlafári. Niðurstöðum kynjaprófsins var lekið í fjölmiðla og deilt um hvort hún ætti að fá að keppa sem kona. Þá ræddi fólk um karlmannlegt útlit hennar, dimma rödd og mikla krafta. Málið reyndi mikið á Caster sem brotnaði niður í kjölfarið. Framganga Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins þótti gagnrýniverð og Suður-Afríkumenn brugðust ókvæða við því að Caster þyrfti að undirgangast rannsóknir til að úrskurða um kyn.



Framleiðir ekki hormóna sjálf

Aðgerðin sem **Kitty Anderson** fór í sem barn leiddi til þess að hún framleiðir enga hormóna sjálf og þarf hún því að reiða sig á íslenska heilbrigðiskerfið. Reynsla hennar af kerfinu er slæm og íhugar hún að flytja úr landi til að fá betri þjónustu.

Kitty er talsmaður baráttusamtakanna Intersex Ísland. Í aðgerðinni sem móður hennar Kristín María lét framkvæma að ráði lækna voru kynkirtlar hennar fjarlægðir og afleiðingarnar eru þær að hún framleiðir enga hormóna sjálf.

„Móður minni voru gefnar rangar upplýsingar þegar ég var lítil og hún samþykkti því óþarfa aðgerð á mér. Sú aðgerð leiddi til þess að ég framleiði enga hormóna sjálf og þarf því að reiða mig á íslenska heilbrigðiskerfið.“

Reynsla Kittyar af íslenska heilbrigðiskerfinu er slæm og hún hefur oft lent í því að ákvarðanir hafa verið teknar um lækni meðferð án samráðs.

„Reynsla mín einkennist því miður af miklu þekkingarleysi. Ég heyri oft: Ég hef aldrei hitt neinn eins og þig og veit ekki mikið, en ég skal reyna. Síðan ráðfæra lækarnir sig við aðra lækna sem ég fæ aldrei að vita hverjir eru. Ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar án samráðs við mig. Einn læknir helmingaði hormónaskammtinn minn eftir að ég var búin að hitta hann einu sinni, án þess að bera það undir mig. Þau skilaboð fékk ég frá öðrum lækni og þegar hormónaskortur var farinn að hrjá mig og ég reyndi að setja mig í samband við þennan sérfræðing þá kom ég að lokuðum dyrum. Ég þurfti því á endanum að óhlyðnast fyrir mælum lækisins míns og taka málin í eigin hendur.“

Íhugar að flytja úr landi

Kitty vill hitta lækni sem hefur reynslu af meðferð intersex einstaklinga en hefur ekki haft erindi sem erfiði. Samskipti við lækna hafa reynt svo mjög á hana að hún íhugar að flytja úr landi til að fá betri þjónustu.

„Ég lendi ítrekað í því að lækna segjast ætla að gera eitthvað, gefa mér tíma þremur til sex mánuðum seinna og hafa svo ekkert gert á milli tíma. Það er eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því að á milli tveggja til þriggja læknaátíma líður hálf til heilt ár af ævi minni. Í rúm sex ár hef ég reynt að fá lækna mína til að sækja um fyrir mig til Sjúkratrygginga í þeim tilgangi að komast út til sérfræðings sem getur veitt mér faglega þjónustu sem byggist á reynslu en ekki ágiskunum. Enn þá hefur ekki ratað stafur á blað og í dag íhuga ég alvarlega tímabundinn flutning úr landi því það tæki mig styttri tíma en að fara í gegnum íslenska heilbrigðiskerfið.“

Úreltar aðgerðir

Í dag er engin skipulögð fræðsla til foreldra intersex barna þótt tvö til þrjú börn fæðist á hverju ári.



BROTID Á FORELDNUM Kitty segir foreldra eiga rétt á betri upplýsingum og fræðslu þegar þeir eignast intersex börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Reynsla mín einkennist því miður af miklu þekkingarleysi. Ég heyri oft: Ég hef aldrei hitt neinn eins og þig og veit ekki mikið, en ég skal reyna.“

„Með árunum hafa lækna einnig stigið fram sem neita að framkvæma þessar aðgerðir þar sem þær eru brot á réttindum barna til líkamlegrar friðhelgi.“

Kitty segir að skortur á fræðslu komi í veg fyrir að foreldrar geti tekið upplýstar ákvarðanir. „Rannsóknir hafa sýnt að framsetning upplýsinga getur haft mikil áhrif á ákvarðanatöku foreldra, sum framsetning eykur líkurnar á að óþarfa inngrip séu framkvæmd meðan önnur upplýsingagjöf virðist draga úr líkunum á að óafturkræf inngrip séu valin. Skortur á fræðslu getur ýtt undir óryggi, hræðslu og vanmáttartilfinningu.“

Aðgerðir sem eru framkvæmdar til kynleiðréttingar eru fjórar á síðustu tíu árum, samkvæmt svörum heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bjartar Ólafsdóttur um málefni intersex barna á Íslandi. Kitty segir það ekki koma á óvart þrátt fyrir að mannréttindasamtök og Alþjóðaheilbrigðiseftirlitið leggist gegn þeim.

„Það kemur ekki á óvart. Segja má að það sé komin hefð fyrir

þessum aðgerðum. Byggjast þær á kenningum Johns Money, kenningum sem voru hraktar á seinustu öld þegar raunverulegar niðurstöður rannsókna hans komu fram í dagsljósið. Þá hafði Money kynnt rannsóknir sem hann vissi sjálfur að búið var að hrekja, í mörg ár. Sístækkandi upplýsingabanki um skaðsemi núverandi meðferðarforms hefur komið fram í dagsljósið nú á þessari öld. Þar má helst nefna skýrslur Alþjóðaheilbrigðiseftirlitsins, Sameinuðu þjóðanna og mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins. Með árunum hafa lækna einnig stigið fram sem neita að framkvæma þessar aðgerðir þar sem þær eru brot á réttindum barna til líkamlegrar friðhelgi. Má þar til dæmis nefna Mika Venhola hjá Oulu-háskólasjúkrahúsinu í Finnlandi. Því miður eru svona breytingar lengi að síast inn í þessi stóru heilbrigðisbatterí en hér á

landi erum við í kjöraðstæðum til þess að gera breytingar á stuttum tíma. Núverandi meðferðarform er að breytast, spurningin er hvort við viljum vera leiðandi, eða viljum við reka lestina þegar við neyðumst loksins til þess?“

Brotið á rétti foreldra

Heilbrigðisráðherra sagði nýverið að það þyrfti að gæta að réttindum foreldra intersex barna til meðhöndlunar á börnunum. „Við hjá Intersex Ísland teljum einmitt að brotið hafi verið á réttindum foreldra nú þegar, rétti foreldra til upplýsinga. Teljum við að ef allar upplýsingar væru bornar á borð fyrir foreldra, þar á meðal hættunnar sem fylgja slíkum aðgerðum og sú staðreynd að með því að framkvæma aðgerð strax er verið að neita barninu um allar skurðtæknilegar framfarir sem gætu átt sér stað, myndu fáir velja þá braut.“

ALLT FYRIR PARTÍÐ

Ekkert eðlulega gott



199 kr. stk.

DORITOS 170 G – NACHO CHEESE, COOL AMERICAN OG SWEET CHILLI



EÐLA

1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur
Rjómaostur settur í eldfast mót,
Doritos-sósu hellt yfir og rifnum
osti stráð yfir. Bakað við
180 gráður þar til osturinn
er orðinn gullinbrúnn.

519 kr. stk.

Rjómaostur

389 kr. stk.

Pizzaostur

199 kr. stk.

Pepsi Max 2 l

349 kr. stk.

Doritos-sósa

199 kr. stk.

Pepsi 2 l

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMIÐ EURÓVISIONPARTÍ



Lay's



Bugles



Voga idýfa



Magnum súkkulaðiis
3 pk.



Red Bull
orkudrykkur 4 pk.



Pepsi og Pepsi Max
4 x 2 l



**OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN
UM HVÍTASUNNU-
HELGINA** ENGIHJALLA, VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

Iceland



Á TROMMUNUM Arnar Rósenkranz segir að fríin á Íslandi á milli tónleika séu notuð vel, farið í sund alla daga og vinirnir heimsóttir.



BASSALEIKARINN Kristján Páll segir hljómsveitarmeðlimi hafa beðið um snakk og gos baksviðs í fyrra en að nú hugsi þau betur um heilsuna og búi sér til ávaxtabúst.



Á SVIÐI Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona og gítarleikari sveitarinnar.



OF MONSTERS AND MEN Hljómsveitin spilaði fyrir fullu húsi, 1.300 manns, aðra tónleikana í röð í Roselandleikhúsinu í Portland.

Gatorade og ávextir baksviðs

Fréttablaðið hitti tvo meðlimi **Of Monsters and Men** skömmu áður en sveitin tróð upp í Portland í Bandaríkjunum í vikunni. Hljómsveitin er farin aftur í tónleikaferðalag sem mun að minnsta kosti standa yfir fram í nóvember.

Andri Ólafsson
andri.olafsson@365.is



Pú hefur fimmtán mínútur, eftir það kem ég og næ í strákana," segir Kamilla Ingibergsdóttir ákveðin.

Hún kveður og skilur mig eftir í tónleikarútu hljómsveitarinnar Of Monsters and Men. Eftir eru með mér í rútnni Kristján Páll Kristjánsson bassaleikari og Arnar Rósenkranz Hilmarsson trommuleikari.

Kamilla vinnur fyrir hljómsveitina. Hún hafði útvegað mér þetta viðtal með skömmum fyrirvara. En rétt áður en hún yfirgaf okkur tilkynnti hún að myndatökur væru ekki mögulegar.

Fimmtán mínútur og engin mynd. Þetta verður trikki, hugsaði ég um leið og ég kveikti á upptöku á símanum og byrjaði viðtalið.

Rútan sem við erum í stendur í bakporti Roselandleikhússins í miðborg Portland. Það er miðvikudagur og klukkan er að verða sex. Rótarar eru á hverju strái og bera snúrur og tæknidót fram og til baka. Eftir tvo tíma á hljómsveitin að standa á sviði fyrir framan 1.300 aðdáendur og spila 90 mínútna tónleika.

Þetta er annað kvöldið í röð sem þau spila í Roseland. Uppselt í bæði skiptin. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferðalagi sem farið er í til að fylgja nýrri plötu úr hlaði.

Tökum nýtt og svo hittara

Hvernig er það, er ekkert stressandi að spila þessi nýju lög á tón-

leikum? Vill fólkíð ekki bara heyra gömlu slagarana? spyr ég.

„Nei, nei. Fólk hefur tekið nýju lögnum vel. Það kom eiginlega á óvart hversu vel það hefur gengið," segir Kristján Páll bassaleikari. Fólk er farið að syngja með í viðlögum og svona," bætir hann við.

Arnar trommuleikari útskýrir að þetta sé nýtt fyrir hljómsveitinni. Í síðustu hljómléikiferð sveitarinnar var platan My Head Is an Animal löngu komin út og aðdáendur þekktu öll löginn vel. Sérstaklega slagarana. Nú er sveitin hins vegar að spila mikið nýtt efni af annarri plötu sinni, Beneath the Skin, sem kemur út í næsta mánuði.

„Við reynum samt að leggja tónleikana okkar þannig upp að blanda saman nýrri og eldra efni. Tökum eitt nýtt og förum svo í einhvern hittara," segir Arnar.

„Svo fólkíð fari ekki heim," skýtur Kristján Páll inn í glottandi.

1.500 kílómetrar í einum rykk

Það er augljóst að Kristján og Arnar eru miklir félagar. Þeir hafa verið vinir lengi. Spilað saman í mörgum hljómsveitum. Voru líka saman í Fjölbraut í Garðabæ. Það verður þó að segjast að fjölbrautaskólinn virðist einhvern veginn vera í órafjarlægð frá hljómsveitarrútnni sem við sitjum í núna. Þegar hljómsveitin gistir á hótélum biðja strákarnir alltaf um herbergi sem liggja saman og hægt er að opna á milli.

En það er ekkert alltaf gíst á hótélum. Lífið á tónleikaferðalagi getur stundum verið hark. Síðustu

tónleikar sveitarinnar voru í Los Angeles. Eftir það var keyrt upp til Portland í hljómsveitarrútnni. 1.500 kílómetrar. Í einum rykk.

„Ég er til dæmis ekki viss um að það hafi margar hljómsveitir spilað jafn stíft og við gerðum á síðasta túr," segir Kristján Páll. Þá spilaði hljómsveitin 230 tónleika á 18 mánuðum. Strákarnir segja að hljómsveitin hafi lært mikið á því ferðalagi. Nú séu þau reynslunni ríkari.

„Það er til dæmis passað miklu betur upp á okkur," segir trommuleikarinn. Hugur minn reikar til Kamillu. Hvað ætli ég eigi mikinn tíma eftir? hugsa ég með mér.

Heilsusamlegar óskir

Er ræðinn ykkar ekki þá orðinn stærri og meiri? spyr ég strákana. (Ræðir er listi yfir þá hluti sem þurfa að vera til staðar baksviðs fyrir hljómsveitina. Sumir heimta svört handklæði. Aðrir skál af brúnum M&M.)

„Nja, ekki þannig," svarar Kristján Páll. Það er helst að ræðinn okkar er orðinn heilsusamlegri. Við biðjum til dæmis alltaf um mikið af ávöxtum og svona blandara. Svo gerum við okkur búst.

„Og svo biðjum við alltaf um bláan Gatorade, ekki gleyma því," skýtur Arnar inn.

„Áður fyrr báðum við alltaf um Doritos-snakk og eitthvert gos. En það þýðir ekki lengur. Maður er fljótur að blása út herna í Bandaríkjunum," segir Kristján Páll.

En hvað með andlega heilsu, hvað gerið þið eiginlega til að fríka ekki út á þessum endalögu ferðalögum?

„Eitt sem ég hef lært er að gera stundum ekki neitt," segir Krist-



HARÐIR AÐDÁENDUR Uppselt var á tvöna tónleika hljómsveitarinnar í Roselandleikhúsinu og margir mættir snemma til að fá gott pláss.

MYNDR/SIGURJÓN RAGNAR

ján Páll. „Þegar við vorum að byrja vildi ég nota allan tíma sem ég gat í að skoða mig um, vera túristi í þessum borgum sem við vorum að spila í. Núna veit ég að það er ekki hægt. Maður verður að læra að hvíla sig og slaka á. Þessir tónleikar taka mikla orku."

„Maður hefur líka lært að nýta tímann vel á Íslandi," bætir Arnar við.

Harðir aðdáendur við dyrnar

Tónleikaferðalagið núna er nefnilega sett þannig upp að hljómsveitin fær frí af og til frá spilamennsku og getur skotist heim til Íslands.

„Þá fer maður í sund alla daga og er alveg á fullu," segir Arnar.

„Þessar borgir eru líka misskemmtilegar. Portland er til dæmis alveg frábær. Eiginlega


uppáhaldsborgin okkar í Bandaríkjunum," segir Kristján Páll.

Það er heldur ekki alveg að ástæðulausu. Portland skipar ákveðinn sess hjá hljómsveitinni. Fyrstu tónleikarnir þar sem Of Monsters and Men var aðalnúmerið í Bandaríkjunum voru einmitt í Portland.

Nú eru þau mætt aftur. Hokin af reynslu. Fyrir utan Roseland hafa nokkrir tugir tónleikastaðir myndað röð við dyrnar. Þau vilja vera mætt snemma til að ná besta plássinu í tónleikasalnum. Þetta eru harðir aðdáendur.

Skyndilega heyri ég dyrnar á rútnni opnast. Kamilla er komin aftur. Er fimmtán mínúturnar í alvöru liðnar? spyr ég.

„Þær eru orðnar sautján," svarar Kamilla án þess að líta af klukkunni.



Við mælum með námi í
Tækniskólanum

Innritun stendur yfir á www.menntagatt.is

📍 Þú finnur okkur á Facebook.

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



LANGUR VINNUDAGUR „Ég gekk fram og aftur og þær eltu bara,“ segir Magnús dýrastjóri um vetrartökurnar. Féð var hið gæfasta þrátt fyrir vindvélar, fjölmennitökulið og mikið frost.

MYNDIR/BRYNJAR SNÆR

Kindurnar með hreinum ólíkindum

Hrútar, kvikmynd Gríms Hákonarsonar, hefur hlotið lof gagnrýnenda eftir frumsýningu hennar á Cannes. Myndin umturnaði Bárðardal á meðan á tókum stóð en bændur og kvikmyndagerðarmenn lögðust á eitt til að gera myndina að veruleika.

Jóhann Óli Eiddsson

johannoli@frettabladid.is



Það er vor og þú ert kvikmyndaleikstjóri. Um sumarið ætlar þú að taka upp kvikmynd sem gerist úti í sveit en þú hefur ekki enn fundið rétta tókustaðinn. Skrambinn. Það er klukkustund þar til þú þarft að leggja af stað heim til þín. Fyrir rælni tekurðu beygju inn í dal sem þú átt eftir að skoða. Ábyggilega fýluferð hugsarðu með þér áður en þú ekur yfir blindhæð og sérð hinn fullkomna stað.

„Svona var sagan þegar Grímur sagði okkur hana í lok tókutímabilsins,“ segir Anna Sæunn Ólafsdóttir um hvernig það kom til að Hrútar var tekin upp innst í Bárðardal. Anna er frá Bjarnarstöðum í Bárðardal og útskrifaðist úr Kvikmynda-skóla Íslands árið 2012. Hún starfaði sem aðstoðarkona við framleiðslu og leikmynd í Hrútum auk þess að leika örlítið hlutverk í myndinni.

Myndin var tekin upp á þremur vikum í lok ágúst og þremur vikum í nóvember. „Upphaflega átti að vera auka tókuvika í nóvember en þá gerði asahláku og snjórenn sem við þurftum hvarf á brott. Því færðist ein vika af tókum fram í janúar,“ segir Anna, sem er nýkomin til landsins af rauða dreglinum í Cannes.

Féð ætti að fá verðlaun

Hrútar segir frá tveimur bræðrum, Gumma og Kidda, leiknum af Sigurði Sigurjónssyni og Theodóri Júlíussyni. Bræðurnir eru um margt ólíkir og virðast við fyrstu sýn ekki deila öðru en blóðböndunum og ást á sauðkindinni.

„Kindurnar á Halldórsstöðum eru dálítið spes. Það er kjassað örlítið við

þær og þær sem fengu hlutverk eru extra gæfar,“ segir Ólafur Ólafsson, bóndi á Bjarnarstöðum og faðir Önnu Sæunnar, um leikhæfileika kindanna.

Í sumum senum voru kindurnar innan um vindvélar, ljós, hóp af leikurum, myndatökumönnum og öðru starfsfólki á settinu. „Og þegar þær áttu að ganga gengu þær og voru kyrrar þegar þær áttu að vera kyrrar. Ég sagði um leið og tókum lauk að þær ættu að fá Edduna.“

Bóndinn á Bjarnarstöðum gantast síðan með að Grímur leikstjóri sé ekki aðeins göldróttur bak við vélina heldur hefur hann einnig tengingu við veðurguðina. Einn daginn átti að taka upp inni og þá migrignði úti. Daginn eftir átti að taka upp úti. „Þá bað Grímur um sól og hann fékk sól!“

Allir lögðu hönd á plóg

„Nánast allur dalurinn kom að myndinni á einhverjum tímamarki,“ bætir Ólafur við, en hann kom að gerð leikmynda í Hrútum auk þess að leika hlutverk Tóta í Tungu og vera Magnúsi Skarphéðinssyni dýrastjóra innan handar. „Ég hef aðeins staðið uppi á sviði en aldrei tekið þátt í kvikmynd áður. Þetta var ákveðið ævintýr.“

Stærstur hluti myndarinnar er tekinn upp á bæjunum Mýri og Bólstað innst í Bárðardal en þar búa Tryggvi Höskuldsson og Guðrún Sveinbjörnsdóttir. Líkt og áður segir voru kindurnar sem léku í myndinni frá Halldórsstöðum en Magnúsi Skarphéðinsson frá Svartárkoti sá um að leikstýra þeim.

Auk þess að vera með fjárbú eiga Magnús og eiginkona hans, Sigurlína Tryggvadóttir, gistiheimilið Kiðagil. Hluti starfsfólksins að baki myndinni gisti á Kiðagili. Sigurlína leikur smátt hlutverk í myndinni og sá einnig til þess að leikarar og

Á tókustað: Hrúturinn mátti ekki horfa í myndavélarnar



„Það var ómögulegt að nota mínar kindur til verksins,“ segir Magnús. Mýri og Bólstaður eru vestanmegin í Bárðardal en Svartárkot er austanmegin. Skjálfaðafliót rennur í gegnum dalinn og markar það sóttvarnarlínu sem kindur mega ekki fara yfir. Því var brugðið á það ráð að fá kindur lánaðar frá Halldórsstöðum sem eru réttum megin í dalnum.

Mestur tími Magnúsar fór í að þjálfva hrútinn Við sem

gengur undir nafninu Garpur í myndinni. „Satt best að segja þá kom þetta af sjálfu sér eftir að maður hafði umgengist þær. Ég labbaði leiðina sem kindurnar áttu að fara og þær eltu. Öllu erfiðara var þegar búið var að stilla upp fyrir senu og Grímur leikstjóri bað mig um að fá hrútinn til að hætta að horfa í myndavélina. Ég vissi ekki hvernig ég átti að koma þeim skilaboðum áleiðis,“ segir Magnús og skellir upp úr.

„Kindurnar á Halldórsstöðum eru dálítið spes. Það er kjassað örlítið við þær og þær sem fengu hlutverk eru extra gæfar.“

Ólafur Ólafsson, aðstoðardýrastjóri.

starfslið sýlti ekki heilu hungri á meðan á tókum stóð.

„Þau fengu morgunmat og kvöldmat á Kiðagili og um miðjan daginn ókum við með mat til þeirra á tókustað,“ segir Sigurlína og bætir við að það gangi ekki að hafa fólk

hungrað þegar það vinnur tólf tíma vinnudag. Fjöldi þeirra sem var í mat gat verið breytilegur dag frá degi, en yfirleitt voru tæplega þrjátíu manns á staðnum. Á fjölmennari dögum gat sú tala ríflega tvöfaldað.

„Þetta var allt stærra og meira en ég hélt í upphafi en jafnframt æðislegt að koma að þessu. Mig grunar að ég þurfi að horfa oft á myndina áður en það venst að sjá sveitina og sveitunga sína á skjánum.“

Andinn skilar sér í myndinni

Eitt af því sem allir aðstandendur myndarinnar tala um er hinn feikigóði andi sem sveif yfir vötnum.

Grímur leikstjóri og Grímar Jónsson, framleiðandi myndarinnar, hafa báðir nefnt í viðtölum hve ánægðir þeir eru með samvinnuna og gestrisni heimamanna.

„Við vissum að myndin yrði góð en enginn bjóst við þessu nema þeir sem reyndu að koma myndinni inn á hátíðina. Það kom ótrúlega gott fólk að myndinni og framleiðendur hittu á hárrétta manneskju í allar stöður. Það munar öllu þegar þú ert að gera kvikmynd,“ segir Anna Sæunn. Hún bætir því við að slíkt sé alls ekki sjálfgefið þegar fólk sé samankomið uppi í sveit, langt frá fjölskyldum sínum. „Það voru einfaldlega allir mættir til að massa þetta.“

NÓATÚN

Opið til
miðnættis
alla daga

8·24

OPIÐ ALLA HVÍTASUNNUNA Í AUSTURVERI

Úrbeinað lambalæri með
sveppa og Camembert
fyllingu

2499 kr./kg

Skráðu þig í sælkeraklúbb Nóatúns á www.noatun.is

Vikulegir vinningar, góð ráð, uppskriftir o.fl.

20%
afsláttur



Kalkúna-
bringur

2958 kr./kg
~~3698 kr./kg.~~

20%
afsláttur



Hamborgar-
hryggur

1398 kr./kg
~~1761 kr./kg.~~

20%
afsláttur



Andabringur

3199 kr./kg
~~3999 kr./kg.~~

Svart-
fuglsegginn
eru komin
í Nóatún



Opið til
miðnættis
alla daga

8·24

NÓATÚN

Austuveri



EDWARD SNOWDEN
Veifar frá Moskvu til áhorfenda í Berlín þegar hann hlaut mannréttindaverðlaun kennnd við Carl von Ossietzky, ásamt blaðamanninum Glenn Greenwald og heimildarmyndagerðarkonunni Laura Poitras.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

UPPHAFIÐ MÁ REKJA TIL UPPLJÓSTRANA EDWARDS SNOWDEN

Fyrstu dagana í júní árið 2013 afhenti Bandaríkjamadurinn Edward Snowden nokkrum blaðamönnum fjöldann allan af leyniskjöllum sem hann hafði komist yfir í starfi sínu hjá bandarísku Þjóðaröryggisstofnuninni (NSA). Snowden var þá staddur í Hong Kong, nýlega kominn þangað frá Havaí þar sem hann bjó og starfaði sem verktaki fyrir NSA við umsjón tölvukerfa. Í skjölunum er að finna ítarlegar

upplýsingar um njósnastarfsemi NSA, þar á meðal stórfellda söfnun upplýsinga um farsímanotkun einstaklinga, stofnana og fyrirtækja víða um heim.

Uppljóstranir Snowdens vöktu mikla athygli og verulegt uppnám innan bandarísku leyniþjónustunnar, meðal bandarískra stjórnvalda og ekki síst meðal almennings í Evrópulöndum, sem nú fékk staðfestingu á því að Bandaríkjamenn

væru að fylgjast með símanotkun fólks, stundum jafnvel með aðstoð frá stjórnvöldum í hverju landi fyrir sig.

Fljótlega varð ljóst að Snowden myndi ekki telja sér óhætt að halda aftur til Bandaríkjanna. Hann sótti um pólitískt hæli í Hong Kong, en flaug svo þaðan með leynd til Rússlands þar sem hann dvelur enn, með dvalarleyfi til bráðabirgða.

Kanslari í klípu vegna hlerana

Vaxandi þrýstingur hefur verið á Angelu Merkel Þýskalandskanslara fyrir að hafa ekki komið hreint fram við kjósendur fyrir kosningarnar 2013. Verulega virðist reyna á stjórnarsamstarf Kristilegra demókrata og Sósíaldemókrata vegna þessa.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Meira en þriðjungur Þjóðverja segist trúa því að Angela Merkel kanslari hafi blekkst þjóðina varðandi símhleranir Bandaríkjamanna þegar kosningabaráttan í Þýskalandi stóð sem hæst haustið 2013.

Þetta kom fram nú í vikunni þegar birt var skoðanakönnun sem Forsa gerði fyrir tímaritið Stern og sjónvarpsrásina RTL.

Alls telja 37 prósent svarenda að Merkel hafi blekkst þjóðina. Meira að segja 22 prósent hennar eigin flokksmanna eru þessarar skoðunar. Og 38 prósent fylgjenda Sósíaldemókrataflokkans, samstarfsflokks Kristilegra demókrata í ríkisstjórn Merkel, sömuleiðis.

Þjónkun við Bandaríkin

Málið snýst um að Merkel hafi, í miðri kosningabaráttu árið 2013, vísvitandi blekkst kjósendur með því að gefa í skyn að Þýskaland og Bandaríkin muni gera með sér samning um að stunda ekki njósnir um hvort annað. Eftir á hafi komið í ljós að Bandaríkjamenn hafi aldrei haft í hyggju að gera slíkan samning, þótt Merkel hafi gert sér vonir um það.

Þessu tengjast svo uppljóstranir um að þýska leyniþjónustan BND hafi beinlínis aðstoðað bandarísku leyniþjónustuna NSA við að safna upplýsingum um þýsk fyrirtæki og stofnanir. Háværar kröfur hafa verið um að birtur verði opinberlega listi yfir hundruð fyrirtækja og stofnana, sem Bandaríkin hafa haft sérstakan áhuga á bæði í Þýskalandi og fleiri Evrópulöndum.

Gerhard Schindler, yfirmaður BND, hefur viðurkennt að starfsmenn hans hafi aðstoðað Bandaríkin við að afla upplýsinga um þessar stofnanir og fyrirtæki. Hann viðurkennir jafnframt að þýska leyniþjónustan hafi gert mörg og alvarleg mistök í samskiptum sínum við bandarísku leyniþjónustuna.

Reyndar virðist hann hafa mestar áhyggjur af því að umræðan í Þýskalandi verði til þess að skaða samstarf bandarísku og þýsku leyniþjónustunnar. „Við erum háð NSA, en ekki öfugt,“ er haft eftir honum á vef þýsku sjónvarpsstöðvarinnar N-tv.

Í miðri kosningabaráttu

Í byrjun júní 2013, nokkrum mánuðum fyrir síðustu þingkosningar í Þýskalandi, birtust fyrstu uppljóstranirnar frá Bandaríkjamanninum Edward Snowden, þar sem heimsbyggðin fékk staðfestingar á því að bandarískir leyniþjónustumenn hefðu í stórum stíl safnað upplýsingum um farsímanotkun einstaklinga, stofnana og fyrirtækja víða um heim.

Merkel brást ekki mjög hart við þessum uppljóstrunum fyrr en síðar, þegar ljóst var orðið að njósn að hefði verið um hana sjálfa. Þvert á móti sagðist hún bera fullt traust



SIGMAR GABRIEL OG ANGELA MERKEL Leiðtogar Sósíaldemókrata og Kristilegra demókrata, samstarfsflokkanna í stóru samsteypustjórninni í Þýskalandi. Gabriel er efnahagsráðherra og ekki alls kostar ánægður með skýringar kanslara síns á njósnamálinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



STEYPTIR Í BRONS Styttur af Edward Snowden, Julian Assange og Chelsea Manning, sem allir hafa bakað sér óvild bandarískra stjórnvalda vegna uppljóstrana um njósnir og hernaðarbrölt. Stytturarnar eru gerðar af ítalska listamanninum Davide Domino og voru settar upp á Alexanderplatz í Berlín ásamt fjórða stólnum, sem vegfarendum gafst tækifæri til stíga upp á til að tjá sig. Listaverkið heitir: Eitthvað að segja?
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Við erum háð bandarísku leyniþjónustunni, en ekki öfugt.

Gerhard Schindler, yfirmaður þýsku leyniþjónustunnar.

til Bandaríkjanna. „Við eigum ekki lengur í köldu stríði,“ sagði talsmaður hennar, Steffen Seibert.

Almenningur í Þýskalandi lét sér þetta þó ekki nægja og verulegur þrýstingur var á Merkel um að láta Bandaríkin ekki komast upp með hleranirnar.

Samningurinn margboðaði

Þýsk stjórnvöld brugðust svo við þessum þrýstingi með því að segjast stefna að því að gera samning við Bandaríkin um að hvorugt ríkið myndi stunda njósnir um hitt. Þann 12. ágúst fullyrti Ronald Pofalla, skrifstofustjóri kanslaraskrifstof-

unnar, að Bandaríkin hefðu gert tilboð um slíkan samning.

Þessi yfirlýsing róaði kjósendur nokkuð, og þýskir ráðamenn héldu áfram að vísa í væntanlegan samning við Bandaríkin. Nú er hins vegar komið í ljós að Bandaríkjamenn hafi aldrei haft neinn áhuga á því að gera slíkan samning, og að þýskum stjórnvöldum hefði átt að vera það fyllilega ljóst. Því til staðfestingar hafa nokkur þýsk dagblöð birt tölvupóstamskipti milli bandarískra og þýskra stjórnvalda frá þessum tíma, en þar kemur fram að það næsta sem Bandaríkin komust því að lofa samningi var þegar James Clapper, yfirmaður bandarísku njósnastofnananna, sagðist tilbúinn til þess að setja á stofn sameiginlega nefnd landanna, þar sem ræða mætti hvernig slíkur samningur yrði úr garði gerður. Sjálfur hefði hann hins vegar ekkert umboð til þess að taka ákvarðanir um slíkt.

Merkel brást við

Það var ekki fyrr en Angela Merkel frétti af því síðla árs 2013, nokkru eftir að þingkosningum lauk, að starfsmenn bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar NSA hefðu hlerað síma hennar, að hún brást ókvæða við og krafðist bæði ítarlegra skýringa og afsökunarbeiðni frá Bandaríkjunum. Málið þótti ekki síst óþægilegt fyrir hana vegna þess að hún ólst upp í Austur-Þýskalandi, þar sem símhleranir stjórnvalda voru daglegt brauð.

Hún hringdi í Barack Obama Bandaríkjaforseta og áttu þau langt símtal, þar sem hún sagði slíkt framferði ekki líðandi af hálfu Bandaríkjanna. Alvarlegur trúnaðarrestur hefði orðið. Obama sagðist vera leiður vegna þessa máls, en fullyrti jafnframt að Bandaríkin væru ekki að fylgjast með símtölum kanslarans, og hefðu ekki í hyggju að gera það.

Merkel var greinilega ósátt, en ekki er annað að sjá en að hún hafi látið Bandaríkjamenn fara sínu fram án frekari aðgerða. Það virðist nú vera að koma í bakið á henni.

Gabriel ósáttur

Mál þessi virðast farin að reyna töluvert á ríkisstjórnarsamstarf Kristilegra demókrata með Sósíaldemókrötum. Sigmar Gabriel, sem er efnahagsráðherra stjórnarinnar, varakanslari og leiðtogi Sósíaldemókrata, segir að Merkel verði nú að fara að standa í lappirnar gagnvart Bandaríkjamönnum og leggja spilin á borðið. Birta þurfi listann umdeilda.

Orðaskipti þeirra Gabriels og Merkel hafa annars ekki farið fram opinberlega, en Volker Kauder, þingflokksformaður Kristilegra demókrata, segir harðan tón hafa verið í samræðum þeirra og framkoma Gabriels hafi verið ólíðandi.

Merkel segist sjálf engu að síður enn njóta fulls trúnaðartrausts af hálfu Gabriels.

Frá kr. **65.900**

SÉRTILBOÐ
Krit, Tenerife, Benidorm, Marmaris.
&
Allt að 20.000 kr.
bókunarafsláttur á mann
til 1. júní 2015.
Albir, Benidorm, Bodrum, Marmaris.
Valdar dagsetningar, valin hótél.

Bókaðu sól í sumar

Krit



m/morgunmat

Marina Sands
Frá kr. 109.900

Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2+2 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2 í herbergi.
1. júní í 11 nætur á sértilboði.

Krit



m/allt innifalið

Maleme Mare
Frá kr. 124.900

Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2+2 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 í herbergi.
1. júní í 11 nætur á sértilboði.

Tenerife



m/allt innifalið

Tamaimo Tropical
Frá kr. 114.900

Netverð á mann frá kr. 114.900 m.v. 2+2 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 í stúdíó.
6. júní í 14 nætur á sértilboði.

Tenerife



m/allt innifalið

Tenerife Sur
Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2+2 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 í stúdíó.
20. júní í 14 nætur á sértilboði.

Benidorm



m/hálft fæði innifalið

Benikactus
Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
7. júní í 7 nætur á sértilboði.

Bodrum



m/allt innifalið

Eken Resort
Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 148.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
18. júní í 11 nætur m/bókunarafslætti.

Marmaris



m/hálft fæði innifalið

Hotel Romance
Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna
og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
18. júní í 11 nætur á sértilboði.

Salou



m/morgunmat

Stökktu
Frá kr. 65.900

Netverð á mann frá kr. 65.900 m.v. 2-4 í íbúð/
herbergi. Stökktu 29. maí og 5. júní
í 7 nætur.
Einnig í boði stökktu m/hálft fæði innifalið.

Þitt með lýnara um þrennillur. Heimferðir skýja sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án lýnara. ENEMM / SIA - NM0015



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

PINGMAÐUR Í 32 ÁR



1983 Sjávarútvegsráðherra í ráðuneyti Steingríms Hermannssonar.



1985 Halldór og Þorsteinn Pálsson störfuðu mikið saman í stjórn málum.



2003 | 20. mars Stríðið í Írak hefst. Ísland er á lista hinna viljugu þjóða sem studdu innrásina.

2003 Utanríkisráðherra í fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar.



FRAMSKÖRNARMENN ÁRIÐ 1986 Halldór (t.v.) með þingflokki sínum.



ÞJÓÐARLEIÐTOGAR Tony Blair og Halldór funda árið 2006.



AFINN Halldór á miðstjórnarfundum með afastelpunni Kóru Sól.



1970

1975

1980

1985

1990

1995

2000

2005

2010

2015

• 1974 Sest fyrst á þing fyrir Framsóknarflokkinn.

• 1980 Kjörinn varaformaður Framsóknar.

• 1987 Sjávarútvegsráðherra í ráðuneyti Þorsteins Pálssonar.

• 1988 Sjávarútvegsráðherra í öðru ráðuneyti Steingríms Hermannssonar.

• 1989 Sjávarútvegsráðherra í þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar.

• 1994 Kjörinn formaður Framsóknarflokksins.

• 1995 Utanríkisráðherra í öðru ráðuneyti Davíðs Oddssonar.

• 1999 Utanríkisráðherra í þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar.

• 2004 Leiðir ríkisstjórn sem forsætisráðherra.

• 2006 Segir af sér þingmennsku og forsætisráðherraembætti.

• 2007 Tekur við sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

• 2013 Lætur af störfum.



1947–2015

Halldór Ásgrímsson

Halldór Ásgrímsson lést 18. maí síðastliðinn, 67 ára að aldri. Halldórs verður án vafa minnst sem eins af mikilvægustu stjórnáráðgjöfverðum í sögu lýðveldisins en hann sat nánast sleitulaust á þingi í 32 ár og þar af í 19 ár sem ráðherra, lengst allra þingmanna.

- Fæddur 8. september 1947 í Vopnafirði.
- Samvinnuskólapróf árið 1965
- Réttindi sem löggiltur endurskoðandi 1970.
- Í þrjú ár nam hann viðskiptafræði í Björgvin í Noregi og Kaupmannahöfn í Danmörku.
- Halldór settist fyrst á þing fyrir Framsóknarflokkinn í Austurlandskjördæmi árið 1974.
- Halldór var giftur Sigurjónu Sigurðardóttur og átti þrjár dætur, auk afa- og langafabarna.

Eftir alþingiskosningar árið 1983 var Halldór gerður að sjávarútvegsráðherra í ráðuneyti Steingríms Hermannssonar. Sat hann í því embætti til ársins 1991. Aftur settist hann í stól ráðherra árið 1995, þá sem utanríkisráð-

herra, og sat þar í níu ár. Halldór Ásgrímsson var fyrst kjörinn varaformaður Framsóknarflokksins árið 1980. Tók hann við embætti formanns flokksins fjórtán árum síðar og gegndi stöðu formanns þar til hann hætti í stjórn málum.

Ljóst má vera af þessari upptalningu að Halldór gegndi mikilvægum embættum í æðstu stjórn landsins um langa hríð og hafði mikil áhrif á uppgangstímum íslensks samfélags. Á þessum árum tók íslenskt þjóðfélag miklum breytingum og verður hans líkast til minnst sem eins af mestu áhrifamönnum í sögu þjóðar okkar.

Halldór var einn þeirra framsoknarmanna sem vildu að Ísland gengi í Evrópusambandið. Í stöðu sinni sem utanríkisráðherra ræktaði hann samskipti landsins beggja vegna Atlantshafsins og átti í góðum samskiptum við helstu valdamenn bæði í Evrópu og vestanhafs.

Halldór sagði af sér sem forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2006 sem voru nokkuð erfiðar fyrir Framsóknarflokkinn. Flokkurinn bauð fram undir eigin merkjum í 23 sveitarfélögum á landinu og tap-

aði í heildina 24 sveitarstjórnarfulltrúum. Er þetta er í eina skipti sem forsætisráðherra og formaður stjórnáráðgjöfverðs flokksins lýkur stjórnáráðgjöfverðum sinni vegna kosningaósígsurs.


Samferðamenn hans í íslensku stjórn málum hafa minnst Halldórs síðustu daga sem mikilvægur stjórnáráðgjöfverðs flokksmanns sem hafi verið traustur samstarfsmaður, orðheldinn og sanngjarn stjórnáráðgjöfverðs flokksmanns. Þótt slegið hafi í brýnu hér og þar á stjórnáráðgjöfverðum Halldórs verður hann seint sakadur um að hafa beitt átakastjórnáráðgjöfverðum á sínum ferli og náði oft á tíðum að forðast átök og leiða þau til lykta á einn eða annan hátt.

Þegar stjórnáráðgjöfverðs flokksmanns sitja svo lengi í valdastöðum í íslensku þjóðfélagi verður ávallt hægt að tala til hinar ýmsu ákvarðanir sem eru umdeildar enn þann dag í dag. Ákvörðun þess flokks að setja Ísland á lista hinna staðföstu þjóða í stríðinu í Írak og þegar kvótakerfið var sett á, falla líklega í þann flokk ákvarðana. Einnig hljóma hugmyndir hans frá síðustu öld um að gera Ísland að alþjóðlegri fjármála miðstöð heldur hjákátlegar í dag. Samt sem áður má segja að Halldór hafi sett sitt mark á íslenskt samfélag á miklum uppgangstímum.

nettó

Kræsingar & kostakjör

NÝTT KORTATÍMABIL!



-50%

BAYONNESKINKA
ÚR BÓG

999

ÁÐUR 1.998 KR/KG



GOÐI

GRÍSARIF
BBQ

1.398

KR/KG



FERSKLEINT
KJÖTBANKINN
FIGMENNISLA

LAMBAPRIME
STUBBAR Í SÍTR.SMJÖRI

2.990

ÁÐUR 3.359 KR/KG



GOÐI

BRATWURST
PYLSUR

-30%

593

ÁÐUR 698 KR/PK



JARÐARBER FROSIN
400 GR. ALLETIDER

-20%

248

ÁÐUR 310 KR/PK



WHOLE EARTH
GOS 330ML, 7 TEG

-20%

159

ÁÐUR 199 KR/STK



EPLI
RAUÐ

-50%

175

ÁÐUR 349 KR/KG

Opnunartímar Nettó 24. - 25. maí, kvítasunna

24. maí

Nettó Akureyri	Lokað	Nettó Grindavík	Lokað	Nettó Mjódd	Lokað*
Nettó Borgarnes	Lokað	Nettó Hverafold	Lokað	Nettó Reykjanesbær	Lokað
Nettó Egilsstaðir	Lokað	Nettó Höfn	Lokað	Nettó Selfoss	Lokað
Nettó Grandi	Lokað*	Nettó Kópavogur	Lokað		

* lokum um miðnætti kvöldið áður og opnum afur á miðnætti

25. maí

Nettó Akureyri	10:00 - 18:00	Nettó Grindavík	10:00 - 18:00	Nettó Mjódd	Opið 24 klst.
Nettó Borgarnes	10:00 - 18:00	Nettó Hverafold	10:00 - 18:00	Nettó Reykjanesbær	10:00 - 18:00
Nettó Egilsstaðir	10:00 - 18:00	Nettó Höfn	10:00 - 18:00	Nettó Selfoss	10:00 - 20:00
Nettó Grandi	Opið 24 klst.	Nettó Kópavogur	10:00 - 18:00		

Tilboðin gilda 23. maí - 25. maí 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÞEGAR ÓÐINN HERMAÐUR FÓR UM EVRÓPU

FLÆKJUSAGA



Illugi Jökulsson gluggaði í nýja bók sem leiðir rök að því að Snorri Sturluson hafi ekki farið með neitt fleipur.

Einn góðan veðurdag í Reykholti, laust fyrir miðja þrettánda öld, þá settist Snorri Sturluson að nýverkuðu kálfskinni, mundaði fjaðurpennann og skrifaði svo: „Kringla heimsins, sú er mannfólkið byggir, er mjög vogskorin. Ganga höf stór úr útsjánum inn í jörðina ... [N]orðan að Svartahafi gengur Svíþjóð hin mikla eða hin kalda ... Ur norðri frá fjöllum þeim er fyrir utan eru byggð alla fellur á um Svíþjóð, sú er að réttu heitir Tanaís. Hún var forðum kölluð Tanakvísl eða Vanakvísl. Hún kemur til sjávar inn í Svartahaf ... Heitir fyrir austan Asía en fyrir vestan Evrópa. – Fyrir austan Tanakvísl í Asíu var kallað Ásaland eða Ásaheimur en höfuðborgin, er í var landinu, kölluðu þeir Ásgarð. En í borginni var höfðingi sá er Óðinn var kallaður. Óðinn var hermaður mikill og mjög víðförlur og eignaðist mörg ríki.“

Óg hélt svo Snorri áfram í þessum dúr næstu daga og vikur, sagði frá því að „í þann tíma fóru Rómverjahöfðingjar víða um heiminn og brutu undir sig allan heiminn en margir höfðingjar flýðu fyrir þeim ófriði“ og þar á meðal höfðinginn Óðinn sem fór með sína ætt norður í lönd um Þýskaland og Danmörku og svo enn norður til þeirrar Svíþjóðar sem við þekkjum nú, en þar staðnæmdest hópurinn og settist að. „En fyrir því að Óðinn var forspár og fjölkunnugur þá vissi hann að hans afkvæmi mundi um norðurálfu heimsins byggja.“

„Verið vegfarendur“

Og skrifaði svo Snorri enn lengi og vel, og var hér komin Heimskringla, þar sem greint er frá konungætt Noregs en ætt hennar sem sé rakin til Svíþjóðar og hins mikla Óðins sem kom langt sunnan úr löndum og var að endingu talinn goðumlíkur af afkomendum sínum, nei, ekki goðumlíkur, heldur sjálfur guð.

Nú held ég sé langt síðan hvarflaði að nokkrum manni að taka þetta upphaf Heimskringlu hátíðlega. Hvaða rugl væri það líka að einhver nafngreindur höfðingi hefði leitt fólk sitt til hinna helstil harðbýlu Norðurlanda alla leið sunnan frá Svartahafsströndum Rússlands (Svíþjóðar hinnar miklu) eða jafnvel enn sunnar að, frá Tyrklandi, því það má lesa út úr Gylfaginningu sem Snorri skrifaði líka að upphaflega hafi Óðinn þessi kappi búið í næsta nágrenni við Trójuborg? Nei, hvaða fádæmaferðalag væri það?


En þarf sagan af þessu ferðalagi endilega að vera algjör tilbúningur?

Jesús sagði: „Verið vegfarendur.“ Og eins og flest það sem haft er eftir meistaránunum frá Nasaret er þessi brýning byggð á langri reynslu af mannkyninu og náttúrulegu eðli þess. Að gera öðrum þá sem þér vilduð að aðrir menn gerðu yður, það var til dæmis ekki ný hugsun hjá Jesú þótt hann orðaði hana allra manna skýrast; samskonar boðorð höfðu víða verið á kreiki, og lengi. Og það var líka mála sannast að sú hvöt er afar djúp í mannsálinni að vera vegfarendur, langa í ferðalag, gá hvað er bak við næsta leiti, kanna hvort grasið sé í rauninni grænna hinum megin við ána. Fyrir nokkrum vikum fjallaði ég um þessa þrá mannsins til að

FERÐIR GERMANA SAMKVÆMT KENNINGUM WILLIAMS

Örvarnar

- 1 Til Hittítalands
- 2 Flóttinn til Úkraínu
- 3 Haldið til Þýskalands
- 4 Til Danmerkur
- 5 Og svo til Svíþjóðar
- 6 Gotar fara af stað
- 7 Sókn Germana



vera vegfarendur í grein sem snerist um fyrsta hóp homo sapiens sem lagði upp frá Afríku fyrir 70.000 árum eða þar um bil, og þótt leiðirnar lægju um frjósöm og blómleg lönd þar sem gnægd var veiðidýra og nóg að bíta og brenna, þá hélt hópurinn sífellt áfram í 20 þúsund ár þangað til ekki varð lengra komist og hann var lentur á heldur hrjóstrugu flæmi Ástralíu.

Annað merkilegt dæmi má nefna: Fyrir ekki nema 18 þúsund árum eða þar um bil stigu menn fyrst fæti á Ameríku og komu frá Asíu yfir Beringssund. Og þeir fóru um frjósamar sléttur miðríkja Bandaríkjanna og um sólríkar strendur Kaliforníu og um Mexíkó og Mið-Ameríkulönd þar sem ekki þarf nema að reka græðling í jörð til að upp spretti á svipstundu fullvaxta jurt og alltaf nóg af veiðibrað í þá daga, og menn fóru svo um sjálft lunga jarðarinnar, hið fagra svæði Amazónfljóts, en einhvern veginn nægði þetta ekki hluta hópsins. Hann vildi alltaf halda lengra og þegar fyrir 12 þúsund árum – eftir ekki nema 5-6 þúsund ára ferðalag – þá var komin mannabyggð á Eldlandi, syðsta hjara Suður-Ameríku. Þar er gróðursnautt og þrútið loft og þungur sjór og þokudrungað vor. Til lítils höfðu menn farið um hin fögru héruð á suðurleiðinni að menn skyldu svo byggja útsker þetta.

Er um einhvern leyndardóm að ræða?

Hin eina skýring sem sjáanleg er, hún er þessi sem Jesús brýndi svo fyrir mönnum seinna að gleyma ekki: Að þeir eru ferðalangar, vegfarendur, í eðli sínu. Og í því felst líka djúpstæð forvitni um hvaðan við erum komin. Jafnvel sá sem hefur búið alla sína ævi undir sama fjallinu, hann er spurður: „Hvaðan ertu?“ Því við vitum innst inni að við erum sífellt á ferðalagi.

Og vissi Snorri það? Var það þess vegna sem honum fannst brýnt að skrifa upp fortið og ferðalög fyrir bæði þá konungætt og þann goðaheim, sem hann fjallaði um í verkum sínum? Hvort tveggja hlaut að vera komið einhvers staðar og hafa lagt að baki heilmikið ferðalag.

Það er gaman að segja frá því að í nýlegri bók, The Origin of the Scandinavians, þar er Snorri Sturluson vissulega tekinn hátíðlega, og ýmsar aðrar forn-ur heimildir líka, sem ekki hefur verið í tísku um skeið að taka mikið mark á. Bókin kom út hér á landi á útmánuðum, þótt á ensku sé, og það er reyndar forlag sem ég vinn sjálfur hjá sem gaf hana út en í vissu þess að þessi bók er sannarlega ekki í samkeppni við neina aðra bók á markaðnum nú, þá leyfi ég mér að vekja

á henni athygli. Því hún er samin af eldmóði, það er óhætt að segja. Höfundur heitir William B. Williams, bandarískur kaupsýslumaður sem settist laust fyrir miðjan aldur í helgan stein og hefur síðan flakkað um heiminn og forvitnast um allt mögulegt; sannkallaður vegfarendi sem sagt. Í bókinni leitast hann við að leysa þann „leyndardóm“ eins og hann kemst að orði hvaðan Norðurlandabúar komu.

Sú spurning kann við fyrstu sýn að virðast nokkuð einkennileg, jafnvel óþörf. Ísöld lauk á norðurlöndum fyrir eitt-hvað um tíu þúsund árum og þá fór fólk að setjast þar að þótt enn væri ansi hrjóstrugt í norðrinu, og maður skyldi ætla að lífsbaráttan hafi verið auðveldari sunnar í álfunni, en nei, hvötin til að leggjast í ferðalög varð öllu yfirsterkari og steinaldarmenn settust að á Norðurlöndum rétt eins og á Eldlandinu, svo reis þar bronsöld og tíminn leið og brátt var komið fram á þá tíma sem ritaðar heimildir ná til. Var það ekki bara svona? Fólk kom snemma og hefur haldið kyrru fyrir síðan.

Reyndar ekki. Einhvern tíma snemma á bronsöld þá kólnaði til dæmis loftslag á Norðurlöndum helstil skarpt. Þar hafði verið hlýtt sem við Miðjarðarhafið, en þegar kólnaði fluttist fólk í stórhópum suður í Mið-Evrópu. Það segja fornleifar. Og laust fyrir árið 100 fyrir Krist, þá tóku tvær heilar þjóðir sig upp frá Danmörku og fluttust suður með manni og mús, Kimbrar og Tevtónar, þeir voru Rómverjum mikil ógn áður en þeir voru að velli lagðir. Og Húnar, ættaðir einhvers staðar úr Mið-Asíu, voru allt í einu komin alla leið vestur til Frakklands og hröktu á undan sér fjölda óttasleginna germanskra þjóða. Svo við skulum aldrei vanmeta þörf, eða hreinlega löngun, heilu hópanna og jafnvel heilla þjóða til að leggja land undir fót. Og þau ferðalög má sum vel kalla leyndardóma.

Yfir höfuðsvörðum Rómar

Þótt Williams styðji kenningar sínar miklum lestri á fornum heimildum, rómverskum fornaldarritum í viðbót við Snorra Sturluson og margt annað, þá veit ég ekki hvort það mun duga til að sannfæra fræðimannasamfélagið um að full ástæða sé til að lesa Heimskringlu bókstaflegar en gert hefur verið um skeið. En í ljósi þeirrar

hvatar mannsins að vera á faraldsfæti, þá er vissulega í sjálfu sér ekkert óhugsandi við það ferðalag sem hann lýsir. Það óvænasta við kenningar Bandaríkjamannsins um uppruna norrænna manna er að hann skuli finna merki forfeðra vorra svo langt aftur í öldum sem raun er á. Því hann telur sig hafa þefað þá uppi fyrst í Þrakíu fyrir óralöngu og svo í landi hinna dularfullu Hittíta sem

áttu eitt mesta stórveldi heimsins um árið 1600 fyrir Krist. Sú þjóð atti mjög kappi við Egífta hina eldfornu en gafaði svo upp úr sögunni nær hljóðalaust. Williams álitur að seinna hafi forfeður norrænna manna hrakist aftur til Evrópu undan Persum og þá til Rússlands, og þar hafi Óðinn fæðst, sá mikli höfðingi sem að lyktum leiddi þjóð sína til Þýskalands á fyrstu öld fyrir Krist, en þaðan norður til Danmerkur enda líklega enn tómlegt þar um að litast síðan Kimbrar og Tevtónar hurfu á braut en Rómverjar undir forystu hins freka Caesars byrjaðir að sækja norður Frakkland og voru slæmir nágrannar. Í Danmörku hafi Óðinn stofnað Óðinsvé, rétt eins og Snorri segir, en endað svo í Uppsöllum í Svíþjóð. Bæði í Rússlandi og Þýskalandi hafi hins vegar orðið eftir öflugir flokkar Óðinsmanna sem seinna hafi svo sótt gráir fyrir járnnum inn í Evrópu, einmitt hrakist á flótta undan Húnum – þær germönsku þjóðir, þá vegfarendur, sem að lyktum stóðu yfir höfuðsvörðum Rómar.



ÓÐINN Kappi mikill sem í minningunni varð guð?

Því hann telur sig hafa þefað þá uppi fyrst í Þrakíu fyrir óralöngu og svo í landi hinna dularfullu Hittíta sem áttu eitt mesta stórveldi heimsins um árið 1600 fyrir Krist. Sú þjóð atti mjög kappi við Egífta hina eldfornu en gafaði svo upp úr sögunni nær hljóðalaust.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Tom á ferð
Liz Gammon telur niður í tónleika Tom Jones í júní með skemmtilegum gjörningi. Hún ferðast um landið með pappaspjald af söngvaranum í fullri stærð. **SÍÐA 4**



Eurovision-matur
Allir vilja eitthvað einfalt og gott að borða með keppninni. Mini-borgarar eru ágætis hugmynd. **SÍÐA 6**

Garðsláttuvélar

Mikið úrval garðsláttuvéla með bensínmotor eða rafmotor



Cub Cadet

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opíð alla virka daga
frá kl 8:00 -18:00
Lokað um helgar



ÁN ÍSLANDS „Það er mikil pressa að syngja fyrir tugi milljóna og með heila þjóð á bakinu. Það er erfitt að standa undir öllum væntingunum,“ segir Gunnhildur.

NEITAÐI TROMMARA LORDI UM DANS

HÁTÍÐ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, er einn af áhugamestu aðdáendum Eurovision-keppinnar. Þessi vika er í hennar augum sú skemmtilegasta á árinu og ekkert er til sparað í hátíðahöldunum.

Gunnhildur segir að vissulega hafi það verið mikil vonbrigði að María Ólafsdóttir hafi ekki komist áfram í keppninni. „Ég vonaðist auðvitað eftir því. Ég held alltaf með íslensku lögunum og ætla þeim mikið,“ segir hún. „Fólk verður samt að hafa í huga að María stóð sig vel. Það er mikil pressa að syngja fyrir tugi milljóna og með heila þjóð á bakinu. Það er erfitt að standa undir öllum væntingunum. Ákveðið reynsluleysi háði henni en með þátttökunni núna öðlast hún gríðarmikla og góða reynslu. Hún fer bara aftur seinna og þá sterkari. Þegar María kemur heim fögnum við henni og tökum vel á móti þessari ungu söngkonu,“ segir Gunnhildur og bætir að

kannski verði partíin eitthvað rólegri í kvöld úr því Ísland er ekki meðal þátttakenda.

MEÐ SILVÍU NÓTT Í GRIKKLANDI

Gunnhildur er sjálf nokkur reynslubolti þegar kemur að Eurovision. Hún hefur tvívegis verið viðstödd keppnina. Í fyrra skiptið þegar Sylvía Nótt keppti í Grikklandi 2006 en hún komst ekki heldur upp úr undankeppni. Þá var Gunnhildur blaðamaður fyrir Fréttablaðið og skrifaði um keppnina. Í seinna skiptið fór hún á eigin vegum til Noregs árið 2010. „Vonbrigði Silvíu Nætur sýndust mér heldur ekki aðeins leikin hér um árin, en þjóðin valdi lagið og stóð með henni eins og Maríu nú,“ segir hún. „Það eru mörg góð lög í keppninni í

TOPP 10

Ítalía
Rússland
Noregur
Ísrael
Ástralía
Svíþjóð
Spánn
Serbía
Aserbaídsjan
Slóvenía

Mini Drops

natures aid

NÝ VÍTAMÍNLÍNA FYRIR BÖRN

Inniheldur EKKI: sykurl, glútein, ger, laktósa eða gerviefni.



Sölustaðir: Heilsuhúsið, Apótek Garðabæjar, Lyfsalinn Glæsibæ, Árbæjar-apótek, Heilsutorgið Blómavali, Þín verslun Seljabraut, Apótek Suðurnesja, Garðsapótek, Lifandi markaður, Borgarapótek, Fræið Fjarðarkaup



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Sigrún Emma Björnsdóttir, íþróttakona og einkaþjálfari.

Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!

„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim,“

natures aid



GMP vottað hráefni



Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

Losnaði við sykurbörfina og 13 kíló farin!

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

www.gengurvel.is



Sumarsprengja
20-50% afsláttur

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍZKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartzikan



PARTÍ Gunnhildur er alltaf með stórt Eurovision-partí. Í kvöld hittast 30 manns sem ætla að borða saman og horfa á keppnina.

MYNDR/VILHELM

Þetta skiptið. Ég held að Íslendingar fylki sér á bak við norsku flytjendurnar og jafnvel þann sænska. Ítalía og Rússland eru líka sigurstrangleg. Ástralía er með gott lag en sviðsframkoman frekar í gamla stílnum miðað við þann standard sem er í keppninni, en það kemur kannski ekki að sök, enda Eurovision alltaf hátíð í mínum huga," segir hún.

EITT STÓRT LISTAVERK

Gunnhildur er fædd og uppalin á Hólmavík. Hún segir að áhugi á Eurovision hafi vaknað mjög snemma. „Áður fyrr sat ég í stofunni heima og tók upp lögin á kassettutæki úr sjónvarpinu. Svo var hlustað aftur og aftur. Nú þarf þess ekki lengur, þetta er allt á Youtube. Umgjörðin hjá Austurríkismönnum er æðisleg. Mér finnst sömuleiðis að keppendur séu að koma fram á annan hátt, það eru færri á sviðinu og ótrúleg grafík. Sviðið er í raun eitt stórt listaverk. Ég hef hlustað á öll lögin nokkrum sinnum og það eru nokkur sem grípa mann en önnur ekki. Norska lagið er í miklu uppáhaldi hjá mér og var raunar líka í fyrra. Norðmenn eru að gera eitthvað rétt. Ég held samt að baráttan um fyrsta sætið verði á milli Rússa og Ítala. Margir telja að Svíar vinni keppnina en þeir eru með skemmtilega grafík á sviðinu og frábæra sviðsframkomu. Baráttan er hörð þetta árið og erfitt að segja til um hver stendur uppi sem sigurvegari," segir Gunnhildur.

Hún segir að fyrri undanúrslitin hafi komið sér nokkuð á óvart, ekki síður en þau seinni. „Ég sakna Hollands og Moldóvu. Það kom nokkuð á óvart að Armenía fór áfram. Lag Finnanna var ekki nægilega sterkt né heldur Dana og því kom ekki á óvart að þau færu ekki áfram.“

EUROVISION-PARTÍ

Oft hafa íslensku lögin náð að fanga athygli barna hér á landi. Börnin sungu lag Jóhönnu Guðrúnar hástöfum og sömuleiðis Ég á líf með Eyþóri Inga, að ekki sé talað um Pollapönkið. Lagið sem Friðrik Dór söng í undankeppninni virðist hafa höfðað betur til krakka en Unbroken. Á Gunnhildur einhverja skýringu á þessu? „Fyrirfram hefði ég talið að það væri texti lagsins en eftir fimmtudagskvöldið má jafnvel ætla að lagið hafi hugsanlega ekki verið nægi-



LORDI Skemmtileg uppákoma var á Eurovision árið 2006 þegar Gunnhildur hitti Lordi.

lega sterkt. Börn eru nösk á hvort lög séu góð eða slæm, en það er alveg ljóst að þau elska Maríu Ólafsdóttur.“

Gunnhildur er alltaf í Eurovision-partí á þessum degi. „Við erum 30 saman með börnin. Það er æðislega skemmtileg stemning að vera svona mörg. Í þetta sinn kemur hver með sinn rétt og við borðum á meðan á keppninni stendur. Sumir fylla út stígablöð. Þetta er frjálst hjá okkur og börnin geta leikið sér ef þau hafa ekki áhuga á keppninni. Eurovision-partíin breyttust hjá mér eftir að ég eignaðist börnin og þetta er orðin meiri fjölskylduskemmtun. Það er mikill áhugi á Eurovision í mínum vinahópi," segir Gunnhildur sem á þrjú börn, Margréti Örnú, 7 ára, Gunnar Björn, tæpra 6 ára og Arndísi Tinnu, 4 ára.

SKRÍMSLI ÁN BÚNINGS

Gunnhildur segir að það hafi verið mikið ævintýri að fylgja Silvíu Nótt til Grikklands. „Ég var í Grikklandi í tíu daga og þetta voru með bestu dögum lífs míns. Maður komst í ævintýraheim. Það var svo gaman að fylgjast með öllu í návígi þótt það hafi verið vonbrigði að vera ekki með í aðalkeppninni. Mér þótti líka gaman að fylgjast með þessu leikriti sem Silvía Nótt setti upp, en ég held að hún hafi samt vanmetið keppnina. Þar utan höfðu aðrar þjóðir lítinn skilning á þessu gríni og sumir Grikkir voru beinlínis móðgaðir yfir framkomu hennar.“

Gunnhildur lenti í skemmtilegri uppákomu í Grikklandi. „Ég fékk viðtal við trommara og hljómborðsleikara finnsku hljómsveitarinnar Lordi, en þeir voru í fullum skrúða. Ég fór síðan í hinn viðfræga Euroklúbb um kvöldið og þá þekkti ég trommuleikarann aftur á barnum án búnings. Ég

bauð honum upp í dans. Hann fór undan í flæmingi, áttaði sig á að ég þekkti hann og eiginlega hljóp í burtu. Síðan fór ég í norræna veislu daginn eftir og þar voru tröllin komin í skrúða. Þá leit trommarinn á mig og sagði: I'll dance with you now if you like," segir Gunnhildur hlæjandi og bætir við að þetta hafi verið algjör snilld. „En ég dansaði ekki við hann. Það vantaði tónlistina!“

Ég fór síðan aftur á Eurovision 2010 til Óslóar. Hera Björk keppti fyrir Íslands hönd og það var ótrúlega flott atriði. Mér þótti jafnmikið ævintýri að fara í seinna lögun og það fyrra. Ég stefni á að fara með börnin mín á keppnina einhvern tíma. Þau eru mjög áhugasöm um keppnina líkt og móðirin. Böndinn er ekki alveg jafn spenntur en hann er að læra þetta," segir Gunnhildur, sem er gift Birni Friðriki Brynjólfssyni.

NETIÐ BREYTIR EUROVISION

Gunnhildur segir að mikið hafi verið að gerast hjá Símanum í kringum Eurovision. „Við bjóðum upp á karóki með Eurovision-lögum og það hefur verið rosalega vinsælt. Fólk hefur verið að hita upp fyrir laugardagspartíin. Fyrir fyrstu undankeppnina voru 25 þúsund lög spiluð í karóki og helmingurinn Eurovision-lög. Það breytist svo marga með tækninni eins og að nú er hægt að fylgjast með tístunum meðfram lögunum á skjánum. Samfélagsmiðlarnir hafa breytt Eurovision, það er alveg ljóst," segir Gunnhildur Arna.

Þetta verður fjölskylduhelgi hjá Gunnhildi. „Eurovision í kvöld og svo út með börnin á morgun að gera eitthvað skemmtilegt. Jú, ætli ég horfi svo ekki aftur á keppnina áður en hún dettur út af VOD-inu, jafnvel tvisvar.“

elin@365.is

ZenBev - náttúrulegt Triptófan

Melatónínin úr graskersfræjum

Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

NÝTT

Visindaleg sönnun á virkni sjá vitex.is
Melatónín er talið minnka líkur á blóðruhálskirtilskrabbameini sjá vitex.is
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is

Betra blóðflæði
betri heilsa með SuperBeets rauðrófu kristal

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is

Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998 Sameind ársins 1992 Uppgötvun á Nitric Oxide var upphafið á framleiðslu rislyfja

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide

Breyting nitrats úr fæðu í Nitric Oxide byrjar í **munni**, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvaforni, en ekki töfluforni.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULLBYLGJAN

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LANGVIRK SÓLARVÖRN

6 tíma vörn

„Treysti Proderm best“

„Ég æfi klukkutímum saman í sundi og oft í sterkri sól. Með Proderm hefur húðin aldrei brunnið. Húðin helst mjúk og fær mikinn raka. Engin fituáferð, þægilegt að bera á sig og vörnin drjúg.“


Eygló Ósk Gústafsdóttir

Proderm fær frábær meðmæli frá keppnis- og landsliðsfólki í sundi, hjólreiðum, siglingum, golfi, fjallaferðum og hlaupi.



Inniheldur engin paraben, ilmefni, litarefni eða nanóeindir.

Meðmæli húðlækna.
Yfir 90% UVA vörn.

**PRODERM**
TECHNOLOGY®



Eygló Ósk Gústafsdóttir
Afreksskona í sundi & Ólympíufari
Íþróttakona Reykjavíkur 2014

Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar.
www.proderm.is



allt að
70%
afsláttur

Fallegt, fágað og töff, allt fyrir Eurovision partíði

comma,
Smáralind
facebook.com/Commalceland



Glaðlegir kjólar

Kr. 9.800,-

Ríta

str. 40-56/58



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



VIÐ GULLFOSS Tom Jones hefur að sjálfsgöðu farið gullna hringinn. Liz er hér lengst til hægri.

TOM JONES KYNNIST ÍSLANDI


TÓNLEIKUR EHF. KYNNIR Grammy-verðlaunahafinn Sir Tom Jones heldur tónleika í Laugardalshöll 8. júní. Liz Gammon, sem er frá Wales líkt og Tom, bíður tónleikanna með mikilli eftirvæntingu. Hún hóf þrjátíu daga niðurtalningu í byrjun mánaðar en hún gengur út á að kynna pappamynd af Tom í fullri stærð fyrir ýmsu sem einkennir Ísland.

Liz Gammon, yfirmaður skemmtiferðaskipadeildar Iceland Travel, tvinnar Tom Jones-gjörning, sem hófst í byrjun mánaðar, saman við vinnuna. „Í gær fórum við með Tom í Eymundsson og kynntum hann fyrir bókmenntaarfinum. Hann hefur líka smakkað íslenskt brennivín, farið í hvalaskoðun, náttúruaugar og gullna hringinn svo dæmi séu nefnd. Í þessum töluðu orðum er hann á fótboltaleik og svo fer hann að sjálfsgöðu í Eurovision-partí,“ upplýsir Liz en hún notar samfélagsmiðla á borð við Twitter, Instagram og Facebook til að lýsa ferðalagi þeirra Tom. Uppátækið hefur fengið nafnið #imettominiceland.

En hvernig kviknaði þessi hugmynd? „Ég hef alltaf verið mikill Tom Jones aðdáandi eins og margir aðrir frá Wales. Ólíkt öðrum velska stórstjörnum eins og Anthony Hopkins og Catherine Zeta-Jones þá hefur Tom alltaf lagt rækt við ræturnar. Hann kemur reglulega til heimabæjarins Pontypridd og hefur haldið sínum velska hreim. Hann gleymir því ekki hvaðan hann kemur og við gleymum honum ekki,“ segir Liz sem kom til Íslands sem skemmtikraftur árið 1997 og hefur búið hér síðan.

„Ég söng á þeim tíma á píanóbörum um allan heim og hef tekið ófáa Tom Jones-slagara í gegnum tíðina. Þegar ég rakst á frétt um að Tom Jones væri að fara að hefja tónleikaferðalag til að fagna 75 ára afmæli sínu datt mér ekki annað í hug en að það yrðu tónleikar í Wales og ætlaði að fara að panta miða. Mér til mikillar ánægju sá ég að Ísland var á tónleikadagskránni og var ekki lengi að festa mér miða í Laugardalshöll. Í gleði minni fór ég beint á Amazon og keypti pappaspjald af Tom í fullri stærð, en þegar hann heldur tónleika í Wales eru allir með velska fánann, pappaspjöld og páskaljúr. Fljótlega áttaði ég mig þó á því að ég yrði örugglega eina manneskjan í Laugardalshöllinni með svoleiðis tilstand og sá að ég hafði hlaupið á mig,“ segir Liz og hær.

Henni datt þá í hug að efna til gjörnings og tengja hann vinnunni. „Ég ákvað að kynna Tom fyrir öllu því sem ég elska við Ísland og leyfa viðskiptavinum Ice-



land Travel og öðrum áhugasömum að fylgjast með og fræðast um staðina sem við heimsækjum í leiðinni.“

Tom hefur þegar komið víða við og á mikið eftir. Á þvælingnum verður hann óhjákvæmilega fyrir hnjaski og varð Liz og samstarfsfólk hennar að panta Vara-Tom í skyndi þar sem sá upprunalegi missti höndina á karókíbar á dögnum. „Koll-egi minn tók hann með sér og mér skilst að hann hafi verið að taka Delilah þegar óhappið varð,“ segir Liz og skellir upp úr.

Liz vonast til að þegar yfir lýkur muni Tom hafa 30 frábærar ástæður til að elska Ísland jafn mikið og hún sjálf. En býst Liz við að hitta Tom í eigin persónu á Íslandi sem aðdáandi númer eitt? „Það hefur nú ekki komið til tals en væri auðvitað gaman.“ En veit hann af uppátækinu? „Ég veit það nú ekki en við merkjum opinberu síðuna hans alltaf í færslum okkar á Twitter. Okkur hefur að minnsta kosti ekki verið hent þar út.“

Segja má að Tom sé goðsögn í lifanda lífi. Hann hefur selt yfir 100 milljónir platna á ferlinum og átt fjölda laga á vinsældalistum í Bretlandi og Bandaríkjunum, en flestir kannast við smelli á borð við It's not Unusual, Delilah, Green Grass of Home, She's a Lady, Kiss and Sex Bomb. Tom mun flytja alla sína helstu smelli í Laugardalshöll ásamt því að taka lög af nýjustu plötum sínum; Praise & Blame og Spirit In The Room. Miðasala fer fram á Midi.is.

BRUGDIÐ Á LEIK

Hér eru Tom og Liz í feluleik. Liz er frá Wales líkt og Tom og hefur verið aðdáandi hans frá því hún man eftir sér.

FYLGIST MEÐ

Hægt er að fylgjast með ferðalögum Tom og Liz á icelandtravel.is og á Twitter, Instagram og Facebook undir leitarorðinu **#IMETTOMINICELAND**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

RARITET KYNNIR OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttfræðingur og heilsunnudari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbraitaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttfræðisetur Háskóla Íslands.

BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði




MÆLIR MEÐ OPTIBAC Víðir Þór Þrastarson, íþrótt- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi.

á borð við skyndibita og unnar matvöru ásamt sýklalyfjanothun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnst bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand

í þarmaflórinni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspæstum með því að viðhalda meltingarflórinni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.



EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarma-hreyfingar.



FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM

OptiBac One Week Flat eykur ensímframléiðslu og brýtur niður fæðuna.



OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.

NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.



Alvöru græjur í verkið



Tryggðu þér 750 kg. kerru á aðeins kr. 129.900,-

Erum að fá gám af nettum þýskum Sema kerrum um miðjan júní með 750 kg burðarþol.

Almennt verð er kr. 149.900,- en þú getur fest hana á kr. 129.900,- með kr. 20.000,- innborgun.



Sparaðu kr. 20.000,-

Takmarkað magn - kláraðu málið fyrir 10 júní

STEMA býður breiða vörulínu af tengivögnum fyrir atvinnulíf og heimili og nafnið hefur verið samheiti fyrir gæði og áreiðanleika í fjóra áratugi.

STEMA eru stöðugt að bæta gæði á sinni vöru og þróa nýjar gerðir sem bætast við vöruúrvalið. Sema tengivagnar hafa verið meðal söluhæstu tengivagna í Evrópu í mörg ár.

STEMA eru sterkir, öflugir tengivagnar með sérstykktum hlíðarborðum, öflugum lörum og þola mikið álag.



Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ASAFL

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.




OptiBac probiotics

Gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu

@OptiBac

www.facebook.com/optibaciceland



”Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn“

Valbjörg Þórðardóttir
hjúkrunarfræðingur



Fæst í apótekum og heilsubúðum

MINI-HAMBORGARAR

Peir eru litlir, sætir og bragðgóðir.



KJÚKLINGAPÍTA Góður og þægilegur réttur sem þarf lítinn undirbúning.

FYRIR EUROVISION-PARTÍÐ

HÁTÍÐ Það er vinsælt að bjóða smárétti á Eurovision-kvöldi. Best er að gera þá fyrirfram eða hafa rétti sem eru fljótir í eldun. Hér eru nokkrar hugmyndir.



PRÓFAÐU NÝTT KORNKEX FRÁ FRÓN MEÐ ÍSLENSKUM OSTI OG GRÆNMETI

Kornkex er einstaklega ljúffengt kex sem inniheldur blöndu af graskers-, sólblóma-, og sesamfræjum. Kornkex er trefjaríkt og er bakað úr 100% heilkornahveiti.



10,3 g TREFJAR







Frón kemur við sögu á hverjum degi... www.fronkex.is

NACHOS
Vinsæll réttur hjá öllum aldri.



Litlir hamburgarar eru vinsælir um þessar mundir. Þá er einfalt að útbúa og hægt að hafa allt tilbúið fyrirfram, en stutta stund tekur að steikja borgarana eða grilla þá úti. Hér er uppskrift að svokölluðum mini-borgurum og brauði.

Mini-hamburgarar SMÁBRAUÐ

- 500 g hveiti
- 1½ tsk. salt
- 1 tsk. sykur
- 15 g ósaltað, mjúkt smjör
- 1 pakki þurrger
- 300 ml volgt vatn
- 50 g sesamfræ

Setjið hveiti, salt, sykur og ger í hrævivélaskál og hnoðið með smjörinu.

Bætið vatni við þar til blandan verður mjúk og festist ekki við barma skálarinnar. Hnoðið deigið í tíu mínútur.

Skiptið deiginu í 20 litlar bollur. Leggið á bökunarpötu með nægu bili á milli og látið hefast undir plastfilnu í 20-30 mínútur. Þá hafa bollurnar stækkað um helming. Stráðið sesamfræjum yfir.

Hitið ofninn í 230°C. Bakið í 10 mínútur, lækkið hitann í 200°C og bakið áfram í 10 mínútur. Berið fram með hamburgurinum.

MINI-HAMBORGARAR

- 500 g nautahakk (passar fyrir 12 borgara)
- ½ tsk. laukduft
- ½ tsk. salt
- ¼ tsk. nýmalaður pipar

Allt hrært saman og litlir hamburgarar mótaðir. Grillið á hvorri hlið í stutta stund.

SINNEPSSÓSA

- 3 msk. majónes
- 1 msk. Dijon-sinnep
- ½ tsk. cayenne-pipar
- Salt og pipar

Setjið allt í skál og hrærið saman.

BRAGDMIKIL SÓSA

- 2 msk. majónes
- 2 msk. hrein jógúrt
- 1 msk. tómatósósa
- 1 tsk. reykt paprikuduft
- safi úr hálfri sítrónu

Hrærið allt saman.

Meðlæti með hamburgurum auk ostsins sem flestir vilja.

- Beikon
- Kál
- Tómatar
- Súrsaðar gúrkur

Kjúklingapíta

Það getur verið þægilegt að útbúa pítu með kjúklingi fyrir

kvöldið. Uppskrifin miðast við sex manns.

- 3 kjúklingabringur
- Safi úr hálfri sítrónu
- 3 msk. sojasósa
- 1 hvítlauksrif
- 2 msk. óreganó, þurrkað

MEÐLÆTI

- 6 pítubrauð
- 1 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
- Salat að eigin vali
- Ólífur, ef fólk vill
- 12 sneiðar beikon
- Salt og pipar
- 2 litlir tómatar, smátt skornir
- 1 bolli fetaostur
- ¼ bolli ólífuolíu

Blandið saman sítrónusafa, sojasósu, hvítlauk og 1 msk. óreganó í skál. Leggið kjúklinginn í blönduna. Látið standa í að minnsta kosti 30 mínútur á borði eða yfir nótt í ísskáp.

Blandið saman tómat og fetaosti í skál, bætið sítrónusafa og ólífuolíu og 1 msk. óreganó saman við. Látið standa í 30 mínútur.

JÓGÚRTSÓSA

- 1 dós hrein jógúrt
- 1 hvítlauksrif
- ¼ bolli smátt skornar valhnetur
- 1 msk. ólífuolíu

Blandið saman í skál, jógúrt, hvítlauk, valhnetur og ólífuolíu. Látið standa smástund.

Hitið upp grillið. Grillið kjúklinginn á meðalhita í 6-8 mínútur á hvorri hlið. Grillið rauðlaukinn í smástund. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er pítubrauðinu skellt á grillið í um 2 mínútur á hvorri hlið.

Skerið kjúklinginn í þunnar sneiðar. Hver persóna fyllir pítubrauðið af kjúklingi, salati, tómatfetaost-blöndunni, ólífum, lauk og beikoni. Sósan er sett yfir. Bragðbætið með salti og pipar.


NACHOS ÚR OFNINUM

Þetta er góður partíréttur og hentar öllum aldri.

- 1 poki tortilla-nasl
- 3 bollar rifinn ostur
- Jalapeño úr krukku, ef fólk vill og engin börn eru til staðar

Hitið ofninn í 200°C.

Setjið tortilla-naslið í stórt eldfast mót. Stráðið ostinum yfir og jalapeño. Best er að gera þetta í þremur lögum þannig að osturinn sé alltaf á milli. Setjið í heitan ofninn og bakið þar til osturinn er bráðinn. Berið fram með sýrðum rjóma og salsasósu. Það má bæta steiktum kjúklingi við þennan rétt eða ýmsu grænmeti; ólífum, papriku eða tómatum, allt eftir smekk hvers og eins.



Verkstjóri - búrekstur

Reykjagarður h/f óskar að ráða í starf verkstjóra í alifuglaeldi á Ásmundarstöðum Ásahreppi við Hellu.

Starfið felst í að skipuleggja og annast daglegt eftirlit með eldisfugli og að reglum um dýravelferð sé fylgt á búiinu. Gerð fóðuráætlana og fóðurnotkun. Daglegt eftirlit með loftræsti-, hita-, fóður- og vatnskerfum. Umsjón og eftirlit með sýnatöku, sóttvörnum og þrifum eldishúsa. Skipulag vinnutíma starfsmanna, minniháttar viðhald eldishúsa og tækja auk annarra starfa sem falla til við búreksturinn.

- Umsækjandi þarf að hafa búfræðimenntun.
- Góða almenna tækniþekkingu.
- Reynsla af almennum búrekstri eða kjúklingaeldi er æskileg.
- Gott húsnæði á staðnum fylgir.
- Um er að ræða framtíðarstarf.

Til greina kemur að ráða hjón eða sambúðarfólk og fengju þau þá bæði starf við búið.

Umsókn um starfið ásamt ýtarlegri - starfsferilskrá þarf að skila á netfangið, magnus@holta.is fyrir 28 maí n.k

Ásmundarstaðir er eitt stærsta bú landsins. Mikil uppbygging fer nú fram á staðnum og er stefnt að því að þar verði rekið eitt af fyrirmyndarþúsum landsins. Við leitum að þátttakanda í því verkefni.

Reykjagarður hf. Fosshálsi 1, 110 Reykjavík
S.; 575 6440 Fax; 5756490 WWW.holta.is

Reykjagarður er leiðandi í framleiðslufyrirtæki á kjúklingi og kjúklingaafurðum.



Vefforritari óskast

Arctic Adventures er stærsta afþreyingarfyrirtæki á Íslandi og selur ferðir til ferðamanna með áherslu á vistvæna ferðamennsku. Arctic Adventures er öflugur vinnustaður með yfir 100 starfsmenn og um er að ræða opinn, skemmtilegan og ævintýrlegan vinnustað. Vefsíða fyrirtækisins www.adventures.is er stór liður í starfsemi þess og nú leitum við að hæfileikaríkum vefforritara til að leiða þróun og breytingar á núverandi vefsíðu ásamt því að stjórna vinnu við forritun nýrra vefsíðna í tengslum við starfsemi fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Dagleg umsjón og viðhald á vefsíðum fyrirtækisins og umsjón með hýsingar- og lénamálum
- Greining, þróun og forritun við núverandi og nýjar vefsíður fyrirtækisins

Æskileg færni:

- Grunnþekking á CSS
- Grunnþekking á Google Analytics
- Færni í leitarvélabestun
- Þekking til Amazon S3 vefþjónustunnar

Hæfniskröfur:

- Tölvunarfræði eða sambærilegt nám og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við WordPress vefumsjónarkerfið
- Þekking og reynsla af JavaScript og jQuery
- Þekking og reynsla af PHP og SQL
- Þekking og reynsla af GIT
- HTML/HTML5
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð

Umsjónaraðili ráðningar er Jóhanna Ella Jónsdóttir. Umsóknir þar sem færð eru rök fyrir hæfni í starfið, skulu berast til johanna@adventures.is fyrir mánudaginn 1. júní næstkomandi



Spennandi tækifæri

Borgun óskar eftir að ráða öflugan liðsmann í **þjónustuver og endurkröfudeild** fyrirtækisins. Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum **vilji, virði og vissa.**



Sérfræðingur í endurkröfum

Helstu verkefni

Sérfræðingur í endurkröfum svarar fyrirspurnum og endurkröfum vegna greiðslukorta og annast úrlausn slíkra mála. Viðkomandi er í virkum samskiptum við seljendur, útgefendur korta, korthafa og aðrar deildir Borgunar. Hann kemur líka að svikavakt og sér um frágang ýmissa skjala.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun er æskileg
- ▶ Reynsla af greiðslumiðlun er kostur
- ▶ Mjög góð enskukunnátta
- ▶ Greiningarhæfni og áhugi á viðfangsefninu
- ▶ Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni

Þjónusturáðgjafi

Helstu verkefni

Þjónusturáðgjafi sér um almenn samskipti og úrlausn mála fyrir viðskiptavinum. Viðkomandi svarar fyrirspurnum í síma og á tölvupósti og annast þjónustu og ráðgjöf við fyrirtæki og útgefendur korta.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun er æskileg
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- ▶ Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- ▶ Mjög góð almenn tölvukunnátta
- ▶ Góð enskukunnátta
- ▶ Ábyrgð og áreiðanleiki
- ▶ Frumkvæði og hæfni til að vinna undir álagi

Sótt er um á borgun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Rákel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561.



KFUM og KFUK leitar að starfsfólki

Verkefnastjóri í æskulýðsstarfi

Við leitum að einstaklingi í 100% starf til að sinna verkefnastjórn í æskulýðsstarfi félagsins.

Í starfinu felst m.a.

- Viðburða- og verkefnastjórn í æskulýðsstarfi.
- Skípuhlutur vetrarstarfs KFUM og KFUK meðal barna og unglunga.
- Framþróun æskulýðsstarfs KFUM og KFUK.
- Umsjón með fræðslustarfi og gerð fræðsluefnis.
- Samskipti við sjálfboðaliða.
- Teymisvinna með svæðisfulltrúum.
- Kynningarstarf.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Fyrir öll störfin leitum við að drifandi einstaklingum með brennandi áhuga og reynslu af kristlegu æskulýðsstarfi. Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir starfinu, vera hugmyndaríkur og geta starfað sjálfstætt. Farið er fram á þekkingu, reynslu og vilja til að miðla kristlegum boðskap sem byggist á áherslum KFUM og KFUK á Íslandi. Menntun sem nýtist í starfi er æskileg. Mikilsverðir eiginleikar eru jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum. Bæði verkefnastjóri og æskulýðsfulltrúar tilheyra öflugri liðsheild þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK á Íslandi.

Vinsamlegast skilið umsóknunum til Tómasar Torfasonar, framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á netfangið tomas@kfum.is, fyrir 2. júní 2015.

Æskulýðsfulltrúar

Við leitum að þremur einstaklingum í 50% starf. Hver og einn ber ábyrgð á æskulýðsstarfi félagsins á sínu svæði (svæðisfulltrúar). Tveir verða með áherslu á starfið í Reykjavík og nágrenni og einn með áherslu á starf félagsins á Suðurnesjum.

Í starfinu felst m.a.

- Samskipti, samstarf og stuðningur við sjálfboðaliða sem fara fyrir æskulýðsdeildum.
- Þátttaka á æskulýðsfundum, viðburðum og verkefnum á vettvangi starfsins.
- Framþróun starfsins á viðkomandi svæði.
- Teymisvinna með öðrum svæðisfulltrúum og verkefnisstjórn.
- Samskipti og samstarf við presta og annað starfsfólk sókna Þjóðkirkjunnar sem félagið á í samstarfi við á svæðinu.

Vinnutími er sveigjanlegur og þarf að taka mið af viðburðum og starfi æskulýðsdeilda. Störfin geta því hentað námsfólki.

Í boði eru lífandi og skemmtileg störf með öflugum hugsjónarfólki.



www.kfum.is

KFUM og KFUK (Kristilegt félag ungra manna og kvenna) er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

EKKI Hafa ÁHYGGJUR! EUROVISION KVÖLDINU ER BJARGIÐ. ERUM MEÐ NÓG AF STARFSFÓLKI FYRIR KVÖLDIÐ Í KVÖLD!

En vegna aukinna umsvifa ætlum við að stækka fjölskylduna og bæta við okkur vönum pizza-fletjurum og ásetjurum. Ef þú ert flínk/ur fletjari og/eða með góðan ásetning þá viljum við fá þig til starfa sem fyrst. Vaktavinna, dag -kvöld og helgarvinna.

Umsókn sendist á p67staff@gmail.com, umsóknarblöð má einnig finna á Pizza67 Grensásvegi 10, og Langaríma 21. Pantaðu bara pizzu í leiðinni í síma

555-6767

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR ÓSKAR EFTIR KENNURUM

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða kennara í eftirtaldar námsgreinar fyrir skólaárið 2015-2016:

Trommur og slagverk.

Æskilegt er að sami aðili kenni hvoru tveggja.

Fíðlu og Víólu.

Æskilegt er að sami aðili kenni hvoru tveggja.

Forskóla 1 og 2 (6 og 7 ára börn)

Píanó, Klarínnett, Flautu, Píanó-rytmískt, Rafgítar.

Sum þessara starfa eru tímabundin vegna leyfa en önnur eru framtíðarstörf.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní n.k. Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri í síma 420-1400 eða 863-7071 eða Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 420-1400 eða 867-9738.

Sækja skal um störfin á vef Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf



TÓNLISTARSKÓLI
REYKJANESBÆJAR

Metnaðarfullir kennarar óskast

Raftækniskólinn

Tvær stöður í faggreinum rafiðna:

Menntun í iðn- eða tæknifræði í rafiðngreinum ásamt meistaraáráttindum.

Nánari upplýsingar veitir Valdemar G. Valdemars-son, skólastjóri Raftækniskólans, í síma 514 9251 og tekur við umsóknum í tölvupósti, vgv@tskoli.is

Upplýsingatækniskólinn

Tvær stöður á tölvubraut:

Sérhæfing í forritun, kerfisfræði og netkerfum.

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og tekur við umsóknum í tölvupósti, bgg@tskoli.is

Véltækniskólinn

Stöður í faggreinum vélstjórnar:

Óskað er eftir véltækni- eða vélaverkfræðingi og vélfræðingi með starfsreynslu.

Raftæknifræði:

Rafmagnstæknifræðingur eða rafmagnsverkfræðingur með góða þekkingu á rökrásam og iðnstýringum.

Tímabundin staða í kælitækni:

Tæknifræðingur eða vélfræðingur með góða faglega þekkingu á kælitækni.

Staða í rennismíði:

Meistararéttindi í rennismíði, æskilegt að viðkomandi sé einnig með vélstjórnarréttindi.


Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og tekur við umsóknum í tölvupósti, egud@tskoli.is

Skipstjórnarskólinn

Staða í faggreinum skipstjórnar:

Skipstjórnarmenntun og reynsla nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson skólastjóri Skipstjórnarskólans, í síma 514 9551 og tekur við umsóknum í tölvupósti, vmo@tskoli.is



Í allar stöður er leitað að kennurum með kennsluréttindi og kennslureynslu. Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
Umsóknarfrestur er til 31. maí.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



Bílastæðasjóður - fulltrúi

Bílastæðasjóður óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf fulltrúa á skrifstofu sjóðsins. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Helstu verkefni:

- Meðferð og afgreiðsla erinda vegna stöðvunarbrotagjalda
- Samskipti við íbúa vegna nýrra gjaldsvæða
- Þátttaka í samráði við íbúa um þróun lausna á bílastæðamálum í íbúahverfum
- Ritstýrir heimasíðu Bílastæðasjóðs og samskiptamiðlum
- Stjórnarseta í húsfélögum sem Bílastæðasjóður er aðili að
- Verkefnastjórnun

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði, viðskiptalögfræði eða lögfræði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og þjónustu æskileg
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð færni í íslensku og ensku
- Frumkvæði, teymishugsun og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, vandvirkni og rík ábyrgðarkennd

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við nokkur stéttarfélög á höfuðborgarsvæðinu leitar að ráðgjöfum til tímabundinna starfa. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt störf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og rit



Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður.

Nánari upplýsingar er að finna á

www.virk.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent,

www.capacent.is

capacent

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn

Sérfræðingar á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða tvo öflugra sérfræðinga til starfa í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála en deildin vinnur meðal annars tölur um landsframleiðslu og undirþætti hennar og afkomu hins opinbera. Starfið felur í sér að sjá um úrvinnslu, greiningu og útgáfu talna um þjóðhagsreikninga og fjármál hins opinbera. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða og framleiðsluferla. Viðfangsefnið eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti, bæði við gagnaveitendur og notendur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ✓ Háskólapróf í verkfræði, stærðfræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- ✓ Reynsla af tölfraðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga er æskileg.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL/Access) er kostur.
- ✓ Þekking á þjóðhagsreikningum og fjármálum hins opinbera er kostur.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta.
- ✓ Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi.
- ✓ Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2015.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Helga Hauksdóttir [helga.hauksdottir@hagstofa.is]


Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

Atvinnuráðgjafi

Með sérhæfingu á sviði ferðapjónustu

SSNV óskar eftir að ráða fjölhæfan og metnaðarfullan einstakling í starf atvinnuráðgjafa á sviði ferðapjónustu með starfsstöð á Sauðárkróki. Um er að ræða ráðningu til árs með möguleika á framlengingu. Atvinnuráðgjafinn starfar náðið með fagráði ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra og starfsfólki SSNV.

Starfssvið:

- Stuðningur við framkvæmd og útfærslu samstarfssamnings um ferðapjónustu á Norðurlandi vestra.
- Samstarf með fyrirtækjum, einstaklingum og sveitarfélögum að atvinnu- og vöruþróun, markaðsstarfi, viðburðum og fleiru á vettvangi ferðapjónustu á svæðinu
- Öflun upplýsinga og tilboða, skýrslugerð, aðstoð við gerð kynningarefnis og umsókna, gerð áætlana og önnur ýmis konar skipulags- og skjalavinna
- Undirbúningur nýrra verkefna og ýmis önnur störf sem tengjast starfsemi SSNV og ferðapjónustu í landshlutanum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Menntun á sviði ferðapjónustu er kostur en ekki skilyrði

- Þekking, innsæi og áhugi á ferðapjónustu, atvinnu- og byggðapróun.
- Góð þekking á staðhættum á Norðurlandi vestra er kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum og geta til að leiða samstarf og verkefni með öflugum og farsælum hætti.
- Færni í ræðu og riti á íslensku og ensku, kunnátta í fleirum tungumálum er kostur
- Frumkvæði og metnaður

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf þar sem skapandi og duglegur einstaklingur getur haft mótandi áhrif á starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2015

Nánari upplýsingar veitir Bergur Elías framkvæmdastjóri SSNV, sími 896-4701 netfang: bergur@ssnv.is

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá í pósti til Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, B.t Bergur Elías Ágústson, Faxatorg 1, 550 Sauðárkrókur.

Merkta "Atvinnuráðgjafi-Ferðapjónusta"

SSNV atvinnuþróun í eigu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Meginhlutverk SSNV atvinnuþróunnar er að sinna almennri ráðgjöf á sviði viðskipta- og atvinnumála til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga, ásamt því að aðstoða fyrirtæki og aðila sem hyggjast hefja atvinnurekstur. Atvinnuráðgjafar aðtoða einnig við greiningu á þörf fyrir frekari sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar hvar slíka aðstoð er að frá. SSNV atvinnuþróun er tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana og þeirra sem starfa að atvinnurekstri og atvinnumálum á Norðurlandi vestra. SSNV atvinnuþróun skipuleggur námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi og stuðlar að aukinni samvinnu fyrirtækja.



HVITA HÚSID / SIA - 15-0991

Sérfræðingur í umsóknarteymi á sviði Þjónustu og reksturs

Starfssvið

- // Áreiðanleikakannanir og áhættumat á viðskiptavinum í umsóknarferli
- // Dagleg samskipti við erlenda samstarfsaðila í tengslum við umsóknarferil nýrra og núverandi viðskiptavina
- // Uppsetningar og breytingar á viðskiptavinum og samstarfsaðilum í kerfum Valitor
- // Utanumhald og þróun umsóknarferils Valitor í viðeigandi kerfum

Menntunar- og hæfniskröfur

- // Háskólamenntun er kostur
- // Lýtalaus enska í ræðu og riti
- // Þekking á fjármálum fyrirtækja er kostur
- // Samviskusemi og frumkvæði
- // Talnagleggni og góð Excel-kunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is til og með 1. júní nk.

Upplýsingar veita Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is og Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is // Sími 520 4700



HAGVANGUR

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

ráðum
atvinnustofa

Við finnum rétta starfsfólkið

radum.is

VALITOR

Valitor óskar eftir Hugbúnaðarsérfræðingum á sviði Vörubrúunar og nýsköpunar

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR (SOFTWARE DEVELOPER)

Starfssvið

- // Forritun á hugbúnaðarlausnum Valitor
- // Hugbúnaðargerð í teymisvinnu

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Háskólapróf á sviði tölvunar- eða verkfræði eða sambærilegt
- // Reynsla af Agile hugmyndafræði er kostur
- // Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- // Gott vald á íslensku og ensku

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR (QA LEAD)

Starfssvið

- // Umsjón með gæðamálum í þróunarteymi
- // Hönnun og forritun á prófanatilvikum, þar með talið sjálfvirkum prófum
- // Hugbúnaðargerð í teymisvinnu

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Háskólapróf á sviði tölvunar- eða verkfræði eða sambærilegt
- // Reynsla af Agile hugmyndafræði er kostur
- // Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- // Gott vald á íslensku og ensku

SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐSKIPTAGREIND (BI DEVELOPER)

Starfssvið

- // Uppbygging og högun á vöruhúsi gagna
- // Hönnun og útfærsla á gagnalíkönum
- // Hönnun og þróun á gagnaflutningsferlum (ETL)

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Háskólapróf á sviði tölvunar- eða verkfræði eða sambærilegt
- // Þekking og reynsla af viðskiptagreind og uppbyggingu vöruhúsa
- // Þekking á SSIS og SAP Business Objects er kostur
- // Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- // Gott vald á íslensku og ensku.



HAGVANGUR

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is til og með **1. júní** nk. Upplýsingar veita Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is og Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is // Sími 520 4700

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN



BL óskar að ráða bifreiðasmið og bílamálara.

Bifreiðasmiður

Við leitum að starfsmanni á rétttingaverkstæði okkar að Viðarhöfða 4. Vinnutími er mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8-17 og á föstudögum frá kl. 8-16.

Hæfniskröfur:

- Bifreiðasmiður eða reynsla sem nýttist í starfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Bílamálari

Við leitum að starfsmanni á málningarverkstæði okkar að Viðarhöfða 4. Vinnutími er mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8-17 og á föstudögum frá kl. 8-16.

Hæfniskröfur:

- Bílamálari eða reynsla sem nýttist í starfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu BL ehf. undir léninu www.bl.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til 1. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri.

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



VERKSTÆÐISMÓTTAKA

Starfsmaður í verkstæðismóttöku óskast til starfa hjá Kletti-sölu og þjónustu ehf.

Starfið felst meðal annars í móttöku verkefna inn á verkstæði og frágang þeirra við verklok.

Reynsla og þekking á vörumerkjum Kletts eða sambærilegum er nauðsynleg.

Tölvukunnátta og góð tök á ensku er nauðsynleg.

Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Simonarson Þjónustustjóri í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is



Klettagördum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is



Lausar stöður í Vík í Mýrdal:

- Staða skólastjóra Leikskóla Mýrdalshrepps

Starfssvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Skipulagning skólastarfs og fagleg forusta á sviði kennslu og skólaþróunar.
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á því sviði sem sótt erum .
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða uppeldis og kennslufræðum æskileg.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Metnaður, frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Leitað er að einstaklingi með áhuga á forystu í skapandi skólastarfi og hæfni til að leiða faglegt starf nemenda og starfsfólks. Laun skv. Kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi félags innan Kennarasambands Íslands.

- Umsjónakennarar
- List- og verkgreinakennari
- Íþróttakennari í afleysingu í eitt ár

Tvær stöður umsjónakennara, á yngsta- og miðstigi, staða list- og verkgreinakennara og staða íþróttakennara í eitt ár við Grunnskóla Mýrdalshrepps eru einnig lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennurum í þessar stöður. Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Einarsdóttir skólastjóri ragnhildur@vik.is eða í síma 4871242. Umsóknir skal senda til Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870 Vík. Umsóknarfrestur er til 8. júní n.k

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík sími 487-1210

Vík í Mýrdal

Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufergurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

MOSFELLSBÆR

Vilt þú vinna hjá framsæknu bæjarfélagi?

Laust er til umsóknar starf í þjónustu- og samskiptadeild á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar.

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar eru í Kjarna að Þverholti 2 og þar starfa að jafnaði um 45 manns. Í boði er hvetjandi starfsumhverfi og haft að leiðarljósi að vinnustaðurinn sé eftirsóknarverður og aðlaðandi.

Helstu verkefni

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu hefur faglega umsjón með þróun og notkun skjalavörslukerfis og Íbúagáttar. Hann ber ábyrgð á daglegri umsjó með erindi og skjöl ásamt því að sjá um viðhald og mótun á verklaugsreglum við móttöku og meðferð erinda. Hann gegnir lykilhlutverki í ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um málefni tengd skjalavörslu og rafrænni stjórnsýslu. Hann sér ennfremur um kostnaðareftirlit og tekur þátt í vinnu við gerð og innleiðingu gæðakerfis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýttist í starfi er áskilin.
- Mjög góð alhliða tölvu- og tæknikunnátta er skilyrði.
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og í ausnamiðað hugsun er skilyrði.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði.
- Reynsla af notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er æskileg.
- Reynsla og/eða þekking á gerð og innleiðingu gæðakerfis er kostur.

Umsóknarfrestur er til 8. júní 2015.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri í síma 896 4546. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga BHM.


Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Fimleikabjálfarar, íþróttakennarar og klifurbjálfarar athugið!



Fimleikafélagið Björk leitar að fimleikabjálfurum, íþróttakennara og klifurbjálfa til starfa frá haustönn 2015. Um er að ræða fullt starf eða hlutastarf, til lengri eða skemmri tíma. Við leitum að einstaklingum með menntun, reynslu og metnað í eftirfarandi störf:

- Fimleikabjálfi fyrir keppnishópa stúlkna í áhaldafimleikum
- Íþróttakennari til umsjónarstarfa og við þjálfun í almennum fimleikum
- Fimleikabjálfi fyrir keppnishópa í hóp fimleikum
- Klifurbjálfi fyrir klifurhópa

Fimleikafélagið Björk, sem staðsett er við Haukakraun í Hafnarfirði, er eitt elsta fimleikafélag landsins og á sér glæsta sögu. Félagið hefur vaxið umtalsvert á liðnum árum og býr við góða aðstöðu fyrir iðkendur og starfsfólk. Fimleikadeild félagsins æfir í einum best útbúna fimleikasal landsins og iðkendur klifurdeildar æfa í stærsta línuklifurveg landsins.

Áhugasamir sendið upplýsingar eða fyrirspurnir á Guðjón á netfangið fbjork@fbjork.is Fyllsta trúnaðar gætt. Fin laun í boði!

Vegna aukinna umsvifa vantar strax öfluga einstaklinga til framtíðarstarfa hjá IBH. Um er að ræða störf á verkstæði og lager IBH við samsetningu tromlumótora og færibandareima. Við leitum að áreiðanlegum sjálfstæðum einstaklingum með góða þjónustulund. Kostur er að geta hafið störf sem fyrst.

Starfsmaður á Interroll verkstæði IBH

Starfssvið:

Samsetning á Interroll mótorum.
Viðhald tromlumótora.
Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

Vélvirkji eða sambærileg menntun. Gott vald á íslenski og enski tungu. Nákvæm og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg.

Starfsmaður á Habasit verkstæði IBH

Starfssvið:

Framleiðsla og samsetning Habasit færibandareima.
Eftirlit og umsjón með lager.
Ýmis önnur tilfallandi verkefni.
Samskipti við viðskiptamenn IBH.

Hæfniskröfur:

Laghentur, vel skipulagður einstaklingur sem viðhefur nákvæm vinnubrögð og getur unnið sjálfstætt. Iðnmenntun er mikill kostur. Gott vald á íslenski og enski tungu. Bílpróf er nauðsynlegt.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á netfangið odny@ibh.ehf.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.

Bíldshöfði 18 • 110 Reykjavík • Sími: 562 6858 • ibh@ibhehf.is • www.ibh.ehf.is



IBH ehf er rótgróð fjölskyldufyrirtæki sem hefur áunnið sér traust viðskiptavina fyrir áreiðanleika og skjóta þjónustu.

IBH er leiðandi í framleiðslu, sölu og þjónustu á Interroll tromlumótorum.

IBH er umboðsaðili Habasit færibandafnis sem er tilsníðið og sett saman á verkstæði IBH.

Á síðasta ári var þjónusta við matvælaíðnaðinn eflað til muna en helstu birgjar okkar eru leiðandi í þjónustu við hann.

IBH er í hópi "framúrskarandi fyrirtækja" árið 2014 en markmið okkar er að vera ávallt í fremstu röð varðandi gæði og þjónustu.



Við opnum nýja Vínbúð

Starfsfólk óskast í hópinn á höfuðborgarsvæðinu

Verzlunarstjóri

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg stjórnun og eftirfylgni árangursmælikvarða
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins

Hæfniskröfur

- Reynsla af verzlunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verzlunarstjórn nauðsynleg
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta nauðsynleg, þekking á Navision kostur

Aðstoðarverzlunarstjóri

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Staðgengill verzlunarstjóra
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins

Hæfniskröfur

- Reynsla af verzlunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta nauðsynleg, þekking á Navision kostur

Starfsfólk

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru, vörumeðhöndlun og umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Reynsla af verzlunarstörfum kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, vinbudin.is

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



VÍNBUÐIN

Óskum eftir starfsfólki!



Aðstoð óskast í eldhús, smurbrauð og í bakarí.
Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Vinsamlegast sendið á arny@veislan.is

Trésmiður - Laghentur maður

Verkbær ehf. leitar að trésmið eða laghentum manni til þess að taka að sér léttu viðhaldsvinnu í hlutastarfi, starfshlutfall getur verið mjög sveigjanlegt. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á gs@doguncapital.is eða hringið í síma 896-9450.

Hársnyrtir

Hársnyrtir óskast strax til starfa á stofu í austurbænum (póstnr. 104)

Upplýsingar í síma 863 7949 og 899 6637

Geðsvið



LÆKNAR Í STARFSNÁM

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum í starfsnámi á geðsviði Landspítala. Störf eru veitt í 4-12 mánuði og ráðið er í þau á tímabilinu 1. ágúst til 1. desember 2015. Þau geta nýst sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði, svo sem heimilis-, endurhæfingar- og öldrunarlækningum. Einnig er þetta mjög gott tækifæri fyrir heimilislækna sem vilja auka við þekkingu sína á greiningu og meðferð geðsjúkdóma í teymisvinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjálfun í geðlækningum og klínisku starfi
- Þátttaka í kennslu- og fræðsludagskrá námslækna tvo virka daga í mánuði
- Þátttaka í handleiðslu og þjálfun í samtalsmeðferð, m.a. hugrænni atferlismeðferð, psychodynamískri meðferð og áhugahvetjandi samtölum
- Þátttaka í rannsóknnum og í hópmeðferð

Hæfnikröfur

- Hæfni til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Hæfni og geta til að vinna í teymi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til þátttöku í áframhaldandi þróun sérnámsins
- Almenn læknigaleyfi

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2015.

Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt læknigaleyfi. Starfshlutfall er 80-100% og laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsjón með framhaldsmenntun unglækna á geðsviði hefur Nanna Briem yfirlæknir (nannabri@landspitali.is, 543 1000) og veitir hún nánari upplýsingar ásamt Engilbert Sigurðssyni yfirlækni (engilbs@landspitali.is, 543 1000).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Endurhæfingargeðdeild Kleppi



RÁÐGJAFI/STUÐNINGSFULLTRÚI

Við leitum eftir öflugum liðsmanni til starfa á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild á Kleppi. Deildin er 10 rúma sólarhrings legudeild sem sinnir meðferð alvarlega geðsjúkra og fjölskyldna þeirra. Stór hluti sjúklinganna er fólk á aldrinum 18-30 ára. Flestir eru greindir með geðrofssjúkdóm og um helmingur þeirra á einnig við fíknivanda að stríða.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tengjast sjúklingi, fylgja honum eftir í daglegri virkni og framfylgja meðferðarsamningum og hjúkrunaráætlunum
- Teymisvinna undir stjórn hjúkrunarfræðings
- Þátttaka í innskriftarviðtali og öðrum fundum í samvinnu við innandeiðarteymi
- Vettvangsferðir, sund og gönguferðir
- Starfa af heilindum og stuðla að góðum samstarfsanda

Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
- Áhugi á starfi með geðsjúkum skilyrði
- Reynsla af vinnu með geðsjúka einstaklinga æskileg en ekki skilyrði
- Menntun á uppeldis-, atferlis- eða sálfræðisviði, æskileg en ekki skilyrði

Markmið endurhæfingar er að endurhæfa skjólstæðingana aftur út í samfélagið. Áhersla er lögð á að virkja sjúklingana á allan mögulegan hátt á deildinni, úti í samfélaginu og í samstarfi við iðjubjálfun á Kleppi.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2015

Starfshlutfall er 100% og laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar veitir Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir deildarstjóri (eydissve@landspitali.is, 824 5340, 543 4200).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Hamrar hjúkrunarheimili og Eirhamrar öryggisíbúðir Mosfellsbæ

Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa í sumarafleysingar og fastar stöður á Hömrum hjúkrunarheimili Mosfellsbæ.

Óskum einnig eftir sjúkraliðum í sumarafleysingar í heimahjúkrun í öryggisíbúðum - Eirhömrum Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður J. Kjartansdóttir verkefnastjóri mannauðs og Birna Kr. Svavarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma: 522 5700

Umsóknir má einnig senda rafrænt á: sigridur@eir.is og birna@eir.is



Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími: 522 5700



GRINDAVÍKURBÆR

Grindavíkurhöfn

Hafnarvörður – Hafnsögumaður

Grindavíkurhöfn óskar eftir umsækjendum með ríka þjónustulund í starf hafnarvörðar og hafnsögumanns í fullt starf. Gerð er krafa um 2. stigs skipstjórnarnám. Hafnarvörður-hafnsögumaður starfar m.a. við hafnsögu og leiðsögn, öryggisefirlit við höfn og sinnir ýmsum þjónustuverkefnum hafnarvörða, s.s. að raða skipum í höfn, taka við og sleppa landfestum skipa og afgreiða vatn og rafmagn. Starfsmaðurinn verður staðgengill hafnarstjóra

Menntun og reynsla

- Skipstjórnarréttindi 2. stig.
- Almenn færni í tölvum og geta til að setja sig inn í þau forrit sem notuð eru hjá Grindavíkurhöfn.
- Enskukunnátta til að sinna samskiptum við erlend skip og viðskiptavini
- Vélstjórnarréttindi eru kostur
- Löggilding vigtarmanns er kostur

Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að sýna frumkvæði og rík skipulagshæfni
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veitir Sigurðar Arnar Kristmundsson hafnarstjóri í síma 4268046 og netfang sigurdura@grindavik.is

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Kjör verða í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag skipstjórnarmanna.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu berast á sigurdura@grindavik.is

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2015



FASTEIGNASALI - SÖLUFULLTRÚI ÓSKAST TIL STARFA

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum fasteignasala / sölufulltrúa til að bætast í öflugan hóp starfsmanna á Trausta fasteignasölu. Við leitum að sjálfstæðum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á að koma inn í sterkt og framsækið fyrirtæki sem vinnur á ört vaxandi markaði. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á sölumennsku, vera framfærinn, vandvirkur og góður í mannlegum samskiptum. Áhugasamir sendi umsóknir á Guðbjörgu G Sveinbjörnsdóttur sölustjóra á netfangið guðbjorg@trausti.is, sem jafnframt veitir frekari upplýsingar. **Umsóknnum skal skilað fyrir 31. maí 2015.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti skólameistara við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum laust til umsóknar

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2015



Laust störf hjá Fjarðarskel ehf.

Starfið er fjölbreytt og breytilegt eftir árstíma, sem felst m.a. í verkefnum í landi og um borð í sérútbúnum skelbát. Fjarðarskel er sérhæft í ræktun bláskeljar á Íslandi og áformar að byggja upp öflugan rekstur á næstu árum. Starfsvæði félagsins er í Hvalfirði en bátur gerður út frá Akranesi. Um er að ræða eitt heilsársstarf og þarf viðkomandi að hafa eftirfarandi réttindi:

*Skipstjórnarnám A, eða meira. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af viðhaldi og viðgerðum.
Einnig er um að ræða sumarstörf sem þarfnast ekki réttinda, en æskilegt er að viðkomandi hafi lokið slysavarnarskóla sjómanna.*

Umsóknir skal senda á netfangið: fjardarskel@gmail.com og merkja sem „atvinnuumsókn“.

Umsóknarfrestur er til 10. júní.



Viltu vinna í viku og vera í frí í viku?

Smáralind leitar að starfsmanni á þjónustuborð, sem er hjarta hússins. Um er að ræða framtíðarstarf.

Við leitum að samvisskusömu, glaðlyndu fólki sem hefur gaman af því að vinna á stað þar sem alltaf er eitthvað nýtt að gerast og enginn dagur eins. Starfið felst í miklum mannlegum samskiptum við viðskiptavinum og starfsfólk hússins en öll öryggisgæsla er á herðum þjónustufulltrúa. Unnið er í hópum á 12 tíma breytilegum vöktum allan sólarhringinn, viku í senn, en síðan er frí í viku.

Í Smáralind er alltaf eitthvað um að vera og viðkomandi þarf að geta leyst úr mörgum ólíkum málum, fljótt og örugglega. Þjónustufulltrúar þurfa því að sýna **frumkvæði, sjálfstæði og úrræðasemi** og hafa getu til að **treysta á sjálfa sig**.

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

INTERESTED IN SHAPING THE FUTURE OF ENERGY MANAGEMENT?

ReMake Electric develops a unique energy monitoring solution that helps organisations understand and optimise their energy usage and operational efficiency. Our innovative eTactica solution measures, monitors and records energy flow on a detailed level in real time.

ReMake currently operates in 12 countries throughout Europe and our customers include large global companies. It is an exciting time in our business development as we are expanding our business further throughout Europe and beginning to work with major corporations.

To join us in our journey, we are looking for two people to complete our international and dynamic team of 15, based in Iceland.



For further information, please contact Sverrir Briem (sverrir@hagvangur.is). Application should be filled out at hagvangur.is, the deadline is June 1st. Please include a detailed CV and a cover letter.



VP OF SALES AND MARKETING

The VP of Sales and Marketing will manage a team of 6 and be responsible for the growing network of partners and customers throughout Europe.

MAIN RESPONSIBILITIES

- Sales and sales management
- Marketing and branding
- Business development and strategy
- Partner network and OEM network
- Product management
- Customer support and consulting
- Exhibitions and trade shows

QUALIFICATIONS

- University degree
- Deep technical understanding
- International sales and marketing experience
- Management experience
- Solution oriented mentality

CHIEF TECHNICAL OFFICER

The CTO is the solution technical leader of the company. The solution consists of world class measurement devices and a cloud based energy management software. The CTO will manage a team of 6 people.

MAIN RESPONSIBILITIES

- Solution technical vision
- Software development
- Hardware development
- R&D and patents
- Quality and testing
- Supply Chain

QUALIFICATIONS

- University degree in engineering, computer science or other relevant degree
- Extensive technical background
- Management experience
- Process and quality experience
- Solution oriented mentality

STARFSMAÐUR Í FISKIÐJUVER



HB Grandi óskar eftir að ráða vanan starfsmann með lyftarapróf í fiskiðjuver HB Granda við Norðurgarð í Reykjavík.

- Æskilegt að starfsmaðurinn geti talað íslensku eða ensku.
- Starfsmaðurinn þarf að geta hafið störf sem fyrst, um er að ræða sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi.
- Nánari upplýsingar veitir Kristín Björnsdóttir í síma 550 1000 milli kl. 8 og 16 virka daga eða með tölvupósti kristinb@hbgrandi.is
- Umsóknir skal senda á póstfangið starf@hbgrandi.is

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Hlutverk starfsfólks spannar alla virðiskeðjuna, þ.e. veiðar, vinnslu, sölu og dreifingu á afurðum félagsins. HB Grandi leggur áherslu á að innan fyrirtækisins starfi hæft og traust starfsfólk sem af fagmennsku og ábyrgð tryggir sjálfbæra nýtingu og hagkvæmni í umgengni við auðlindina.

HB Grandi er traustur vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsmönnum er annað um vellíðan og heilbrigði samstarfsfólks síns.

HB Grandi er jafnréttissinnaður vinnustaður þar sem leitast er við að fá jafnt karla og konur til starfa í hinum ólíku starfahópum vinnustaðarinnar.

Umsóknarfrestur er til **29. maí 2015**

Ert þú aðstoðar veitingastjóri Pítunnar?

Ef ekki, athugaðu hvort eitthvað af eftirfarandi eigi við þig og hvort þú viljir bætast í flottan hóp.

- 24 ára eða eldri
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg

Við bjóðum upp á 62% starf í kvöld- og helgarvinnu sem hentar mjög vel ef þú ert ekki í fullu námi

Umsóknareyðublöð eru á: <http://umsokn.foodco.is>
Nánari upplýsingar veitir Herwig (atvinna@pitan.is)

pítan
SKIPHOLTI 50c SÍMI 562 9090



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Starfsnemar	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Afríka	201505/548
Starfsmaður	ÁTVR, Vínbúðin	Reykjavík	201505/547
Verslunarstjóri	ÁTVR, Vínbúðin	Reykjavík	201505/546
Aðstoðarverslunarstjóri	ÁTVR, Vínbúðin	Reykjavík	201505/545
Launafulltrúi	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201505/544
Aðstoðarlæknir í lyflækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/543
Skjalastjóri	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201505/542
Sérfræðingur	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201505/541
Gestaprófessor í norðurslóðafri.	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201505/540
Tryggingafulltrúi	Tryggingastofnun	Reykjavík	201505/539
Hjúkrunarfræðingur	LSH, ónæmisfræðideild	Reykjavík	201505/538
Embætti skólameistara	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Reykjavík	201505/537
Embætti skólameistara	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Grundarfjörður	201505/536
Hjúkrunarfræðingur bráðamóttöku	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/535
Deildarlæknir geðlækninga	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/534
Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi	LSH, sérhæfð endurhæfingargeðdeild	Reykjavík	201505/533
Hjúkrunarfræðingar	LSH, öldrunardeild	Garðabær	201505/532
Hjúkrunarfræðingar	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/531
Forstöðulæknir geðlækninga	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/530
Lögregluvarðstjóri	Lögreglan á Suðurlandi	Höfn	201505/529
Matráður	Fiskistofa	Hafnarfjörður	201505/528
Lektor í lyfjagerðarfræði	HÍ, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201505/527
Framhaldsskólakennari	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201505/526
Sjúkraliði við heimahjúkrun	Heilsugæslan Sólvangi	Hafnarfjörður	201505/525
Sérfræðingar á efnahagssviði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201505/524
Lögfræðingur	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201505/523
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201505/522
Afgreiðslumaður	Vegagerðin	Reykjavík	201505/521
